FRÉTTABLAÐIÐ
287. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 5. DESEMBER 2018



Vetur konungur ræður ríkjum á Norðurlandi. Snjódýptarmet var slegið á Akureyri og frostið fór í tæpar 20 gráður á Torfum í Eyjafirði. Mikilvægt er því að klæða sig vel líkt og þessi Akureyringur gerði þegar hann arkaði Brekkugötuna í fannferginu í gær. Verktakar á vegum bæjarins eru önnum kafnir við að halda helstu leiðum opnum FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá snjónum á Akureyri er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Miðflokkurinn næði ekki manni inn

Ný könnun Zenter fyrir Fréttablaðið og frettabladid.is sýnir Miðflokkinn með minna en fimm prósent og engan þingmann. Könnunin er gerð eftir umfjöllun um Klaustursupptökurnar. Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn mælast með næstum því jafnmikið fylgi.

**STJÓRNMÁL** Miðflokkurinn félli af þingi samkvæmt nýrri könnun sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið og frettabladid.is. Ekki er marktækur munur á fylgi Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar.

Samkvæmt könnuninni, sem var gerð í gær og í fyrradag, mælist fylgi Miðflokksins 4,3 prósent. Ekki náðist í Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann Miðflokksins.

**Fylgi þriggja flokka**




Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 21,4 prósent og næst kemur Samfylkingin næst með 20,8 prósent. Fyrrnefndi flokkurinn tapar um fjórum prósentustigum frá kosningum en sá síðarnefndi bætir við sig tæpum níu.

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, gleðst yfir tölunum. „En ég er auðvitað meðvitaður um það að þetta er könnun og hún er gerð á sérkennilegum tíma,“ segir hann.

„Þetta endurspeglar væntanlega afstöðu fólks til þessa máls sem hefur komið fram að undanförnu," segir Logi um gengi Miðflokksins.

„Það eru engin stórtíðindi í því fyrir mig,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, um fylgi síns flokks .

„Það var alveg við því að búast að það yrðu einhver merki um fyrstu viðbrögð í könnun sem er gerð ofan í þá umræðu sem verið og það kemur mér í sjálfu sér ekki á óvart,“ segir Bjarni um útkomu Miðflokksins.

Séu niðurstöður könnunarinnar nýttar til að útdeila þingsætum fengju Sjálfstæðisflokkur og Samfylking fimmtán menn hvor flokkur. Píratar tíu, Vinstri græn átta og Viðreisn og Framsókn sex menn hvor flokkur. Flokkur fólksins fengi þrjá. **– jóe, dfb, gar /** **sjá síðu 4**

## Bláa lónið metið á 50 milljarða

**VIÐSKIPTI** Bláa lónið er verðmetið á um 50 milljarða króna í því samkomulagi sem Kólfur, félag í meirihlutaeigu Gríms Sæmundsen, forstjóra Bláa lónsins, gerði nýlega við framtakssjóðinn Horn II um kaup á nærri 20 prósenta óbeinum hlut sjóðsins í ferðaþjónustufyrirtækinu.

Miðað við kauptilboð Kólfs er Bláa lónið metið á talsvert hærra verði en þegar Blackstone ætlaði að kaupa 30 prósenta hlut í fyrirtækinu sumarið 2017.

Stærstu hluthafar Horns II, sem eru einkum íslenskir lífeyrissjóðir, hafa kauprétt á sama gengi sem undir var í viðskiptunum til loka janúar. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur mikill meirihluti þeirra í hyggju að nýta sér kaupréttinn og þannig vera áfram óbeinir hluthafar í Bláa lóninu. **– hae /** **sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ole Anton Bieltvedt fjallar um stystu leið í evru. 9

**SPORT** Stefnan sett á að halda Evrópumótaröðina á Íslandi. 10

**TÍMAMÓT** Tímaritið Sumarhúsið og garðurinn kemur líka út á aðventunni. 12

**LÍFIÐ** Stundum næst fólk við að gera skammarlega hluti og þá stendur það á krossgötum. 22



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MARKAÐURINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015













# Akureyringar eru í vetrarríki

Akureyringar og nærsveitungar hafa ekki farið varhluta af fannfergi síðustu daga. Verktakar á vegum bæjarins hafa í nógu að snúast við að halda helstu leiðum opnum. Ekkert útlit er fyrir að tíðin breytist í bráð enda frost í spánum eins langt og þær ná.







## Veður




Heldur vaxandi austanátt, 5-13 síðdegis og 13-18 syðst. Él á SA-landi og snjókoma á Austfjörðum síðdegis, annars þurrt að kalla. Talsvert frost norðan heiða, en dregur úr frosti S-lands. SJÁ SÍÐU 14




**Marriott í Kína.** NORDICPHOTOS/AFP

# Röng viðbrögð við gagnastuldi

**TÆKNI** Viðbrögð Marriott-hótelsamsteypunnar við stuldi á upplýsingum um 500 milljón hótelgesti eru ekki bara ófullnægjandi heldur hættuleg. Þetta kom fram í frétt Techcrunch í gær. Hundruð milljóna eru talin kunna hafa lent í því að bankaupplýsingum, jafnvel kortanúmerum, hafi verið stolið.

Marriott sendi gestum, sem urðu fyrir stuldinum tölvupóst. Hann kom hins vegar frá einkennilegu léni, email-marriott.com, sem er í vörslu samsteypunnar en skilar ekki niðurstöðu sé það slegið inn í vafra.

Aðstandendur netöryggisfyrirtækisins Rendition Infosec keyptu lénið email-marriot.com til þess að benda á að óprúttnir aðilar gætu nýtt sér mistök hótelsamsteypunnar. Sé þetta lén slegið inn í vafra stendur: „Þetta gæti verið netveiðasíða (e. phishing site).“ **– þea**

# Nýr dómari í máli Jóhanns

**DÓMSMÁL** Nýr dómari hefur verið skipaður yfir höfundarréttarmál Jóhanns Helgasonar í Los Angeles í stað Dolly M. Gee sem sagði sig frá málinu í fyrrakvöld.

Nýi dómarinn er André Birotte Jr. Áður var Birotte saksóknari í Los Angeles og rannsakaði meðal annars mál hjólreiðamannsins Lance Armstrong en lét málið niður falla. Armstrong játaði síðar að hafa neytt ólöglegra lyfja í keppni. **– gar**

# Matreitt gegn matarsóun



Matreiðslumeistarinn Gísli Matt Auðunsson með þorskvöðva sem hann ætlar að matreiða í dag. Þá mun Gísli ásamt Umhverfisstofnun, Lofti hosteli og Vakandi efna til matarveislu sem ætlað er að vekja athygli á matarsóun. Drykkir og veitingar úr lítt nýttum matvælum verða í boði. „Sá póll sem við ætlum að taka í hæðina er að búa til dýrindis mat úr vannýttu hráefni sem er litið eða jafnvel ekkert notað,“ segir Gísli Matt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tækifæri í aukinni ábyrgð

**STJÓRNMÁL** Ísland hefur verið kosið til þess að gegna varaformennsku í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Fastafulltrúi Íslands, Harald Aspelund, mun því stýra starfi ráðsins á næsta ári með forseta þess. Þetta kom fram í tilkynningu sem birt var á vef stjórnarráðsins í gær.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið í júlí, þegar ljóst var að Ísland fengi sæti í ráðinu, að Íslendingar myndu tala fyrir umbótum á starfsemi ráðsins og leggja áherslu á jafnréttismál og málefni hinsegin fólks.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins nú segir Guðlaugur: „Ísland og fjölmörg önnur ríki hafa kallað eftir endurbótum á mannréttindaráðinu. Með aukinni ábyrgð gefst okkur enn frekara tækifæri til að hafa áhrif á framgang mála og leggja okkar af mörkum til að auka skilvirkni ráðsins.“ **– þea**

# Gamli hafnargarðurinn orðinn veggklæðning

**Grjóti sem fjarlægt var með ærnum tilkostnaði úr gömlu höfninni í Reykjavík verður gert hátt undir höfði í nýbyggingu við Hafnartorg. Eldri hafnargarðurinn skorinn í veggflísar. Friðlýsti hafnargarðurinn verður til sýnis í bílakjallaranum.**

**FRAMKVÆMDIR** Minning hafnargarðanna, sem grafnir voru upp og fjarlægðir stein fyrir stein við Hafnartorg fyrir nokkrum árum, verður heiðruð í byggingunum sem þar hafa nú risið. Samkomulag náðist milli framkvæmdaaðila og Minjastofnunar um að gera minjunum þar hátt undir höfði.



**Grjót úr eldri hafnargarðinum öðlast nýtt líf sem veggklæðning í anddyri Kalkofnsvegar 2, einnar nýbyggingarinnar við Hafnartorg.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í því felst meðal annars að grjóti úr eldri garðinum hefur verið breytt í veggflísar sem nú er verið að klæða anddyri einnar byggingarinnar við Hafnartorg með. Yngri garðurinn, sem friðlýstur var að undirlagi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, þáverandi forsætisráðherra, verður sýnilegur í bílakjallara hússins.

Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG verks sem reisir húsin við Hafnartorg, segir þetta nokkuð snjalla lausn.

„Þetta er hluti af hönnun hússins og lausninni varðandi garðinn sem unnin var í samvinnu við Minjastofnun,“ segir Þorvaldur.

Mikið fár varð í kringum uppgröftinn í gömlu höfninni. Tafir urðu á framkvæmdum, Sigmundur Davíð þurfti að segja sig frá ákvörðun um friðlýsingu og svo fór að Sigrún Magnúsdóttir tók ákvörðunina um friðlýsingu. Grjótið úr hafnargarðinum var svo fjarlægt stein fyrir stein, merkt og mælt í bak og fyrir en kostnaður við það nam hálfum milljarði.



**Friðlýsti hafnargarðurinn mun njóta sín í bílakjallara.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Agnes Stefánsdóttir, sviðsstjóri hjá Minjastofnun, bendir á að um tvo hafnargarða hafi verið að ræða. Annars vegar var það stóri hafnargarðurinn sem lá þvert yfir lóðina sem mesta fjargviðrið varð út af og var friðlýstur sérstaklega. Og síðan eldri hafnargarður, sem var innar, einnig kallaður bólverk sem heimildir eru til um frá 1881. Sá er aldursfriðaður. Bólverkið var vel varðveitt undir landfyllingu, grjóthleðslan er öll úr tilhöggnu grjóti, ólíkt yngri hafnargarðinum.

Grjót úr eldri hafnargarðinum hefur nú verið sagað í flísar og notað sem veggklæðning í anddyri Kalkofnsvegar 2 á Hafnartorgi, þar sem skrifstofur Fréttablaðsins eru til húsa og glöggur blaðamaður bar kennsl á grjótið.

„Samkomulagið var að sá garður yrði ekki settur aftur upp á sinn stað heldur nýttur í svona vegg. Þannig að minningin um hann yrði varðveitt í húsinu,“ segir Agnes.

Samþykkt var að hinn garðurinn sem friðlýstur var yrði tekinn niður, í stað þess að byggja hann upp og gera bílakjallarann ónothæfan.

„Það verða steinar úr honum settir í gólfið og einhver hluti af honum hlaðinn upp þar sem því verður komið við.“ **mikael@frettabladid.is**


Yljaðu ástvinum með Heliosa hitara í vetur



30% afláttur í desember

Allir hitararnir eru farstýrðir.

Koma með 5m langri snúru og kló.

Margar gerðir til á lager 1300 til 3000 w. Hvítir og svartir.

WATERPROOF

Finndu okkur á facebook

30 ÁRA 2018 Flísabúðin

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Opið til 21:00**
alla daga til jóla
í Skútuvogi

# JÓLADAGUR
## HÚSASMIÐJUNNAR OG BLÓMAVALS

## Mörg þúsund vörur á afslætti aðeins í dag

# 25% afsláttur

Allar seríur • Jólaskraut • Lifandi jólatré • Gervijólatré • Jólaljós • Gjafavörur • Allar vörur í Blómavali
Málning og málningarverkfæri • Philips ljós* • Búsáhöld • Hreinsiefni • Bökunarvörur • Rafmagnsverkfæri
• Handverkfæri • Raftæki • Verkfærakassar • Glös og matarstell • Fatnaður
Gæludýravörur... og margt fleira!



**LADY litaráðgjöf**
Maja Ben velur réttu litina kl. 17-21 í Skútuvogi

**Lifandi tónlist í Jólalandinu**
Kaleb spilar jólalögin kl. 17-21 í Skútuvogi

**Heitt kakó og piparkökur**
Kakó og pipakökur í jólatrjáaskóginum í Skútuvogi

**Dagskrá í Skútuvogi í dag**
Jólalandið verður á sínum stað í Blómavali



**Jólahlaðborð Aðeins 1.990kr.**
Börn yngri en 12 ára **1.190 kr.**
í Skútuvogi
kl. 17-20



**Happy Hour**
Bjór, hvítt og rautt í Kaffi garði kl. 17-20 í Skútuvogi, meðan birgðir endast

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

* Gildir ekki af Philips Hue og sérpöntunum

# Umboðsmaður kominn með nóg af starfshópum og nefndum

**FANGELSISMÁL** „Mér finnst alvarlegt að það taki mörg ár að bregðast við svona alvarlegum vanda og mun inna heilbrigðisráðherra eftir því hverju þetta sæti,“ segir Halldóra Mogensen, formaður velferðarnefndar Alþingis, um samskipti heilbrigðisráðuneytisins og Umboðsmanns Alþingis um aðgerðir vegna stöðu geðheilbrigðismála í fangelsum landsins.

Umboðsmaður hefur beðið viðbragða stjórnvalda við alvarlegri stöðu þeirra mála í tæp sex ár og átt í ítrekuðum bréfaskiptum við ráðuneyti bæði dóms- og heilbrigðismála vegna þess. Af samskiptunum má sjá að umboðsmaður er búinn að fá nóg af skipunum í nefndir og starfshópa sem litlu sem engu hafa skilað.

> Mér finnst alvarlegt að það taki mörg ár að bregðast við svona alvarlegum vanda.
>
> Halldóra Mogensen, formaður velferðarnefndar Alþingis

Í erindi dómsmálaráðuneytisins til umboðsmanns í október síðastliðnum er þeirri afstöðu lýst að mannréttindi geðsjúkra fanga séu ekki fyllilega tryggð og ráðuneytið telji brýnt tilefni til að endurskoða fyrirkomulag geðheilbrigðisþjónustu á Litla-Hrauni sem og í fangelsum landsins almennt. Víðtækt samráð þurfi að hafa í þeim efnum við velferðarráðuneytið og fangelsismálayfirvöld.

Í erindi til heilbrigðisráðherra frá 11. október óskaði umboðsmaður eftir viðbrögðum við afstöðu dómsmálaráðuneytisins. Í erindinu kvað umboðsmaður nokkuð fast að orði um aðgerðaleysi ráðuneytanna þrátt fyrir alvarlega stöðu sem varðað geti ákvæði stjórnarskrár um bann við pyndingum og ómannúðlegri meðferð. Forsætisráðherra fékk afrit af bréfinu.

Í svari heilbrigðisráðuneytis sem barst í síðustu viku er vikið að samningagerð vegna heilbrigðisþjónustu á Hólmsheiði sem gera eigi ráð fyrir auknu og öruggu aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu. Sameiginlegt mat heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og geðsviðs Landspítala sé að geðdeildin veiti þjónustu á Hólmsheiði sem samsvari 10 prósent stöðu geðlæknis og 10 prósent stöðu geðhjúkrunarfræðings. Í svarinu segir að gert sé ráð fyrir að samningur vegna Hólmsheiðar verði í framhaldinu notaður sem fyrirmynd að heilbrigðisþjónustu í öðrum fangelsum landsins.

Þá er í svari ráðuneytisins, vísað til starfshóps sem skipaður verði um endurskoðun samnings frá 1997 milli ráðuneytisins og Fangelsismálastofnunar um heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum.

Umboðsmaður bíður nú viðbragða Fangelsismálastofnunar og dómsmálaráðuneytis við útspili heilbrigðisráðuneytisins. **– aá**



**Af þingi í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þungt á Alþingi

**ALÞINGI** Klaustursupptökurnar setja svip á störf Alþingis. Þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við segja stemninguna jafnvel þrúgandi.

„Þau vantreysta okkur alveg jafn mikið og þau skynja það að við vantreystum þeim. Þannig að þetta er alveg tvöfalt vandræðalegt,“ segir einn þingmaður

„Við erum að reyna vinna úr þessu og það er ekkert skrýtið að það muni taka einhverja daga,“ segir annar þingmaður. Enn sé mjög þungt í fólki.

Í umræðum á þingi í gær sagði Guðmundur Ingi Kristinsson, Flokki fólksins, að þetta segði allt um þá sem voru á Klaustri en ekkert um þá sem fjallað var um þar.

Helga Vala Helgadóttir úr Samfylkingu spurði hvort umræddir þingmenn gætu sinnt starfi sínu. Ekkert þeirra sem tóku þátt í að svívirða Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, gæti til að mynda beint fyrirspurn til hennar. **– sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Tveir flokkar tróna á toppnum

**Ný könnun Zenter fyrir Fréttablaðið og frettabladid.is sýnir Miðflokkinn með 4,3 prósenta fylgi og er gerð eftir að Klaustursmálið komst í hámæli. Einnig gerð eftir að tveir þingmanna Miðflokksins fóru í leyfi og tveir voru reknir úr Flokki fólksins, sem stendur svo gott sem í stað í fylgi.**

**STJÓRNMÁL** Samfylking og Sjálfstæðisflokkur mælast með um 21 prósents fylgi í nýrri könnun Zenter rannsókna fyrir Fréttablaðið og frettabladid.is. Miðflokkurinn mælist með 4,3 prósent og næði samkvæmt því ekki manni á þing.

Könnunin var framkvæmd 3.-4. desember, það er eftir að upp komst um fyllirísraus fjögurra þingmanna Miðflokks og tveggja úr Flokki fólksins. Þá er hún sömuleiðis gerð eftir að Flokkur fólksins rak þingmennina tvo úr flokknum og tveir þingmanna Miðflokksins fóru í ótímabundið leyfi frá störfum.

Samkvæmt könnuninni mælist fylgi Miðflokksins 4,3 prósent eða rúmlega þriðjungur kjörfylgis hans. Fylgi við flokkinn mælist 1,5 prósentustigum hærra á landsbyggðinni. Sé miðað við efri vikmörk mælingarinnar myndi flokkurinn fá jöfnunarþingmenn en nær hvergi kjördæmakjörnum þingmanni.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 21,4 prósent og kemur Samfylkingin næst með 20,8 prósent. Sá fyrrnefndi tapar um fjórum prósentustigum frá kosningum en sá síðarnefndi bætir við sig tæpum níu. Píratar mælast þriðji stærsti flokkur landsins með 14,4 prósent og bæta við sig fimm prósentustigum.



**Frá þingi eftir að fjallað var um upptökur af Klaustri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Úrslit kosninga 2017




### Fylgi flokka nú




Stutt er í Vinstri græn með 12,7 prósent en flokkurinn fékk tæp sautján í kosningunum. Viðreisn mælist með 9,1 prósent en fékk 6,7 í kosningum og Framsóknarflokkur mælist með 8,5 prósent, fékk 10,7 prósent í kosningunum. Flokkur fólksins mælist svo með 5,7 prósent, fékk 6,9 í kosningunum 2017. Þrjú prósent segja að þau myndu kjósa aðra flokka en þá sem eiga sæti á þingi.

Séu niðurstöður könnunarinnar nýttar til að útdeila þingsætum fengju Sjálfstæðisflokkur og Samfylking fimmtán menn hvor flokkur.

### Aðferðafræði

Könnunin var send á 2.300 einstaklinga úr könnunarhópi Zenter. Spurt var annars vegar „hvaða flokk myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag?“ og hins vegar „hvaða flokk væri líklegast að þú myndir kjósa?“ Svarhlutfall var 55 prósent en um þriðjungur tók ekki afstöðu til spurningarinnar. Gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu.

**90,9**

**prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðu að sexmenningarnir á Klaustri ættu að segja af sér.**

Píratar fengju tíu, Vinstri græn átta og Viðreisn og Framsókn sex menn hvor flokkur. Flokkur fólksins væri síðastur inn með þrjá.

Einnig var spurt um hvort sexmenningarnir af Klaustri ættu að segja af sér þingmennsku. Alls svöruðu játandi 90,9 prósent þeirra sem afstöðu tóku. 9,1 prósent sagði nei.

Sé horft til afstöðu svarenda eftir því hvaða flokk þeir sögðust ætla að kjósa má sjá að heilt yfir svaraði mikill meirihluti stuðningsmanna allra flokka utan Miðflokksins játandi. Einungis þrettán prósent þeirra sem sögðust styðja Miðflokkinn vilja að sexmenningarnir segi af sér. Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins komust næst því að vera á sama máli en þeirra á meðal voru þó ekki nema 23,7 prósent sem svöruðu neitandi. **johannoli@frettabladid.is, thorgnyr@frettabladid.is**




★★★★

„... hið smáa speglar hið stóra og guðdóminn er víða að finna.“

EINAR FALUR INGÓLFSSON
MORGUNBLAÐIÐ

Ísak Harðarson hefur gefið út sína elleftu ljóðabók eftir langt hlé – hún er persónuleg og full af tæru myndmáli

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–17 | www.forlagid.is


Snjallar gjafir
fyrir jólaglögga
Skoðaðu úrvalið í vefverslun okkar eða komdu í heimsókn í verslanir Símans.
Þú getur meira um jólin með Símanum
DJI Tello dróni 19.990 kr.
Cutty Clock vekjaraklukka 4.990 kr.
Þráðlaus hleðsla – fíll 3.990 kr.
Dansandi hátalari 3.490 kr.
Tile Mate 4.990 kr.
Polaroid vasaprentari 19.990 kr.
siminn.is/jol
Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Gildir meðan birgðir endast.



Karlmennirnir sjö úr hópi þeirra níu sem eru í fangelsi. NORDICPHOTOS/AFP

## Katalónskir aðskilnaðarsinnar í hungurverkfalli í fangelsi

**SPÁNN** Joaquim Forn og Josep Rull, fyrrverandi ráðherrar katalónsku héraðsstjórnarinnar, tilkynntu í gær um að þeir tækju nú þátt í hungurverkfalli sem aðgerðasinninn Jordi Sánchez og fyrrverandi ráðherrann Jordi Turull boðuðu á laugardag. Katalónski miðillinn El Nacional greindi frá þessu í gær.

Fjórmenningarnir eru allir vistaðir í Lledoners-fangelsinu og hafa ýmist verið ákærðir fyrir uppreisn gegn spænska ríkinu eða uppreisnaráróður í tengslum við gjörðir þeirra í kringum sjálfstæðisatkvæðagreiðslu og -yfirlýsingu síðasta hausts.

Þeir halda allir fram sakleysi sínu, kveðast pólitískir fangar. Þótt langt sé liðið frá ákæru hefur engum þeirra, né neinu hinna fimm sem hafa verið fangelsuð, verið gert að mæta fyrir dóm.

„Ég hef ákveðið að taka þátt í hungurverkfallinu. Þetta er þaulhugsuð ákvörðun. Þegar stjórnvöld reyna að láta þig afplána áður en réttað er yfir þér, þegar þú hefur enga aðra möguleika til að berjast gegn þessu megna óréttlæti, þá verðurðu að grípa til ráða sem þessara,“ tístu bæði Forn og Rull.

Fjórmenningarnir bera það einkum fyrir sig að stjórnlagadómstóll hafi ítrekað frestað því að taka mál þeirra fyrir. Það komi í veg fyrir að ákærðu geti snúið sér til Mannréttindadómstóls Evrópu. Á vefsíðu tileinkaðri hungurverkfallinu, vagadefam.cat, mátti í gær sjá að á þriðja hundrað þúsunda höfðu lýst yfir stuðningi við verkfallið. **– þea**




# Pósturinn hóf samruna í trássi við samkomulag

**Samruni Íslandspósts og dótturfélagsins ePósts var langt á veg kominn þegar eftirlitsnefnd um framkvæmd sáttar fyrirtækisins við Samkeppniseftirlitið var tilkynnt um hann. Lán Póstsins til ePósts hefur enn ekki verið látið bera vexti.**

**SAMKEPPNI** Íslandspóstur (ÍSP) ákvað að sameina rekstur dótturfélagsins ePósts og móðurfélagsins án þess að leita fyrst álits eftirlitsnefndar um framkvæmd sáttar milli ÍSP og Samkeppniseftirlitsins (SKE). Vinna við sameininguna hófst án þess að samþykki SKE lægi fyrir. Þetta kemur fram í gögnum sem eftirlitsnefndin afhenti Félagi atvinnurekenda (FA).

ePóstur var stofnaður í nóvember 2012 en starfsemi fyrirtækisins fólst í þróun og vinnslu á sviði rafrænna samskipta- og dreifingarlausna. Rekstur fyrirtækisins hefur alla tíð verið basl en það lenti undir í samkeppni við Greiðsluveituna, kerfi sem gerir þátttakendum kleift að birta ýmis gögn í netbanka, og vefinn Ísland.is. Síðarnefndi aðilinn er, líkt og ePóstur, alfarið í eigu ríkisins.

Frá stofnun hefur rekstur félagsins gengið illa. Skömmu eftir stofnun lánaði ÍSP félaginu 247 milljónir og aðrar 55 milljónir árið 2013. Tap hefur verið á rekstri félagsins frá stofnun ef undan er skilið árið í fyrra en þá nýtti það sér frádráttarbært skattatap. Alls nemur tap þess rúmlega 200 milljónum króna og var eigið fé neikvætt um 198 milljónir í fyrra.

Í febrúar í fyrra gerðu ÍSP og SKE sátt með það að marki að bæta samkeppnisaðstæður á póstmarkaði. Í sáttinni viðurkenndi ÍSP engin brot og var ekki gerð sekt. Þriggja manna eftirlitsnefnd var skipuð til að fylgja sáttinni eftir.

Meðal þess sem fólst í sáttinni var að ákveðin starfsemi skyldi rekin í dótturfélögum og að lán til dótturfélaga skyldu bera markaðsvexti. Vextir á láni ÍSP til ePósts hafa verið nær engir. Hefðu þeir verið reiknaðir í samræmi við sáttina væri skuld ePósts við ÍSP í kringum 460 milljónir króna.

Enn fremur segir í sáttinni að ef sú staða kemur upp að starfsemi dótturfélags hafi ekki lengur samkeppnislega þýðingu geti ÍSP óskað eftir áliti eftirlitsnefndarinnar á því að færa rekstur þess inn í móðurfélagið. Samþykki SKE fyrir slíkri sameiningu verði að liggja fyrir. Skjöl sem ÍSP sendi eftirlitsnefndinni bera hins vegar með sér að þessum ákvæðum hafi ekki verið fylgt.

Í svari Ingimundar Sigurpálssonar, forstjóra ÍSP, til eftirlitsnefndarinnar segir að ákvörðun um að sameina ePóst og ÍSP hafi legið fyrir árið 2017. Ljóst er að sú ákvörðun hefur þá verið tekin á síðari hluta ársins því sagt var frá því í Markaðnum 18. október 2017 að engin ákvörðun hefði verið tekin.

Umrætt svarbréf er dagsett 23. október 2018 og segir þar að sameiningin sé langt á veg komin. Því hafi „[ekki þótt] efni til að byrja á því ári að reikna vexti á viðskiptastöðu félaganna“.



Íslandspóstur átti að reka tiltekna þætti í dótturfélögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Svör Ingimundar Sigurpálssonar, forstjóra Íslandspósts, koma ekki heim og saman við bréf Helgu Sigríðar Böðvarsdóttur, framkvæmdastjóra fjármálasviðs fyrirtækisins, til eftirlitsnefndar um sátt við Samkeppniseftirlitið.**

Í svarinu kemur einnig fram að ePóstur bókaði síðast tekjur frá öðrum aðila en ÍSP í júní 2017. Upphæð þeirra var 8.905 krónur.

Svör Ingimundar koma ekki heim og saman við bréf Helgu Sigríðar Böðvarsdóttur, framkvæmdastjóra fjármálasviðs ÍSP, til eftirlitsnefndarinnar en það bréf var sent rúmri viku fyrr. Í bréfinu er óskað eftir afstöðu eftirlitsnefndarinnar til sameiningarinnar en á því stigi var hún langt á veg komin. Þar segir að ákvörðun um sameininguna hafi verið tekin á stjórnarfundi ÍSP 25. júní 2018. Hvorki er getið um það í bréfi Ingimundar né Helgu hví ÍSP dró það í minnst fjóra mánuði að tilkynna eftirlitsnefndinni um fyrirhugaðan samruna líkt og kveðið er á um í sáttinni við SKE.

**joli@frettabladid.is**

# Skíðasvæðin á Norðurlandi að opna og snjóframleiðsluvélarnar keyrðar á fullu

**AKUREYRI** Langvinnu sumarfríi skíðaiðkanda er lokið eftir gríðarlega snjókomu síðustu daga á Norðurlandi. Skíðasvæðið í Böggvisstaðafjalli við Dalvík var opnað í dag og stefnt er að opnun í Hlíðarfjalli á laugardagsmorgun.

Snjóframleiðsluvélarnar eru keyrðar á fullum afköstum til að gera aðstæður sem allra bestar á Akureyri fyrir komandi helgi en byssurnar framleiða um 630 þúsund rúmmetra af snjó á hverri klukkustund. Kjöraðstæður fyrir vélarnar eru um 10 stiga frost og því ættu aðstæðurnar að verða mjög góðar um næstu helgi

Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls, segir mikilvægt að framleiða snjó til að bæta í þann náttúrulega snjó sem fyrir er á svæðinu. „Nú er bara verið að standsetja allt og gera allt klárt. Það er líka kominn kippur í árskortasöluna hjá okkur. Margir bíða eftir opnuninni,“ segir Guðmundur Karl.

Ekki var útlitið ákjósanlegt fyrir skíðaiðkendur fyrir viku því þá var afar lítið af snjó á Norðurlandi eftir góða tíð í nóvember. Nú hins vegar kætast áhugamenn um þessar vetraríþróttir allsnarlega.

„Byssurnar hjá okkur eru að afkasta nú um 633 þúsund rúmmetrum á klukkutíma. Þær hafa margsannað gildi sitt og lengja tímabilið okkar töluvert,“ segir Guðmundur Karl. **– sa**



Hjólin eru farin snúast aftur í Hlíðarfjalli. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Takk allir sjálfboðaliðar

**Í dag þann 5. desember er dagur sjálfboðaliðans og af því tilefni vill Rauði krossinn á Íslandi þakka öllum 3.143 sjálfboðaliðum sínum fyrir óeigingjarnt starf í þágu mannúðar.**

Starf Rauða krossins byggist á sjálfboðavinnu og myndar þannig útbreiddustu og fjölmennustu mannúðarhreyfingu heims. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu berskjaldaðra hópa og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi.

Á Íslandi miðast starf Rauða krossins að því að bæta og efla íslenskt samfélag og bregðast við á neyðarstundu.

Rauði krossinn á Íslandi gæti ekki sinnt verkefnum sínum án sjálfboðaliða.

raudikrossinn.is

# Dubbaður upp



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Lágkúrulegu fyllirísrausi sex þingmanna sem tekið var upp á barnum Klaustri hefur nú verið vísað í kerfisfarveg í þinginu. Siðanefnd ætlar sér að afgreiða erindið fljótt. Ekki er ljóst hverju það bætir við það sem almenningur veit nú þegar, sem hefur heyrt eða lesið um samtölin og situr eftir með óbragð í munni, en einhverra aðgerða er þörf til að gera starfsandann á þinginu bærilegri. Þó ekki sé nema að búa til ferla ef sambærilegt mál skyldi koma upp síðar.

Viðfangsefnið er flókið. Vitaskuld áttu samtöl um pólitísk hrossakaup og kvenfyrirlitningu erindi við almenning, þótt það sé erfitt til þess að hugsa að menn geti átt von á því að samtöl þeirra séu tekin upp án þeirra vitundar.

En upptökur af þessu tagi eru hluti af breyttum heimi og sennilega munum við sjá fleiri slíkar á næstunni líkt og við þekkjum frá útlöndum. Það breytir ekki því, að fyrir vikið eiga margir nú um sárt að binda, einkum þær konur sem lentu í skotlínu byssukjaftanna á Klaustri.

Subbutalið á barnum er fyrst og síðast fátæklegt. Það hefur minnst að gera með þá sem urðu fyrir barðinu á þingmönnunum. Tal af þessu tagi afhjúpar minnimáttarkennd þeirra sem hafa orðið.

Utanríkisráðherrann fyrrverandi, Gunnar Bragi Sveinsson, gekk lengst, ásamt Bergþóri Ólasyni. Gunnar Bragi var í ráðherratíð sinni dubbaður upp í hlutverk sem boðberi jafnréttis – sérstakur talsmaður átaka á borð við Barber Shop og #HeForShe. Hlutverk sem virðist með engu móti eiga skírskotun í hans eigin hugarheimi. Hann virðist hafa verið strengjabrúða embættismanna sem lögðu honum í hendur texta sem hann annaðhvort skildi ekki eða hafnaði, þrátt fyrir leikþættina.

> Gunnar Bragi var í ráðherratíð sinni dubbaður upp í hlutverk sem boðberi jafnréttis – sérstakur talsmaður átaka á borð við Barber Shop og #HeForShe. Hlutverk sem virðist með engu móti eiga skírskotun í hans eigin hugarheimi.

Krafa um afsögn þessa fólks heyrist nú víða, meðal annars á þinginu. Sumir þingmenn ganga of langt í þeim efnum og reyna að upphefja sjálfa sig á kostnað þeirra þingmanna sem höfðu sig mest í frammi á Klaustri. Það er ódýrt, þrátt fyrir særindin. Aðrir eru eðlilega sárir og hissa á kollegum sínum. Það eru sennilega heilbrigðari viðbrögð. Gamla sagan, úlfur, úlfur, á það til að drepa alvöru málum á dreif. Kröfur um afsögn hljóma þessi misserin eins og síbylja. Stundum eru tilefni, líkt og raunin er nú, en oftar engin.

Auðvitað hlýtur sexmenningunum að líða illa með gjörðir sínar og orðfæri. Án efa er þetta fólk sem vill láta gott af sér leiða og telur sig eiga erindi í stjórnmál. Því varð á. Ábyrgðin er þess.

Hins vegar rekur enginn þingmann úr starfi, þvert á það sem sumir virðast halda, nema kjósendur á fjögurra ára fresti. Sjálfir geta þingmennirnir þó hugsað sér til hreyfings. Þar þurfa þeir að svara eigin samvisku.






## Halldór




## Frá degi til dags

**Almannatengja?**

**Gulum og rauðum spjöldum hefur rignt yfir drykkjuboltaliðið FC Klaustur í framlengingu. Þó má ganga að því gefnu að syndaselirnir njóti leiðsagnar almannatengla þannig að annað hvort eru ráðgjafarnir þeir arfaslakir eða bullurnar geta ekki tekið leiðsögn. Þegar skálduð ferilskrá einu konunnar í hópnum varð að bitbeini hljóp hún í felur og beið þess að forseti Alþingis skærist í leikinn frekar en að lýsa sig strax saklausa af svindlinu. Ákaflega vont „PR“ að leyfa málinu að sjóða upp úr frekar en að gefa boltann strax á starfslið Alþingis sem gerði víst sjálfsmark. Er ekki tími til kominn að tengja, eins og danshljómsveit formanns Samfylkingarinnar spurði forðum?**

**Æruleysisbænin**

**SÁÁ klúbburinn ætlar í vikunni að takast á við ævafornu spurninguna um hvort öl sé innri maður. Tilefnið er augljóst og verði niðurstaða málfundarins jákvæð er ljóst að FC Klaustur situr uppi með lyndisfalleinkunn. SÁÁ getur þó gefið þeim von með því að það er til lausn. Hin sígilda Æðruleysisbæn hlýtur þó að þurfa að víkja fyrir Æruleysisbæninni í þessum bráðatilfellum: Gavöööð – gef mér kæruleysi/til að sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt/kjark til að breyta því sem ég get breytt/og vit til að halda stundum kjafti.**

thorarinn@frettabladid.is

# Alþjóðlegur dagur sjálfboðaliða



Silja Bára Ómarsdóttir
stjórnarmaður í Rauða krossinum

Í dag, 5. desember, er haldið upp á alþjóðlegan dag sjálfboðaliða. Þú vissir þetta kannski ekki, því störf sjálfboðaliða komast ekkert sérstaklega oft í fréttirnar. Engu að síður eru þetta störf sem gjörbreyta samfélaginu að svo mörgu leyti. Sjálfboðaliðar starfa í þágu ýmissa félaga og samtaka, að góðgerðarmálum, íþróttum, tómstundum og mannúðarstarfi. Það er á þessu síðasta sviði sem nærri 4.000 manns starfa á vegum rúmlega 40 deilda Rauða kross Íslands víðs vegar um landið en hugmyndin um sjálfboðið starf er ein af sjö grundvallarhugsjónum Rauða krossins á alþjóðavísu.

Sjálfboðaliðar eru á öllum aldri, fólk í námi, starfi og á eftirlaunaaldri. Fólk hefur ólíkar ástæður til að vinna störf í sjálfboðavinnu, en íslenskar rannsóknir sýna að það er fyrst og fremst að vilja leggja eitthvað af mörkum til samfélagsins, vinna að verðugu málefni og hjálpa þeim sem minna mega sín.

Á meðal verkefnanna eru nokkur sem eru vel þekkt, eins og Frú Ragnheiður og Konukot. Önnur eru ekki jafn þekkt en engu minna mikilvæg. Sjálfboðaliðar vinna með umsækjendum um alþjóðlega vernd, kenna nýjum íbúum landsins íslensku og hjálpa þeim að skilja samfélagið. Í kvennadeildum er prjónað á ungabörn og margir flokka og selja föt sem annars færu í ruslið. Fólk og hundar á vegum Rauða krossins heimsækja eldri borgara og sporna gegn félagslegri einangrun. Börn fá aðstoð við heimanám. Fólk sem hefur nýlokið afplánun refsivistar fær aðstoð við að byggja upp sjálfstraust, færni og ferilskrár.

> Án allra þeirra sem leggja sitt af mörkum til samfélagsins í gegnum verkefni RKÍ væri íslenskt samfélag veikara og fátækara.

Verkefnin taka mið af þörfum hvers samfélags en þess utan hefur Rauði krossinn lögbundið hlutverk í neyðarvörnum og útvegar sjálfboðaliða til að veita fjöldahjálp og félagslega aðstoð í kjölfar neyðarástands. Án allra þeirra sem leggja sitt af mörkum til samfélagsins í gegnum verkefni RKÍ væri íslenskt samfélag veikara og fátækara. Líttu í kringum þig í dag og þakkaðu þeim sem þetta gera.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Heimsókn í höfuðstöðvar ESB í Brussel



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Í nýlegri Gallup-skoðanakönnun kom í ljós, að skýr meirihluti Íslendinga, 56%, er hlynntur upptöku evru, en smám saman skilja æ fleiri, hvílíkt svikatól krónan er.

Nýjasta dæmið um vandræðin, sem krónan veldur, er hörð tilvistarbarátta WOW, en þegar það blessaða félag fór í sitt fyrsta flug, í maí 2012, fékk það 162 krónur fyrir evru – ef seldur var farmiði fyrir 1.000 evrur, fengu WOW-menn 162.000 krónur – en í júní í fyrra var svo komið, að WOW fékk ekki nema 110.000 krónur fyrir 1.000-evru-farmiðann.

Auðvitað gildir það sama um öll önnur fyrirtæki, ekki sízt í sjávarútvegi, sem eru mikið með tekjur í erlendri mynt en verulegan hluta gjalda í krónum.

Meirihluti manna sér nú loks í gegnum blekkingarvef þeirra íhalds- og sérhagsmunaafla, sem halda því fram, að krónan sé fín – að hún hafi komið okkur út úr hruninu – þó að þeir viti fullvel, að það var krónan, sem kom okkur í hrunið.

Eftir hrun krónunnar 2008 og þær hörmungar, sem það olli, samþykkti Alþingi 2009, að við skyldum sækja um aðild að ESB, bæði til að við gætum fengið evruna og eins farið að hafa áhrif í Evrópu, en í gegnum EES-samninginn og Schengen-samkomulagið erum við 80-90% í ESB, en án evru og áhrifa.

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hóf samninga við ESB sumarið 2010. 2013 voru þeir vel á veg komnir, en til allrar ógæfu náðu þá íhalds- og popúlistaöfl landsins meirihluta, undir stjórn Sigmundar Davíðs og hans manna. Einn þeirra, sem Sigmundur reyndar gerði að utanríkisráðherra, var Gunnar nokkur Bragi, sem nokkuð hefur verið í fréttum, þó ekki beint fyrir mikla eða góða dómgreind.

Þessi – nú í síðasta ljósi nokkuð vafasami mannskapur – reyndi að fá Alþingi til að samþykkja, að ESB-aðildarumsóknin yrði dregin til baka, en ekki var meirihluti fyrir því á Alþingi. Ritaði þá téður Gunnar Bragi bréf til forsvarsmanna ESB, þann 12. marz 2015 – eitthvert það furðulegasta og ruglingslegasta bréf, sem undirritaður hefur séð – og átti tilgangur þess að vera, að slíta aðildarviðræðum.

En, hvernig máttu þessir – ekki Bakkabræður, heldur barbræður – gera slíkt, gegn vilja Alþingis!? Við erum nú að kanna, hvort nokkur formlegur eða lagalegur grundvöllur sé fyrir þessum furðuskrifum.

Mér finnst undarlegt, að ekkert skuli hafa gerzt í ESB og evru-málum síðan þá. Sérstaklega með tilliti til þess, að meirihluti landsmanna vill evruna. Ég vildi því kanna málið beint í Brussel.

Íhaldsmenn tala oft um skrifstofubáknið í Brussel og búrókratana þar. Á þetta bákn allt að vera óhreyfanlegt og standa kolfast.

**Mitt mat er, ef þeir, sem nú vilja evru, meirihluti landsmanna, eru reiðubúnir til að taka skrefið til fulls, með fullri inngöngu, úr 80-90% í 100%, þá gæti krónan verið komin með styrk evru, í gegnum ERM2, á þremur árum frá framhaldi aðildarviðræðna.**

Þetta, eins og margt annað hjá popúlistunum, reyndist rangt. Seint í október hafði ég samband við sendiherra ESB á Íslandi, Michael Mann, frjálslegan og vingjarnlegan mann, og kom hann á fundi með fulltrúum fjögurra deilda ESB – þriggja á efnahags- og evrusviði og eins á stækkunarsviði – fyrir mig. Hitti ég þetta fólk í höfuðstöðvum ESB, byggingu Karls mikla, 20. nóvember sl.

Ekki kom þetta fólk úr sendisveinaliði ESB, og er mér til efs, að aðrar alþjóðlegar valdastofnanir hefðu sýnt slíkan sveigjanleika og slíka velvild gagnvart einstaklingi, en auðvitað beindist hún fyrst og fremst að Íslandi og Íslendingum.

Evru-mál í Svartfjallalandi, Kósóvó, Vatíkaninu, Mónakó, Andorra og San Marínó voru rædd í þaula, og kom í ljós, að þessi sex ríki höfðu fengið evruna á sögulegum grunni: Svartfjallaland og Kósóvó höfðu haft þýzka markið fyrir, Vatíkanið hafði líru og smáríkin hin franska frankann. Ríkin sex fengu því evruna, þegar Þýzkaland, Ítalía og Frakkland tóku upp evruna.



Engin smuga fyrir upptöku evru á Íslandi, án fullrar aðildar, fannst því við fyrstu skoðun. Ég spurði því um stytztu leið í evru, ef Íslendingar myndu ljúka inngönguviðræðum.

Kom þá svar og leið, sem ég hafði ekki áttað mig: Eftir inngöngu, myndi taka þrjú ár að fá evru, en, eftir eitt ár, mætti tengja krónuna við evru, með ERM2 mekanísmanum, sem myndi tryggja gengi krónunnar á þann hátt, að hún gæti ekki sveiflast nema um 2,25%, upp eða niður.

Danir nýta sér einmitt ERM2 mekanísmann, en danska krónan nýtur með honum fulls styrks evru, og njóta Danir lágvaxta evrunnar, án þess að hafa tekið hana upp.

Oft heyrast raddir um það, að innganga í ESB og upptaka evru sé alltof langt ferli. 5 til 10 ár. Mitt mat er, ef þeir, sem nú vilja evru, meirihluti landsmanna, eru reiðubúnir til að taka skrefið til fulls, með fullri inngöngu, úr 80-90% í 100%, þá gæti krónan verið komin með styrk evru, í gegnum ERM2, á þremur árum frá framhaldi aðildarviðræðna.

Full innganga þýddi, að semja yrði um landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál. Malta, sem var í svipuðum sporum og við – var mjög háð sínum fiskveiðum – hélt fullum yfirráðum yfir fiskveiðilögsögu sinni við inngöngu, og tók ESB tillit til sérstöðu landbúnaðar í Finnlandi og Svíþjóð, vegna „norrænnar legu“, við inngöngu þeirra. Má reikna með sama sveigjanleika fyrir okkur.

Og, ef af inngöngu yrði, fengjum við okkar eigin kommissar í Brussel og sex þingmenn á Evrópuþingið; við gætum loks látið rödd okkar heyrast, á réttan hátt og á réttum stöðum, í Evrópu!




**Skiptu yfir í vistvæna orku strax í dag!**

**Volkswagen e-Golf** kemur þér á áfangastað á rafmagninu einu saman. Þú nýtir hreina innlenda orku, tekur aldrei eldsneyti, ert laus við olíuskipti og upplifir magnaðan akstur. Gríptu tækifærið núna og stökktu inn í framtíðina með Volkswagen e-Golf – 100% rafmagnsbíl.

Verð frá
**4.490.000 kr.**

**Við látum framtíðina rætast.**

Til afhendingar strax!

Volkswagen

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Eru mjög áhugasöm um að bæta Íslandi við mótaröðina

**Forráðamenn Evrópumótaraðarinnar komust ekki til Íslands til að taka út aðstæður en til stendur að funda með Golfsambandi Íslands á nýju ári. Forseti GSÍ segir að stefnan sé enn að halda mót af slíkri stærðargráðu á Íslandi.**




Skagamærin Valdís Þóra jafnaði besta árangur sinn og þann besta sem íslenskur kylfingur hefur náð á Evrópumótaröðinni þegar hún hafnaði í 3. sæti í Bonville í Ástralíu í byrjun þessa árs. LET/TRISTAN JONES

**GOLF** Ekkert varð úr fundi Golfsambands Íslands með mótanefnd Evrópumótaraðarinnar í kvennaflokki sem átti að fara fram í haust en það stendur enn til að nefndin komi til Íslands. Fresta þurfti fundinum en báðir aðilar hafa enn áhuga á að hér fari fram mót á Evrópumótaröðinni, næststerkustu mótaröð heims, á næstu árum.

Valdís Þóra Jónsdóttir, atvinnukylfingur úr Golfklúbbnum Leyni, hefur keppt á Evrópumótaröðinni undanfarin tvö ár með góðum árangri og er með fullan þátttökurétt á næsta ári. Hún er þriðji íslenski kylfingurinn sem hefur öðlast þátttökurétt á þessari mótaröð á eftir Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur, GR, og Ólöfu Maríu Jónsdóttur úr Keili.

Þá mun Guðrún Brá Björgvinsdóttir, atvinnukylfingur úr Golfklúbbnum Leyni, reyna að komast inn á mótaröðina á lokaúrtökumótinu í Marokkó í næstu viku. Guðrún Brá keppti á þessu ári á Áskorendamótaröð Evrópu, næststerkustu mótaröð Evrópu.

Viðræður um að mót yrði haldið hér á landi hófust á síðasta ári. Ljóst er að huga þarf að ýmsu áður en slíkt mót yrði haldið hér á landi en Haukur Örn Birgisson, forseti Golfsambands Íslands, ræddi við forráðamann mótanefndar Evrópumótaraðarinnar á ársþingi evrópska golfsambandsins á dögunum.

„Við hittumst, ég og framkvæmdastjóri mótanefndar Evrópumótaraðarinnar, á Möltu á ársþingi evrópska golfsambandsins. Þetta var ekki formlegur fundur en við settumst niður og ræddum þessi mál. Ég bauð þau velkomin hingað til lands til að taka þetta á formlegra stig viðræðna. Þau ætluðu að koma undir lok sumars eða í haust en komust því miður ekki.“

> **Ég bauð mótanefndina velkomna til Íslands til að taka viðræðurnar á formlegt stig.**
>
> Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ



Haukur segist finna fyrir miklum áhuga frá mótaröðinni enda fóru átta mót af fimmtán á nýafstöðnu tímabili fram utan Evrópu.

„Þau eru alltaf að leita að nýjum löndum til að halda mót í og kylfingarnir okkar eins og Valdís Þóra hafa vakið mikla athygli. Vandamál þeirra er að mótaröðin fer að stórum hluta fram utan Evrópu sem reynist kylfingum erfitt. Það er dýrt fyrir evrópska kylfinga. Þeir eru því að leita að fleiri löndum til að halda mótin í og það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að við höldum mót,“ sagði Haukur og bætti við: „Ef við erum tilbúin að halda slíkt mót þá verður mót hérna. Ég tel það nokkuð víst að málið myndi ekki stranda á þeim.“

Stærsta hindrunin verður að finna fjárfesta sem eru tilbúnir að leggja til peninga en Haukur segir að slíkar umræður fari ekki af stað fyrr en búið verður að taka ákvörðun.

„Þetta er verkefni sem þyrfti helst tveggja, þriggja ára fyrirvara. Það er enginn búinn að hafa samband og lýsa yfir áhuga enda erum við ekkert beint að leita þessa dagana. Þetta er ekki komið á það stig en stærsti þröskuldurinn verður að finna samstarfsaðila,“ sagði Haukur.

„Það kostar talsverða peninga að halda slíkt mót og það eru ekki mörg íslensk fyrirtæki sem eru af þeirri stærðargráðu að ráða við þetta. Auglýsingagildið er að stórum hluta á alþjóðlegum markaði sem útilokar mörg fyrirtæki en þetta gæti auðveldlega tengst almennri landkynningu fyrir Ísland.“

kristinnpall@frettabladid.is

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

**West Ham - Cardiff 3-1**
1-0 Lucas Perez (49.), 2-0 Lucas Perez (54.), 3-0 Michail Antonio (61.), 3-1 Josh Murphy (90.). Aron Einar Gunnarsson spilaði allan leikinn inni á miðsvæðinu fyrir Cardiff City.

**Watford - Man. City 1-2**
0-1 Leroy Sané (40.), 0-2 Riyad Mahrez (51.), 1-2 Abdoulaye Doucoure (85.).

**B’mouth - Huddersfield 2-1**
1-0 Callum Wilson (5.), 2-0 Ryan Fraser (22.), 2-1 Terence Kongolo (38.).

**Brighton - Crystal Palace 3-1**
1-0 Glenn Murray (vítaspyrna) (24.), 2-0 Leon Balogun (31.), 3-0 Florin Andone (45.), 3-1 Luka Milivojevic (vítaspyrna) (81.).

## Patrekur gæti tekið við Skjern næsta sumar

**HANDBOLTI** Skjern sem er ríkjandi Danmerkurmeistari í handbolta karla, en situr nú í áttunda sæti dönsku efstu deildarinnar með 14 stig eftir jafn margar umferðir er í þjálfaraleit þessa stundina.

Ole Nørgaard og Henrik Kronborg sem halda um stjórnartaumana hjá liðinu hafa gefið það út að þeir muni láta af störfum með liðið í sumar og er leit að eftirmönnum þeirra hafin.

Danski fjölmiðillinn TV2Sport segir að forráðamenn félagsins hafi sett sig í samband við Patrek Jóhannesson, þjálfara karlaliðs Selfoss og austurríska karlalandsliðsins, með það fyrir augum að fá hann til þess að taka við danska liðinu.

Tandri Már Konráðsson hefur leikið með Skjern undanfarin ár og varð danskur meistari með liðinu síðastliðið vor. Björgvin Páll Gústavsson landsliðsmarkvörður leikur einnig með dönsku liðinu, en hann gekk til liðs við félagið frá Haukum síðasta sumar. **– hó**



Nilfisk

NILFISK
GÓLFÞVOTTAVÉLAR
LÉTTA STÖRFIN

SC351
Vörunr. 112623

BR 752
Vörun. 113403

SC500
Vörunr. 113282



Pantanir í síma 515 1100 og pontun@olis.is

Nilfisk gólfþvottavélarnar fást í mörgum stærðum og útfærslum sem henta smáum jafnt sem stórum fyrirtækjum. Sölufulltrúar okkar veita ráðleggingar um þá stærð og tegund sem hentar hverju sinni.

Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.

olís
REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

PIPAR\TBWA • SÍA



Sead Kolasinac hlustar á leiðbeiningar Unai Emery, knattspyrnustjóra Arsenal, á æfingu liðsins. Liðið býr sig undir leik gegn Man.United. NORDICPHOTOS/GETTY

# Manchester United með þétt tak á Arsenal

**FÓTBOLTI** Arsenal heimsækir Manchester United á Old Trafford í 15. umferð ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla í kvöld. Arsenal hefur ekki sótt gull í greipar Manchester United á Old Trafford síðan árið 2006, en liðinu hefur ekki tekist að sækja sigur á þann völl í síðustu ellefu deildarleikjum liðanna. Átta af þessum ellefu leikjum hafa endað með sigri Manchester United og þrisvar sinnum hafa liðin gert jafntefli.

Arsenal tókst reyndar að slá Manchester United út úr ensku bikarkeppninni árið 2015 með sigri þegar liðin mættust á Old Trafford í átta liða úrslitum keppninnar. Þetta verður í fyrsta skipti síðan árið 1986 sem hvorki Sir Alex Ferguson né Arsene Wenger verða á hliðarlínunni, en annar þeirra eða báðir hafa verið í brúnni í síðustu 86 leikjum liðanna í öllum keppnum.

Nú er José Mourinho við stjórnvölinn hjá Manchester United og þarf nauðsynlega á sigri að halda til þess að bæta fyrir svekkjandi jafntefli gegn Southampton í síðustu umferð deildarinnar. Unai Emery hefur komið með ferska vinda á Emirates síðan hann tók við stjórnartaumunum þar af Wenger í sumar. Lærisveinar hans mæta til leiks í kvöld með mikið sjálfstraust eftir sigur á nágrannanum og erkifjandanum Tottenham Hotspur um helgina.

Manchester United hefur ekki tekist að sigra í síðustu þremur deildarleikjum sínum, en það er í fyrsta skipti í um það bil ár sem slíkt gerist. Liðinu hefur hins vegar gengið ágætlega á heimavelli, en eina tap Manchester United þar er 3-0 tap liðsins fyrir Tottenham. Fyrir umferðina hefur Manchester United fengið á sig 23 mörk í deildinni, en ekkert lið fyrir utan fimm neðstu lið deildarinnar hefur fengið fleiri mörk á sig.

Jóhann Berg Guðmundsson og samherjar hans hjá Burnley, sem eru í harðri fallbaráttu, fá Liverpool sem er í eltingaleik við Manchester City við topp deildarinnar í heimsókn á Turf Moor.

Gylfi Þór Sigurðsson og liðsfélagar hans hjá Everton sem þurfa á sigri að halda í baráttunni um sæti í Evrópudeildinni á næstu leiktíð etja kappi við Newcastle United. – **hó**





BLAÐBERAR OKKAR KUNNA BEST AÐ META ÞÁ SEM MOKA STÉTTIRNAR OG HAFA ÚTILJÓSIN KVEIKT Á VETURNA

Póstdreifing
við komum því til skila
www.postdreifing.is



FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
5. DESEMBER 2018 MIÐVIKUDAGUR

## Merkisatburðir

**1929** Mjólkurbú Flóamanna stofnað.

**1932** Lyfjafræðingafélag Íslands stofnað.

**1932** Þýskættaði eðlisfræðingurinn Albert Einstein fær bandaríska vegabréfsáritun.

**1945** Sveit fimm sprengjuflugvéla á vegum bandaríska flotans týnist í Bermúda-þríhyrningnum.

**1957** Sukarno Indónesíuforseti vísar öllum hollenskum ríkisborgurum, 326.000 að tölu, úr landi.

**1968** Jarðskjálfti af stærðinni 6 stig finnst í Reykjavík og var hann sá snarpasti frá 1929.

**1973** Vegna olíukreppunnar ákveður stjórnin í Noregi að banna alla bílaumferð um helgar.

**1978** Aðildarlönd Evrópubandalagsins, nema Bretland, samþykkja evrópska myntkerfið.



†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**Brynju Tryggvadóttur**
píanókennara, Teigagerði 9.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sunnuhlíðar í Kópavogi fyrir hlýja og góða umönnun.

**Egill Sveinsson**
**Sveinn Yngvi Egilsson** **Ragnheiður I. Bjarnadóttir**
**Tryggvi Þórir Egilsson** **Ásta S. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sigríður Oddný Jansen**
Sandavaði 9, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 19. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jan Jansen**
**Kristín Ólöf Jansen** **Kristján Jónsson**
**Aksel Jansen** **Sandra Margrét Sigurjónsdóttir**
**og barnabörn.**



†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haukur Björn Björnsson**
áður Safamýri 75, Reykjavík,

andaðist í Brákarhlíð, Borgarnesi, sunnudaginn 2. desember. Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju, föstudaginn 7. desember kl. 13.

**Edda Björk Hauksdóttir**
**Ómar Bjarki Hauksson** **Erla Jóna Guðjónsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir afi og langafi,

**Grétar Ingvarsson**
Lönguhlíð 1f, Akureyri,

lést 30. nóvember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 7. desember kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Súlur, björgunarsveitina á Akureyri, eða Dalbjörg í Eyjafjarðarsveit.

**Freyja Jóhannesdóttir**
**Hildur Arna Grétarsdóttir**
**Guðbjörg Huld Grétarsdóttir** **Vésteinn Finnsson**
**Ingvar Birnir Grétarsson** **Þórunn Þórðardóttir**
**afa- og langafabörn.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot



**Auður Ottesen hefur, ásamt Páli Jökli Péturssyni, séð um tímaritið Sumarhúsið og garðinn í aldarfjórðung.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Garðurinn standsettur á undan baðherberginu

**Tímaritið Sumarhúsið og garðurinn hefur glatt þjóðina í 25 ár. Hjónin Auður Ottesen garðyrkjufræðingur og Páll Jökull Pétursson ljósmyndari hafa lengst af helgað því krafta sína. Nú sér Auður að mestu um útgáfuna en hún þvælir Páli þó í myndatökur.**

Auður Ottesen er á yfirreið um höfuðstaðinn með nýjasta tölublað af tímaritinu Sumarhúsið og garðurinn í farteskinu. Það er aðventublað, fullt af flottu efni, enda er það við hæfi í lok stórafmælisárs.

Auður býr á Selfossi, ásamt manni sínum, Páli Jökli Péturssyni, og kveðst hlakka til að dreifa blaðinu í búðir í uppsveitum Árnessýslu. „Það er svo notalegt, alger lúxus,“ segir hún en stillir sig alveg um að segja nokkuð neikvætt um bílakraðakið í borginni.

Þótt blaðið hennar Auðar heiti Sumarhúsið og garðurinn þá kemur það sem sagt út á öllum árstímum, fjórum sinnum á ári. „Efnið er ekki bara um sumarhús og garða, það höfðar líka til almennra húsbyggjenda, umhverfissinna, þeirra sem elska að fara úr þéttbýlinu út á land og bara njóta náttúrunnar hvar sem er í heiminum. Auk þess er handavinna og föndur. Þetta er lífsstílsblað,“ útskýrir Auður og getur þess einnig að þrettán bækur hafi komið út á vegum blaðsins.

Sumarhúsið og garðurinn er bæði selt í lausasölu og áskrift. „Ég er með á þriðja þúsund áskrifendur núna, það varð smá kreppudans eftir hrunið, en tryggðin er til staðar hjá fólki og því þykir vænt um blaðið. Ef okkur verður á, sem er orðið sjaldgæfara en áður því ég er með svo góðan prófarkalesara, þá er bara hringt í mig og ég beðin að fara rétt með málshættina okkar og íslenskuna yfirleitt. Pólitísk mál hafa líka farið fyrir brjóstið á fólki, til dæmis þegar skrifað var vinalega um refi og um hvali sem sýningardýr. Þá fengum við uppsagnir frá fólki sem vildi ekki sjá svona í blaðinu sínu. Við eigum þetta blað sko ekki ein.“

> Ef okkur verður á, sem er orðið sjaldgæfara en áður því ég er með svo góðan prófarkalesara, þá er bara hringt í mig og ég beðin að fara rétt með málshættina okkar og íslenskuna yfirleitt.

Auður rekur upphaf útgáfunnar til Þórarins Leifssonar rithöfundar sem byrjaði 1993 að gefa út dreifiblað í dagblaðsformi undir þessu heiti. Það kom út í tvö sumur með greinum og auglýsingum. Þá keypti Páll blaðið og fékk annan mann til liðs við sig. „Svo kynntist Palli þessari garðyrkjustelpu úr Hveragerði og ég kom inn í útgáfuna með honum 1997, þá breyttum við forminu og skelltum því svo í áskrift árið 2000,“ lýsir hún og heldur áfram. „En nú er Palli dálítið hlaupinn frá verkinu, var svo útsjónarsamur að koma blaðinu yfir á mig og stofna sjálfur ferðaþjónustufyrirtæki. Umbrotið er farið annað en ég píni hann aðeins í að taka myndir.“

Á Selfossi keyptu Auður og Páll stórt hús með stórum garði fyrir sjö árum. Auður rifjar upp að þótt húsið þyrfti mikilla lagfæringa við, enda búið að glíma við jarðskjálfta, þá hafi áherslan strax verið á garðinn. „Það fyrsta sem fór niður var kirsuberjatré. Garðurinn var standsettur á undan baðherberginu.“ Fóruð þið bara bak við tréð og gerðuð þarfir ykkar, spyr ég og úr verður mikill hlátur. „Já, svona erum við vistvæn,“ svarar Auður. Húsið var svolítið opið sár til að byrja með en við byrjuðum strax að halda sumarhátíðir þar og í garðinum fyrir áskrifendur og aðra vini okkar og þar hafa verið að mæta 500 til 1.000 manns. Svo er ég með opið hús einu sinni á vorin og nota garðinn fyrir sýningar og námskeið á ýmsum árstímum.“

Auður er iðandi af áhuga og uppfull af hugmyndum fyrir blaðið. Nú er hún nýkomin frá Kína með þúsundir mynda. „Það er mikilvægt að vera alltaf með eitthvað sem fólk hefur ekki kynnst áður og reyna sífellt að toppa sig.“ Hún kveðst aldeilis ekki vera ein með blaðið. „Við höfum alltaf haft penna nema aðeins kringum kreppuna, þá rifuðum við seglin. Snæfríður Ingadóttir hefur skrifað heilmikið. Mér finnst ég vera með landsliðið í kringum mig, til dæmis í umbroti. Ég er með þjóðfræðing, sérfræðing í ylrækt, landslagsarkitekt, flott fagfólk og góða penna úr ýmsum áttum. Efnið er svo víðfeðmt. Ef ég er með of mikið um sumarhús, fæ ég að heyra það – og öfugt. Ég má ekkert hvað sem er!“

gun@frettabladid.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 5. desember 2018

45. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL






# Sjá fram á betri tíma eftir mögur ár

Rekstur Cintamani hefur verið erfiður síðustu tvö ár. Dagný Guðmundsdóttir tók aftur við starfi framkvæmdastjóra fataframleiðandans í september og réðst um leið í umfangsmiklar breytingar. Hún segir að strax sé orðinn töluverður viðsnúningur í rekstrinum. Hlutafé Cintamani var aukið um 300 milljónir króna. » 8-9



»2

## Bláa lónið metið á um 50 milljarða króna

Samkomulag um kaup á nærri 20 prósenta óbeinum hlut framtakssjóðs í meirihlutaeigu lífeyrissjóða í Bláa lóninu verðmetur fyrirtækið á um 50 milljarða. Umalsvert hærra verð en tilboð Blackstone í fyrra.

»4

## Icelandair væntir 25 milljarða innspýtingar

Forstjóri Icelandair segir unnið að fjármögnun flugvéla og fyrirframgreiðslna sem gæti skilað sér í auknu lausafé upp á meira en 24 milljarða. Félagið hafi nægjanlegt bolmagn til þess að standa undir fyrirframgreiðslu til skuldabréfaeigenda.

»14

## 227 milljarða útflutningurinn sem þú vissir ekki af

„Með öflugri og breiðari útflutningi minnka líka sveiflur efnahagslífsins, sem auðveldar okkur hagfræðingum og öllum öðrum að spá fyrir um framtíðina,“ segir Konráð Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs.



# Festi segir upp 36 manns í tengslum við samruna

Festi hefur sagt upp 36 starfsmönnum í 30 stöðugildum í tengslum við samruna N1 og Krónunnar og fleiri félaga. Flestir þeirra störfuðu í höfuðstöðvum félagsins í stoðdeildum. Um er að ræða hluta af hagræðingaraðgerðum sem fylgja samrunanum. Þetta segir Eggert Þór Kristófersson, forstjóri fyrirtækisins, í samtali við Markaðinn.

Í október tók Festi upp nýtt skipulag í kjölfar samruna fyrrnefndra félaga. Á meðal starfa sem var ofaukið við samrunann var eitt stöðugildi forstjóra og annað stöðugildi fjármálastjóra. Auk þess var fækkað um tíu stöðugildi á fjármálasviði. Enn fremur var hagrætt í mannauðsdeild og tölvurekstri. „Við höfum ekki fækkað fólki í verslunum eða á bensínstöðvum heldur í stoðeiningum,“ segir Eggert Þór.

Hann segir að uppsagnirnar tengist ekki aðstæðum í efnahagslífinu. Staða efnahagsmála sé nokkuð góð ef kjarasamningar sem nást verði skynsamlegir. Þó að hagvöxtur síðustu ára muni ekki halda áfram geri hann ekki ráð fyrir samdrætti.

Eggert vekur hins vegar athygli á að laun hafi hækkað hratt á undangengnum árum, við þær aðstæður þurfi að grípa til hagræðingaraðgerða eins og uppsagna sem séu sársaukafullar fyrir alla sem komi að málum. Festi hafi til að mynda tekið róbóta í sína þjónustu á fjármálasviðinu sem sinni ýmsum afstemmingum og lesi reikninga.

Hann vekur athygli á að Webergrill kosti það sama í Elko, sem er í eigu Festar, og á Weber.com um þessar mundir. En erlendi keppinauturinn glími ekki við jafn miklar launahækkanir og íslenska verslunin. Það sé erfitt að hækka verðlag í takt við launahækkanir enda hafi matarkarfan, kaup á raftækjum og eldsneyti farið minnkandi sem hlutfall af launum.

N1 keypti hlutafé Festar á ríflega 23,7 milljarðar króna en nettó vaxtaberandi skuldir Festar voru um 14,3 milljarðar við lok síðasta rekstrarárs. Í tilkynningu til Kauphallarinnar hefur verið upplýst að gert ráð sé fyrir að samlegðaráhrif af kaupum, sem Samkeppniseftirlitið samþykkti gegn skilyrðum, verði á bilinu 500 til 600 milljónir og muni koma fram á næstu tólf til 18 mánuðum.

Á meðal einkafjárfesta í Festi er Helgafell, sem stýrt er af Jóni Sigurðssyni, með tvö prósent hlut og Brekka Retail, sem leitt er af Þórði Má Jóhannssyni, með 1,6 prósenta hlut. Fyrir sameiningu átti Helgafell í olíufélaginu en Brekka Retail í matvörukeðjunni. Síðastliðinn mánuð hefur gengi félagsins lækkað um sjö prósent en litið aftur um tvö ár hefur ávöxtunin verið 20 prósent með arðgreiðslu í mars 2017.Úrvalsvísitalan hefur á sama tíma lækkað um tíu prósent. – **hvj**

**500**

**til 600 milljónir króna munu sparast að mati stjórnenda Festar vegna samlegðaráhrifa af samrunanum**

**Við höfum ekki fækkað fólki í verslunum eða á bensínstöðvum heldur í stoðeiningum.**

Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festar



MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5000**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






Tekjur Bláa lónsins námu 102 milljónum evra í fyrra og jukust um 25 milljónir evra frá fyrra ári.

# Bláa lónið verðlagt á 50 milljarða króna

**Samkomulag um kaup á 20 prósenta óbeinum hlut sjóðs í meirihlutaeigu lífeyrissjóða í Bláa lóninu verðmetur fyrirtækið á um 50 milljarða. Meirihluti hluthafa sagður ætla að nýta sér kauprétt og vera áfram óbeinir eigendur að Bláa lóninu.**

Bláa lónið, eitt stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins, er verðmetið á um það bil 50 milljarða króna í því samkomulagi sem eignarhaldsfélagið Kólfur, sem er í meirihlutaeigu Gríms Sæmundsen, forstjóra Bláa lónsins, gerði nýlega við framtakssjóðinn Horn II um kaup á 49,45 prósenta hlut sjóðsins í Hvatningu, samkvæmt heimildum Markaðarins. Hvatning heldur á 39,1 prósents hlut í Bláa lóninu og er því óbeinn eignarhlutur sjóðsins rúmlega 19,3 prósent.

Hermann Þórisson, framkvæmdastjóri Horns II, sem er í rekstri Landsbréfa, sagðist í samtali við Markaðinn ekkert geta tjáð sig um kaupverðið og vísaði til trúnaðar.

Með kauptilboðinu í hlut Horns II í Bláa lóninu verðmetur Kólfur ferðaþjónustufyrirtækið talsvert hærra en þegar sjóður í stýringu bandaríska fjárfestingafélagsins Blackstone hugðist kaupa 30 prósenta hlut í Bláa lóninu af HS Orku sumarið 2017. Tilboð Blackstone hljóðaði þá upp á 95 milljónir evra, jafnvirði 13,3 milljarða króna á núverandi gengi, sem jafngildir því að markaðsvirði Bláa lónsins sé rúmlega 44 milljarðar króna. Ekkert varð hins vegar af sölunni eftir að stjórn Jarðvarma, samlagshlutafélags í eigu íslenskra lífeyrissjóða sem fer með þriðjungshlut í HS Orku, ákvað að beita neitunarvaldi sínu, á grundvelli hluthafasamkomulags um minnihlutavernd, og hafna tilboði Blackstone.

Tilkynnt var um samkomulagið milli Kólfs og Horns II þann 20. nóvember síðastliðinn en samkvæmt því er hluthöfum framtakssjóðsins veittur kaupréttur á sama viðskiptagengi til loka janúar næstkomandi á þeim hlutum sem undir voru í viðskiptunum. Tilurð viðskiptanna má rekja til þess að líftími Horns II, sem var komið á fót vorið 2013, mun renna sitt skeið á næsta ári.

Samkvæmt heimildum Markaðarins mun Grímur á næstunni halda fjárfestakynningar á Bláa lóninu fyrir hluthafa Horns II. Stærstu hluthafar sjóðsins eru Lífeyrissjóður verslunarmanna og Gildi lífeyrissjóður, hvor um sig með 18,17 prósenta eignarhlut. Aðrir stórir hluthafar eru meðal annars Landsbankinn með 7,66 prósenta hlut, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda með 5,85 prósent og þá nemur eignarhlutur tryggingafélagsins VÍS 5,38 prósentum.

Líklegt er talið, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála, að mikill meirihluti hluthafa Horns II hafi í hyggju að nýta sér kaupréttinn og vera þannig áfram óbeinir hluthafar í Bláa lóninu. Það eigi hins vegar ekki við um Landsbankann sem er þriðji stærsti hluthafi Horns II. Í ársreikningi sjóðsins fyrir 2017 var hlutur Horns II í Hvatningu metinn á ríflega 8 milljarða króna en miðað við núverandi kauptilboð Kólfs þá er virði hlutarins í kringum 9,5 milljarða króna.

Vöxtur Bláa lónsins á undanförnum árum hefur verið ævintýralegur. Tekjur fyrirtækisins námu þannig rúmlega 102 milljónum evra, jafnvirði 14 milljarða króna, á síðasta ári og jukust um 25 milljónir evra á milli ára. Þá var hagnaður Bláa lónsins um 31 milljón evra á árinu 2017 og hækkaði um þriðjung frá fyrra ári. EBITDA fyrirtækisins jókst um liðlega 39 prósent í fyrra og nam rúmlega 39 milljónum evra.

Fyrir utan Hvatningu og HS Orku eru helstu hluthafar Bláa lónsins eignarhaldsfélagið Keila með 9,2 prósenta hlut en það er í meirihlutaeigu Hvatningar. Aðrir hluthafar í Keilu eru meðal annars Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi og varamaður í stjórn Bláa lónsins. Þá eiga Helgi Magnússon, stjórnarformaður Bláa lónsins, og Sigurður Arngrímsson, fjárfestir og fyrrverandi starfsmaður Morgan Stanley í London, einnig hvor um sig um 6,2 prósenta hlut í fyrirtækinu.

**hordur@frettabladid.is**

**19,3%**

**er óbeinn eignarhlutur framtakssjóðsins Horns II í Bláa lóninu.**



**Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins.**

# Eyrir keypti níu prósent í sjálfu sér

Fjárfestingafélagið Eyrir Invest, stærsti einstaki hluthafi Marels, keypti í síðustu viku tæplega níu prósenta hlut af Landsbankanum í sjálfu sér. Kaupverðið nam um 3,8 milljörðum króna.

Bankinn bauð sem kunnugt er 12,1 prósents hlut sinn í Eyri Invest til sölu í byrjun síðasta mánaðar. Frestur til að skila inn tilboðum rann út fyrir viku og tók Landsbankinn fjórum tilboðum af fimm sem bárust í 9,2 prósenta hlut. Þar af samþykkti bankinn tilboð fjárfestingafélagsins í tæpan 9,0 prósenta hlut í sjálfu sér.

Söluandvirði allra hlutabréfanna sem Landsbankinn seldi nam um 3,9 milljörðum króna en eftir söluna fer bankinn með um 12,8 prósenta hlut í Eyri Invest.

Eins og Markaðurinn hefur greint frá hóf Fjármálaeftirlitið að leggja dagsektir á Landsbankann um miðjan septembermánuð til þess að knýja á um að bankinn seldi hlut sinn í fjárfestingafélaginu. Eftirlitið hefur á undanförnum árum veitt bankanum fresti til þess að minnka hlut sinn.

Eyrir Invest fer með 27,9 prósenta hlut í Marel, langsamlega stærsta félaginu í Kauphöllinni. Til viðbótar á fjárfestingafélagið 43,4 prósenta hlut í Eyri Sprotum, sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum, og þriðjungshlut í Efni Media, sem selur vörur og þjónustu í gegnum netið og samfélagsmiðla. – **kij**



**Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris Invest.**

**3,8**

**milljarðar var kaupverð Eyris Invest á 9,0 prósenta hlut í sjálfu sér.**




Ford

*Ford tekur þig lengra*
*Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Focus*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# Væntа 25 milljarða króna innspýtingar

**Forstjóri Icelandair Group segir félagið vinna að fjármögnun flugvéla og fyrirframgreiðslna sem gæti skilað sér í auknu lausafé upp á meira en 24 milljarða króna. Félagið hafi nægjanlegt bolmagn til þess að standa undir fyrirframgreiðslu til skuldabréfaeigenda.**

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, segir ljóst að félagið hafi nægjanlegt fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir fyrirframgreiðslu til skuldabréfaeigenda í næsta mánuði. Til viðbótar við fyrirhugaða hlutafjárhækkun segir hann félagið vinna að fjármögnun flugvéla og fyrirframgreiðslna sem gæti skilað sér í auknu lausafé upp á að minnsta kosti 200 milljónir dala, jafnvirði 24,5 milljarða króna.

Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, segir ekki útilokað að flugfélagið þurfi að ráðast í aðra hlutafjáraukningu á næsta ári, þótt það sé ólíklegt. Það velti á ýmsum þáttum, til dæmis áformum félagsins á árinu og samkeppninni við WOW air.

Samkvæmt tillögum sem stjórnendur Icelandair hafa lagt fram að langtímalausn í viðræðum sínum við eigendur að 190 milljóna dala skuldabréfaflokki félagsins mun félagið fyrirframgreiða þriðjung af eftirstöðvum skuldabréfanna fyrir 15. janúar næstkomandi. Mun fyrirframgreiðslan nema 101 prósenti af höfuðstól bréfanna sem samsvarar 63 milljónum dala eða sem jafngildir tæpum 8 milljörðum króna.

Hver og einn skuldabréfaeigandi mun einnig geta krafist þess – á fyrstu tveimur vikum júlímánaðar á næsta ári – að skuldabréfin verði greidd upp að fullu á verði sem nemur 102,5 prósentum af höfuðstólnum. Ef eigendur bréfanna kjósa að nýta sér þann rétt þyrfti flugfélagið að reiða fram allt að 16 milljarða króna.

Skuldabréfaeigendurnir hafa frest til 4. janúar til þess að greiða atkvæði um tillögurnar. Þeir hafa átt í viðræðum við stjórnendur Icelandair frá því í byrjun október eftir að flugfélagið braut skilmála skuldabréfanna

Eins og samþykkt var á hluthafafundi Icelandair síðastliðinn föstudag hyggst félagið auka hlutafé sitt um allt að 625 milljónir króna að nafnvirði í tveimur útboðum, í desember og mars, í því augnamiði að styrkja fjárhagsstöðu sína. Miðað við núverandi gengi hlutabréfa í flugfélaginu yrði andvirði útboðsins um 5,1 milljarður króna.

Hlutabréfaverð Icelandair hefur fallið um rúmlega 30 prósent frá því að tilkynnt var síðastliðinn fimmtudag að fallið hefði verið frá kaupum félagsins á WOW air. Síðar sama dag var greint frá því að WOW air og bandaríska fjárfestingafélagið Indigo Partners hefðu náð bráðabirgðasamkomulagi um að Indigo myndi fjárfesta í flugfélaginu.

**Hlutafjárhækkun dugar ekki**

Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, segir í samtali við Markaðinn að ljóst sé að fyrirhuguð hlutafjáraukning Icelandair muni, ein og sér, engan veginn duga til þess að greiða upp skuldabréfalánið.

Hann bendir á að sá möguleiki sé fyrir hendi að flugfélagið endurleigi þær sex nýju flugvélar sem það fái á næsta ári með því að gera sérstakan samning um sölu og endurleigu vélanna (e. sale-and-leaseback). Með þeim hætti sé hægt að losa um töluverðar fjárhæðir í handbæru fé sem geti nýst til þess að greiða upp skuldabréfalánið.




Stjórnendur Icelandair Group hafa frá því í byrjun októbermánaðar átt í viðræðum við eigendur skuldabréfa félagsins um skilmála að baki skuldabréfaútgáfunni. Icelandair Group braut skilmálana fyrr í haust. Flugfélagið áformar að greiða upp þriðjung af eftirstöðvum bréfanna í janúar . FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Fjárhagsstaða Icelandair Group er sterk, líkt og uppgjör félagsins á þriðja ársfjórðungi 2018 ber með sér.**
>
> Bogi Nils Bogason, starfandi forstjóri Icelandair Group



**25**

**milljarða króna gæti Icelandair Group fengið í sinn hlut vegna samnings um sölu og endurleigu á nýjum flugvélum.**

„Félagið hefur fyrirframgreitt um 200 milljónir dala inn á nýju vélarnar sem er fjárhæð sem það gæti hugsanlega fengið til baka í formi handbærs fjár,“ segir Sveinn. Stjórnendur félagsins horfi hugsanlega til þessa möguleika.

Bogi Nils áréttar að fjárhagsstaða Icelandair Group sé sterk, líkt og uppgjör félagsins á þriðja fjórðungi ársins beri með sér. Handbært fé og markaðsverðbréf hafi numið 184 milljónum dala í lok fjórðungsins. Hann staðfestir jafnframt að félagið vinni að „fjármögnun flugvéla og fyrirframgreiðslna en markmiðið er að hún skili sér í auknu lausafé sem nemur að minnsta kosti 200 milljónum dala“.

**Gætu endurfjármagnað bréfin**

Til viðbótar er gert ráð fyrir því í tillögum Icelandair að félagið fái heimild til þess að greiða skuldabréfin upp á tímabilinu febrúar til loka desember á næsta ári á verði sem nemur annað hvort 101,5 eða 102 prósentum af höfuðstól, eftir því hvenær greiðslan er innt af hendi.

Bogi Nils segir að verði tillögurnar samþykktar geti félagið þar með ákveðið að greiða upp skuldabréfin að hluta eða í heild sinni. „Ekkert hefur verið ákveðið varðandi það hvort þessi heimild yrði nýtt en ljóst er að félagið mun eiga auðvelt með endurfjármagna skuldabréfin ef á þarf að halda eða ef félagið telur það álitlegt,“ nefnir Bogi Nils.

„Ég geri ráð fyrir því að félagið hafi skoðað málið vel, til dæmis hvert vænt sjóðstreymi verður á næstunni, til þess að vera nokkuð öruggt um að hlutafjáraukningin og innágreiðslurnar dugi til þess að greiða upp skuldabréfin,“ segir Sveinn. „Þó er erfitt að rýna nákvæmlega í það enda er margt óljóst á þessu stigi,“ bætir hann við.

Sveinn segir til dæmis ekki útilokað að félagið þurfi að hækka hlutaféð á nýjan leik á næsta ári, þótt það verði að teljast ólíklegt. Það velti á ýmsum þáttum, til að mynda áformum félagsins á árinu og samkeppninni við WOW air.

kristinningi@frettabladid.is

## Tillögur Icelandair Group til skuldabréfaeigenda

- Icelandair greiðir þriðjung af eftirstöðvum skuldabréfanna fyrir 15. janúar á verði sem nemur 101 prósenti af höfuðstól, samanlagt tæplega 8 milljörðum króna.
- Icelandair hefur heimild til þess að greiða upp eftirstöðvar skuldabréfsins frá 1. febrúar til 31. desember á verði sem nemur annað hvort 101,5 eða 102 prósentum af höfuðstól. Uppgreiðslan gæti numið allt að 16 milljörðum króna.
- Skuldabréfaeigendur geta krafist þess á tímabilinu 30. júní til 15. júlí að skuldabréfin verði greidd upp á verði sem nemur 102,5 prósentum af höfuðstól. Uppgreiðslan gæti mest numið 16 milljörðum króna.

> **Ég geri ráð fyrir því að félagið hafi skoðað málið vel til þess að vera nokkuð öruggt um að hlutafjáraukningin og innágreiðslurnar dugi til þess að greiða upp skuldabréfin.**
>
> Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans

# Björgvin Skúli hættur sem framkvæmdastjóri Korta

Björgvin Skúli Sigurðsson, sem var ráðinn framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar í janúar á þessu ári, hefur látið af störfum hjá færsluhirðingarfyrirtækinu. Hildur Árnadóttir, stjórnarformaður Kortaþjónustunnar, staðfestir í samtali við Markaðinn að samkomulag hafi náðst um starfslok Björgvins Skúla.

Aðspurð um ástæðuna segir Hildur að Björgvin Skúli hafi verið fenginn til að leiða fyrirtækið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu í kjölfar þess áfalls sem Kortaþjónustan varð fyrir við gjaldþrot breska flugfélagsins Monarch haustið 2017. Þeirri vinnu sé nú lokið. Leit að nýjum framkvæmdastjóra stendur yfir en Sigurhjörtur Sigfússon, fjármálastjóri Kortaþjónustunnar, gegnir tímabundið starfi framkvæmdastjóra.



Björgvin Skúli Sigurðsson.

Áður en Björgvin Skúli tók til starfa hjá Kortaþjónustunni í ársbyrjun hafði hann verið framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar á árunum 2013 til 2017. Þá vann hann um nokkurra ára skeið hjá slitastjórn bandaríska fjárfestingabankans Lehman Brothers.

Sem kunnugt er keyptu Kvika banki og hópur einkafjárfesta Kortaþjónustuna á eina krónu í fyrra og lögðu félaginu um leið til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutafé. Kortafyrirtækið stóð frammi fyrir alvarlegum lausafjárvanda í kjölfar greiðslustöðvunar Monarch Airlines en fyrirtækið var á meðal átta fyrirtækja sem sáu um færsluhirðingu fyrir flugfélagið.

Rekstrartekjur Kortaþjónustunnar námu ríflega 4,5 milljörðum á síðasta ári og nær tvöfölduðust frá fyrra ári þegar þær voru tæpir 2,3 milljarðar. Tap félagsins nam hins vegar um 1,6 milljörðum króna. – hae

**41%**

**er eignarhlutur Kviku í Kortaþjónustunni en bankinn er stærsti hluthafi færsluhirðingarfyrirtækisins.**


DÚNDURFRÉTTIR
ÁSAMT SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT OG KÓRUM
PINK FLOYD
THE WALL
40 ÁRA
ELDBORG 12. & 13. APRÍL
MIÐASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í SÍMA 528 50 50
STJÓRNANDI BERNHARÐUR WILKINSSON ÚTSETNING HARALDUR VIGNIR SVEINBJÖRNSSON
KÓRAR HLJÓMEYKI OG BARNAKÓR KÁRSNESSKÓLA LJÓSAHÖNNUN MAGNÚS HELGI KRISTJÁNSSON
HLJÓÐ HAFFI TEMPÓ

# Origo er efst í vitund eftir níu mánuði

**Nýherji, forveri Origo, náði ekki sama árangri í mælingum á undanförnum árum. „Það sýndi sig því fljótt að sú ákvörðun að breyta um nafn og skerpa fókusinn heppnaðist,“ segir Gísli Þorsteinsson, markaðsstjóri fyrirtækisins. Sá fljótt að auglýsingar í sjónvarpaði skiluðu árangri. Ferlið að taka upp nýtt nafn tók átta mánuði.**



**Gísli Þorsteinsson, markaðsstjóri Origo, segir að ný nálgun hafi verið farin í ýmsum markaðs- og söluaðgerðum í kjölfarið á að hulunni var svipt af nýju nafni fyrirtækisins. Undirbúningurinn hafi tekið hátt í átta mánuði. Fyrir sameiningu höfðu Nýherji, TM Software og Applicon sömu gildi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Origo er efst í vitund hjá almenningi þegar spurt er um upplýsingatækni, samkvæmt mælingu hjá Gallup. „Við höfðum um nokkurra ára skeið mælt Nýherja með sams konar hætti en ekki náð sama árangri. Það sýndi sig því fljótt að sú ákvörðun að breyta um nafn og skerpa fókusinn heppnaðist,“ segir Gísli Þorsteinsson, markaðsstjóri fyrirtækisins. Origo varð til við sameiningu Nýherja, TM Software og Applicon í upphafi ársins.

Hann segir að ný nálgun hafi verið farin í ýmsum markaðs- og söluaðgerðum í kjölfarið á að hulunni var svipt af nafninu. „Við lögðum til að mynda áherslu á tenginguna við upplýsingatækni og jukum verulega ásýnd okkar í ímyndarsterkum miðlum eins og í sjónvarpi í kringum kynninguna á nýja nafninu. Um leið unnum við nýja birtingastefnu fyrir félagið og lausnir þess í samvinnu við Ennemm auglýsingastofu.“

**Fólk horfir enn á sjónvarp**

„Ég hafði svona hæfilega miklar væntingar til þess að keyra auglýsingaefni í eins miklum mæli í sjónvarpi; stóð í þeirri meiningu að enginn horfði lengur á sjónvarp og allir væru bara á samfélagsmiðlum og á netinu og var ekkert sérstaklega sannfærður í upphafi. En ég sá fljótlega að þessi nálgun skilaði árangri og í raun betri tölum, þegar við skoðuðum mælingar, en ég þorði að vona.“

Gísli segir að nýju vörumerki fylgi oft nýjar og ferskar áherslur. „Við finnum fyrir miklum áhuga á fyrirtækinu en gleymum ekki rótunum og öllu því góða sem félögin þrjú bjuggu yfir. Við reyndum að taka það með okkur um leið og við vildum skapa nýjan nýjan tón og persónuleika fyrir nýtt félag,“ segir Gísli. Hann segir að þrátt fyrir að félögin þrjú, sem voru sameinuð, væru á margan hátt ólík hefðu þau unnið lengi saman. Meðal annars voru þau öll með sömu gildin; samsterk, fagdjörf og þjónustuframsýn.

„Vinnan við sameiginleg gildi var í raun fyrsta skrefið sem tekið var í nánari tengslum félaganna. Þau leggja meðal annars áherslu á að starfsfólk brjóti múrana og vinni þvert á einingar og nýti sérþekkingu á ólíkum sviðum til að skapa lausnir fyrir viðskiptavini. Um leið og aukin áhersla var lögð á nýsköpun leggja gildin aukinheldur áherslu á traust, fagmennsku, mikilvægi þjónustu og reyna að fara fram úr væntingum viðskiptavina. Gildin voru ákveðið sameiningartákn fyrir okkur öll og það auðveldaði alla vinnu við mörkunina,“ segir hann.

Fyrirtækin þrjú sem voru sameinuð voru með nokkuð ólíka fyrirtækjamenningu þótt þau væru öll skilgreind á sviði upplýsingatækni. „TM Software sérhæfði sig í stafrænum lausnum og eigin hugbúnaðargerð, Applicon lagði áherslu á viðskiptalausnir ýmiss konar og svo Nýherji sem var í raun á mörgum vígstöðvum þó að upplýsingatæknihlutinn væri sífellt stærri þáttur á þeim bænum. Nýherji var um leið langþekktasta vörumerkið og vitund um það var hátt í 100 prósent meðal fólks. Það hafði um leið mikla tenginu við IBM og vélbúnað, af sögulegum ástæðum þar sem Nýherji var áður IBM á Íslandi.

Vélbúnaður er áfram snar þáttur í starfseminni en vægi hugbúnaðar og þjónustu hefur orðið sífellt meiri þáttur hjá félögunum. Af þeim sökum var mikilvægt að nýtt félag skilgreindi sig sem alhliða upplýsingatæknifélag sem legði jafna áherslu á hugbúnað, vélbúnað, þjónustu og ráðgjöf. Nafn félagsins þurfti jafnframt að endurspegla lausnaframboð samstæðunnar,“ segir hann.

**Verkefnið þurfti að „marinerast“**

Gísli segir að ferlið hafi tekið hátt í átta mánuði þar sem leitað var til starfsfólks, viðskiptavina og sérfræðinga á sviði mörkunar. „Við fengum

> **Við lögðum til að mynda áherslu á tenginguna við upplýsingatækni og jukum verulega ásýnd okkar í ímyndarsterkum miðlum eins og í sjónvarpi í kringum kynningu á nýja nafninu.**

meðal annars Friðrik Larsen, doktor í markaðsfræðum, í lið með okkur sem reyndist okkur mjög vel og vann þétt við hlið okkar fram að því að nafnið var kynnt. Það var að mörgu að huga á þessari vegferð, bæði praktísk mál en eins má ekki gera lítið úr þeim breytingum sem fylgja nýju nafni. Sem dæmi má nefna að Nýherji var við lýði í 25 ár og margt starfsfólk hafði sterkar og jákvæðar tilfinningar til nafnsins. Af þeim sökum þurfti að vanda til verka og vinna verkefnið í góðu samráði við sem flesta hagsmunaaðila, eða láta verkefnið „marinerast“ eins og Friðrik nefndi stundum og var hárrétt hjá honum; við þurftum að gefa okkur góðan tíma.“ **helgivifill@frettabladid.is**

## Origo merkir upphaf

Orðið Origo er úr latínu og merkir uppruni, upphaf eða uppspretta. „Við mátuðum okkur við fjölda orða og nafna, einkum íslensk. Á endanum varð að Origo fyrir valinu, en þess má geta að fyrirtækið Origo var áður til í kringum TM Software. Vörumerkið á að sameina ástríðu fyrir upplýsingatækni og við viljum tengja það við árangur, hugvit, þekkingu, snjallar og öruggar lausnir, langtímasamband, traust og persónulega þjónustu.

Um leið viljum við að vörumerkið sé mannlegt, áreiðanlegt, kraftmikið, félagslynt, opið, jákvætt og lifandi viðhorf til úrlausnarefna framtíðarinnar. Staðfærslan er svo að Origo er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni, sem hjálpar framsæknum viðskiptavinum að ná samkeppnisforskoti með sérsniðnum UT-lausnum,“ segir hann.




# WuXi NextCODE fær 25 milljarða fjármögnun frá alþjóðlegum fjárfestum

Wuxi NextCODE, sem meðal annars var stofnað af Hannesi Smárasyni ásamt fleirum og er með skrifstofur á Íslandi, hefur lokið 200 milljóna dollara fjármögnun. Það jafngildir 24,5 milljörðum króna. Þetta kemur fram í erlendum fréttamiðlum.

Starfsemi WuXi NextCODE lýtur að því að nota upplýsingar um erfðamengi til þess að uppgötva virkni ákveðinna gena. Fyrirtækið varð til þegar WuXi PharmaTech keypti íslenska lyfjafyrirtækið NextCode á 8,5 milljarða króna árið 2015. Íslensk erfðagreining kom NextCode á fót til að selja sjúkdómsgreiningar til lækna og sjúkrahúsa í Bandaríkjunum.

Írski fjárfestingasjóðurinn Ireland Strategic Investment Fund leiddi ferlið og lagði til 70 milljónir dollara. Sá sjóður var stærsti hluthafi Genomics Medicine Ireland sem WuXi NextCODE keypti nýverið til að koma á fót höfuðstöðvum í Evrópu. Á meðal annarra fjárfesta í þessari lotu má nefna Temasek og Sequoia Capital sem hafa lengi verið hluthafar í fyrirtækinu. Fyrir um það bil ári sótti WuXi NextCODE 240 milljónir dollara í fjármögnun. Temasek er einnig hluthafi í Alvogen og Alvotech sem er með höfuðstöðvar í Vatnsmýrinni.

Hannes lét af störfum sem forstjóri WuXi NextCODE í mars, rúmu ári eftir að hann tók við keflinu. Hann starfar áfram sem ráðgjafi hjá fyrirtækinu. Frá því í mars hefur hann starfað sem ráðgjafi fyrir 6 Dimensions Capital sem fjárfestir í nýsköpun í heilbrigðisviði. Fyrirtækið varð til við samruna WuXi Healthcare Ventures og Frontline BioVentures. – **hvj**

> **Hannes Smárason tók þátt í að stofna WuXi NextCODE og var forstjóri fyrirtækisins þar til í mars á þessu ári. Nú sinnir hann ráðgjafarstörfum fyrir félagið.**


**Hannes Smárason.**

HP PageWide

# Ný kynslóð prentara



## Afköst

Mikil afköst
og hámarks uppitími

## Lágt blaðsíðuverð

Ódýrari litaprentun
og frábær prentgæði

## Öryggi

Varnir gegn árásum
og reglulegar uppfærslur

## Umhverfisvænir

Minni hylki, minna rusl
og margfalt minni orkunotkun
en í laserprenturum

## HP PageWide fjölnotaprentarar
## Öruggir, snjallir og afkastamiklir

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýju HP Pagewide Pro
prenturunum sem byggja á byltingarkenndri prenttækni HP.



95% minni
rekstrarvara og úrgangur
en ef um sambærilega
laserprentara væri
að ræða.

### Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin Kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

*nánar tilgreint í samningi.

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is



Dagný Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Cintamani, segir að um 25 prósent tekna fyrirtækisins megi rekja til ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI JÓHANNSSON

# Strax viðsnúningur í rekstri Cintamani

**Rekstur Cintamani hefur gengið erfiðlega undanfarin tvö ár. Félagið hefur tvívegis verið sett í söluferli en tilboðum var hafnað. Dagný Guðmundsdóttir tók því nýverið aftur við rekstri fataframleiðandans og hefur ráðist í umtalsverðar breytingar á rekstrinum.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Við erum ákaflega bjartsýn á rekstur Cintamani á nýju ári. Vörulínan er glæsileg og mikil tiltekt hefur átt sér stað í rekstrinum,“ segir Dagný Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Reksturinn hefur ekki gengið sem skyldi síðustu tvö ár. Ég var því fengin til að taka við keflinu aftur í september en ég hafði stýrt félaginu á árunum 2010 til 2013 og þekkti því vel til. Það hefur verið lögð mikil vinna í að fara ofan í saumana á öllu sem við kemur rekstrinum og finna hvað mætti betur fara. Við höfum ráðist í umfangsmiklar breytingar á undanförnum tveimur mánuðum og það er strax orðinn töluverður viðsnúningur í rekstrinum. Hluthafar Cintamani lögðu fyrirtækinu til 300 milljónir króna í aukið hlutafé og því var hægt ljúka við vörulínuna fyrir jólin og panta vörur.“

Því miður hafa erfiðleikar í rekstrinum gert það að verkum að nýju vörurnar koma ekki í verslanir fyrr en 15. desember. „Það er ansi seint, það verður að viðurkennast, en vonandi sýna viðskiptavinir okkur þolinmæði,“ segir Dagný. Nóvember og desember eru að hennar sögn stærstu mánuðir ársins í sölunni. Það skipti því miklu máli að jólasalan gangi vel.

### Skáru niður fastan kostnað

Dagný segir að á meðal umbóta sem farið var í hafi verið að skapa heildarútlit á vöruframboðið, skipulags- og ferlabreytingar, vörur séu nú pantaðar með öðrum hætti, önnur nálgun sé í markaðssetningu auk niðurskurðar. „Fáum starfsmönnum var sagt upp í niðurskurðinum. Hann laut einkum að því að skera niður fastan kostnað. Kostnaður við hönnun á það til að fara úr böndunum ef ekki er fylgst grannt með honum og er nú lögð áhersla á eftirlit með honum. Cintamani er ekki stórt fyrirtæki, á skrifstofunni vinna einungis níu starfsmenn, og því þarf að gæta þess að rekstrarkostnaður fari ekki úr böndum.“

Cintamani var rekið með 127 milljóna króna tapi í fyrra og drógust tekjur, sem námu 757 milljónum króna, saman um 20 prósent. Dagný segir að niðurstaðan í ár verði með svipuðum hætti. Tekjusamdrátinn rekur hún til vöruskorts því fyrirtækið hafi átt erfitt með að fjármagna pantanir – en eins og fram hefur komið hefur sá vandi verið leystur með auknu hlutafé – og vaxandi rekstrarkostnaður hafi átt sinn þátt í tapinu. „Það hefur einnig háð fyrirtækinu að það var sett í söluferli um síðustu jól og svo aftur nýverið en tilboði fjárfesta var hafnað. Á þeim tíma var eflaust ekki nægur fókus á rekstrinum,“ segir hún.

Kristinn Már Gunnarsson, kaupsýslumaður í Þýskalandi, gekk í hluthafahóp Cintamani árið 2009 og á nú 70 prósenta hlut á móti framtakssjóðnum Frumtaki sem keypti í félaginu árið 2013.

## Kemur úr allt öðrum bransa

„Ég kem úr allt öðrum bransa,“ segir Dagný Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Cintamani. „Ég var í sjö ár hjá Vodafone, lengst af sem forstöðumaður fyrirtækjasviðs og hef störf sem framkvæmdastjóri Cintamani árið 2010 og var til ársins 2013 þegar ég skellti mér út í ferðabransann. Sný aftur til Cintamani í september en hafði í nokkra mánuði áður starfað sem ráðgjafi fyrir félagið. Ætli það sé ekki tengingin við áhugamálin dregur mig að Cintamani. Ég er forfallinn hjólari, ákafur hundalabbari og svo hef ég verið efnileg í golfi allt of lengi.“

> **Á meðan tvær milljónir útlendinga koma til okkar erum við ekki að hugsa okkur til hreyfings.**

### Krónan kallar á spákaupmennsku

*Hefur krónan leikið ykkur grátt?*

„Það er erfitt að vera í innflutningi þegar kostnaðarverð vörunnar hækkar frá því að ákvörðunin um að framleiða hana er tekin og þangað til hún kemur í hús. Allir sem stunda viðskipti við útlönd stunda spákaupmennsku. Það er ekki eðlilegt.“

*Hvers vegna var fyrirtækið sett í söluferli í ár?*

„Það er nú einu sinni þannig að flest er til sölu fyrir rétt verð. Cintamani er þekkt vörumerki á Íslandi og margir sem bera sterkar taugar til þess. Ég held að margir sjái möguleika í fyrirtækinu.“

*Hvað getur þú sagt okkur um Cintamani?*

„Við hönnum föt fyrir fólk sem vill koma út að leika. Við erum rótgróið íslenskt fyrirtæki, stofnað 1989 og verðum 30 ára á næsta ári. Við erum með mikið úrval af almennum útivistarfatnaði, til dæmis fyrir hlaupara, hjólreiðafólk og göngugarpa. Það er allra veðra von á Íslandi og við bjóðum því jafnframt upp á flíkur fyrir þá sem vilja vera smart á leið í og úr vinnu án þess að krókna úr kulda. Við bjóðum einnig upp á vörur fyrir þá sem taka útivistina alla leið og stefna

# Fólk

MIÐVIKUDAGUR 5. DESEMBER 2018

Lífsstíll



Guðný Hafsteinsdóttir hlaut Skúlaverðlaunin 2018 sem afhent voru á Handverk og hönnun. Verðlaunin fékk hún fyrir tappa sem kallast Beware og eru ísbjarnarhöfuð úr steyptu postulíni. →4








Vöruúrvalið hefur aldrei verið meira en nú hjá Hrafnhildi. Boðið er upp á vandaðan fatnað þar sem gæðin eru í fyrirrúmi. MYND/STEFÁN

# Jólagjöfin hennar fæst hjá Hrafnhildi

Hjá Hrafnhildi býður upp á spennandi nýbreytni fyrir jólin. Konur geta komið vikurnar fyrir jól og búið til sinn eigin óskalista. Þannig fá allir eitthvað fallegt í pakkann sinn, að sögn Kristínar Fenger. →2



Unmade Copenhagen er nýtt merki sem fæst hjá Hrafnhildi.

**Framhald af forsíðu** ➜

Þegar líða fer á aðventuna býr oft um sig örlítið stress í hjörtum eiginmanna þar sem þeir keppast við að finna hina einu réttu jólagjöf fyrir betri helminginn, eitthvað sem hittir sannarlega í mark,“ segir Kristín Fenger brosandi en hún stendur jólavaktina hjá Hrafnhildi.

Fátt er betra en að fá nýja, fallega flík í pakkann en það getur verið vandmeðfarið að finna eitthvað sem endurspeglar persónulegan stíl konunnar, enda er klæðaburður hvers og eins mjög persónulegur.

„Við hjá Hrafnhildi leggjum mikinn metnað í að allir fái eitthvað fallegt í pakkann sinn og bjóðum upp á þá nýbreytni að konur geta komið til okkar og búið til sérsniðinn óskalista. Við sjáum um að skrá stærð, vörumerki eða vörunúmer, allt eftir óskum hvers og eins. Við pökkum öllum gjöfum inn í fallegar gjafaöskjur og afhendum þær tilbúnar undir jólatréð,“ upplýsir Kristín.

## Finnum hina fullkomnu jólagjöf

Kristín mælir með að eiginmenn kanni hvort það liggi fyrir óskalisti hjá Hrafnhildi. „Og ef svo er ekki, þá tökum við glaðar að okkur það verkefni að finna hina fullkomnu jólagjöf fyrir eiginkonuna. Gott er að vinna heimavinnuna tímanlega með því að kíkja í fataskápinn heima fyrir til að átta sig á réttum stærðum,“ segir Kristín.

En hver er jólagjöfin í ár? „Þýsku náttfötin okkar hafa algjörlega slegið í gegn, auk þess sem við vorum að taka inn spennandi línu af heimafatnaði úr viskós. Vandaðar kápur úr ull, kasmír og alpaka eru eitthvað sem eiginmennirnir geta verið nokkuð vissir um að muni hitta í mark. Við vorum einnig að fá í hús falleg sjöl í dásamlegum litum sem eru tilvalin í jólapakkann. Þau eru ýmist úr ull, silki, kasmír eða viskós,“ segir Kristín. „Við vorum einnig að taka inn nýtt merki, Unmade Copenhagen, sem er með fallega fylgihluti á góðu verði. Unmade Copenhagen er einnig með skemmtilegar snyrtitöskur, veski, hanska og trefla á góðu verði. Litríkir sokkar setja síðan punktinn yfir i-ið í heildarútlitinu,“ bætir hún við.



Föt fyrir öll tækifæri, hvort sem er í vinnuna eða spari, fást hjá Hrafnhildi.



Hlýjar og notalegar peysur eru með því allra vinsælasta í jólapakkann.

Þá eru peysur alltaf vinsælar til jólagjafa, enda vart hægt að hugsa sér notalegri gjöf. „Við erum sérstaklega ánægðar með peysuúrvalið í haust enda vorum við að bæta við nýjum merkjum bæði frá Þýskalandi og Hollandi. Skór hafa líka alltaf verið vinsæl gjöf fyrir jólin. Flestar konur eru veikar fyrir fallegum leðurskóm en við erum með fjölbreytt úrval af skóm, eða allt frá sparilegum hælaskóm upp í loðfóðraða vetrarskó,“ segir Kristín.



Hlýjar yfirhafnir, glæsilegar ullarkápur, vandaðir leðurskór, náttföt eða dúnmjúkar kasmírpeysur. Allt er þetta tilvalið í jólapakkann hennar og fæst í versluninni hjá Hrafnhildi. MYNDIR/STEFÁN

## Aldrei meira vöruúrval

„Eftir að verslunin Hjá Hrafnhildi var stækkuð um 300 fermetra á síðasta ári jókst vöruúrvalið til muna og hefur aldrei verið meira en nú. Í ár erum við með sérstaklega gott úrval af smávöru sem hentar í jólapakkann. Það er kjörið að kíkja á Facebook-síðuna okkar eða á Instagram til að fá hugmyndir að gjöf í jólapakkann hennar. Allra best er þó að kíkja til okkar og fá persónulega ráðgjöf í að velja hina fullkomnu gjöf,“ segir Kristín að lokum.

Hjá Hrafnhildi, Engjateigi 5, 105 Reykjavík. Sími: 581 2141. www.facebook.com/hjahrafnhildi



Skór eru alltaf vinsæl gjöf fyrir jólin. Hjá Hrafnhildi er fjölbreytt skóúrval, eða allt frá sparilegum hælaskóm upp í loðfóðraða vetrarskó.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,







Smart Boutique sérhæfir sig í leðurhönskum og skinnvörum svo sem húfum og krögum úr ref, mink og kanínu en einnig er boðið upp á stóra gervifeldarlínu sem inniheldur meðal annars húfur, kraga, töskur og vesti.

# Glæsileg leðurverslun komin heim í Kringluna

**Smart Boutique hefur byggt upp traustan hóp viðskiptavina á þeim 14 árum sem verslunin hefur verið starfrækt.**

Hjónin Katrin G. Whalley og Tómas Skúlason hafa rekið Smart Boutique í um 14 ár. Þau sérhæfa sig í leðurvörum og segjast nú vera komin heim með glæsilega verslun sína sem þau hafa verið að byggja upp jafnt og þétt frá stofnun; þau hafa flutt stórskemmtilega búð sína í Kringluna. Saga hennar er athyglisverð og ef til vill lýsandi fyrir verslunarrekstur á Íslandi.

„Lengst af vorum við að Laugavegi 46 og undum hag okkar vel. Þar tókst okkur að byggja upp traustan hóp viðskiptavina. Við færðum okkur yfir á Laugaveg 55 en misstum húsnæðið sem var lagt undir hótelrekstur, nokkuð sem margir kannast við sem hafa verið með rótgrónar verslanir í rekstri. Þær hafa mátt víkja vegna sprengingar í ferðaþjónustu,“ segja þau Katrin og Tómas sem eru samhent um reksturinn.

Við tók millibilsástand. Hjónin færðu rekstur sinn yfir í hinn hýra Hafnarfjörð og voru þar með Smart Boutique í tvö ár. Þar hugsuðu þau næsta leik og vildu líta til framtíðarhúsnæðis fyrir búðina sem þau höfðu lagt svo mikið í.

„Þegar við duttum niður á þetta frábæra rými hér í Kringlunni þá var það okkur auðvitað hvatning til að gera enn betur; auka úrval og bæta vöruflokka. Því hér ætlum við að vera til framtíðar,“ segir Katrin.



Kynningarafsáttur er af ferðatöskum þessa dagana.

## Hvergi betra úrval leðurhanska

Smart Boutique sérhæfir sig í leðurhönskum og skinnvörum svo sem húfum og krögum úr ref, mink og kanínu en einnig er boðið upp á stóra gervifeldarlínu sem inniheldur meðal annars húfur, kraga, töskur og vesti.



„Þegar við duttum niður á þetta frábæra rými hér í Kringlunni þá var það okkur auðvitað hvatning til að gera enn betur; auka úrval og bæta vöruflokka. Því hér ætlum við að vera til framtíðar,“ segir Katrin. MYND/ANTON BRINK

Smart Boutique er með í boði leðurhanska sem eru í yfir 120 litum og hátt í 400 tegundir fyrir dömur og herra og er það líklegast eitt mesta úrval sem finna má í einni búð í allri Evrópu og þó víðar væri leitað.

„Hér má fá vandaða leðurhanska frá 4.590 krónum,“ segir Tómas, sem er mikill veiðimaður og veit um hvað hann talar í þeim efnum:

„Við höfum verið að hanna okkar eigin hanskalínu og við notum meðal annars íslenskt fiskroð og hágæða lambsleður sem hefur notið mikilla vinsælda enda einstakir hanskar – algerlega „unique“ hér í Smart Boutique!“ Verslunareigandinn slær á létta strengi og bendir jafnframt á að þau hafi verið að bæta úrval leðurbelta og seðlaveskja í búðinni, bæði fyrir dömur og herra og geti boðið þau á mjög sanngjörnu verði eða frá 3.500 krónum.

## Komin heim í bestu verslunarmiðstöðina

Ekki fer á milli mála að þau hjón eru stolt af þeim vörum sem þau höndla með. Katrin segir það nýjasta í þeim efnum vera ferðatöskur.

„Mjúkar og harðar töskur og verðið er ótrúlega hagstætt: Fjórar töskur misstórar kosta 51.600 krónur. Nú er kynningarafsláttur í boði sem nemur um 30 prósentum og kostar þá settið 36.900, það er ef allar fjórar töskur eru teknar saman. Þetta er verð sem ekki hefur sést áður á Íslandi fyrir fjórar vandaðar ferðatöskur á hjólum.“

Viðskiptavinahópur Smart Boutique hefur vaxið hratt og örugglega allt frá stofnun, viðskiptavinir eru á öllum aldri og hafa margir haldið tryggð við búðina. Sumar konur eiga orðið á annan tug hanska frá Smart Boutique og koma á hverju hausti og fá sér nýjan lit.

„Fastir viðskiptavinir fá klippikort þar sem veglegur afsláttur er veittur af 2. og 5. pari,“ segir Katrin.

Þau hjónin sem reka Smart Boutique eru lífleg, hress og skemmtileg og velkjast ekki í vafa um að þau séu nú komin með búð sína í bestu verslunarmiðstöð á Íslandi og þó fyrr hefði verið. Rótgróin verslunin er komin heim og þau vilja nota tækifærið og bjóða gamla og trausta viðskiptavini sem og nýja hjartanlega velkomna í glæsilega verslun sína sem nú má finna á 1. hæð í Kringlunni.











**Meðal verka Guðnýjar eru bollar, skálar, vasar, kertastjakar og snagar. Hún fékk Skúlaverðlaunin 2018 fyrir ísbjarnartappana sem sjást hér til hægri og kallast Beware.**

# Mikil hvatning og viðurkenning

Guðný Hafsteinsdóttir hlaut Skúlaverðlaunin 2018 sem afhent voru á sýningunni Handverk og hönnun um síðustu helgi. Verðlaunin fékk hún fyrir tappa sem kallast Beware og eru ísbjarnarhöfuð úr steyptu postulíni.



„Ég held að segja megi að það sé oft einhvers konar nostalgía í verkum mínum," segir Guðný Hafsteinsdóttir, keramiker og hönnuður. MYND/ANTON BRINK

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Guðný Hafsteinsdóttir, keramiker og hönnuður, hlaut Skúlaverðlaunin 2018 sem afhent voru á sýningunni Handverk og hönnun sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur um síðustu helgi. Verðlaunin fékk hún fyrir tappa fyrir flöskur sem kallast Beware en þeir eru ísbjarnarhöfuð úr steyptu postulíni. Tapparnir eru kónískir og ganga því í alls konar gerðir af flöskum að hennar sögn. „Hvítabjörninn vakti auðvitað mikla athygli á Handverki og hönnun og það var ekki slæmt að fá Skúlaverðlaunin því þau er í senn mjög mikil hvatning og viðurkenning. Hugmyndin með tappana er að gera dýr sem stafar ógn af en kveikir um leið jákvæðar tilfinningar. Fyrsta dýrið sem ég notaði var köttur, nánar tiltekið jólakötturinn, en hann kveikir ákveðin hughrif hjá t.d. kattavinum og jólabörnum. Í ár er það hvítabjörninn en mér fannst vel við hæfi að velja hann á aldarafmæli fullveldisins, því frostaveturinn mikla 1918 komu 27 hvítabirnir að landi. Á næsta ári mun



**Hér nostrar Guðný við hvítabjarnarhöfuð áður en það fer í hrábrennslu. Hvítabjarnarhöfuðin notar hún við gerð Beware tappanna.** MYND/ANTON BRINK

ég síðan kynna fugl til sögunnar. Flöskurnar endurvinn ég með því að sandblása en þær eru frá Eimverki." Verðlaunin, sem eru styrkt af Samtökum iðnaðarins, eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem var frumkvöðull smáiðnaðar í Reykjavík.

## Nostalgía í verkunum

Guðný segist vinna á mörkum myndlistar og hönnunar þar sem handverkið gegni mikilvægu hlutverki en hún vinnur alla sína hluti sjálf. „Ég held að segja megi að það sé oft einhvers konar nostalgía í verkum mínum og á stundum tilvísun í söguna og menningararfinn. Annars sæki ég innblástur í umhverfið, t.d. arkitektúr og náttúruform hvers konar. Vélarhlutir og ýmiss konar manngerð form geta líka verið áhrifavaldar og auðvitað hafa litir náttúrunnar og samspil áhrif á mig þegar kemur að glerjun."

## Hvetjandi félagsskapur

Guðný er fædd í Vestmannaeyjum en flutti í Kópavoginn sjö ára gömul þar sem hún ólst upp og hefur starfað alla tíð. „Þar hef ég rekið vinnustofuna Skruggustein í Auðbrekku 4 ásamt fleirum síðan ég lauk námi. Að reka vinnustofu í samvinnu við aðra gerir það að verkum að auðveldara og hagkvæmara er að búa vinnustofuna vel úr garði með tækjum og nýting á rými verður betri. Það fyrir utan er félagsskapurinn mjög hvetjandi og við lærum hvert af öðru."

## Góður vettvangur

Hún segist alla tíð hafa verið virk í sýningarhaldi, bæði heima og erlendis. „Undanfarin ár hef ég tekið þátt í HönnunarMars og Handverki og hönnun í Ráðhúsinu en hvort tveggja finnst mér vera góður vettvangur til kynningar og til að vekja athygli á því sem ég stend fyrir. Á sýningunni í Ráðhúsinu síðustu helgi sýndi ég t.d. baugana mína sem eru í senn kertastjakar og veggverk. Einnig sýndi ég þar bolla, skálar, vasa og snaga. Þar vakti líka mikla athygli hönnun sem ég kalla Sporin og sýndi fyrst á HönnunarMars á síðasta ári, en þau eru í senn kertastjakar og vasar og gefa möguleika á ýmiss konar upprööun og leik."

Hönnun Guðnýjar má skoða á gudnyhaf.is og á Instagram (gudnyhaf).

# Nýjar bækur í BÓKAHILLUNA




Fjórar vinkonur hjálpuðust að við að gera þessa sniðugu bók um slím. Í bókinni eru *skref fyrir skref* leiðbeiningar um það hvernig hægt er að gera slím á auðveldan hátt. Glært slím, froðuslím, smjörslím og jafnvel slím í fánalitunum. Þetta er geggjuð gjöf fyrir alla skapandi krakka.




Dásamleg bók með fallegum teikningum og eftirminnilegum persónum sem leiða börn inn í heim töfrandi ævintýra H.C. Andersen. Í bókinni eru 15 sígild ævintýri.
Einnig er fáanleg bókin *Fegurstu Grimmsævintýri* í sama bókaflokki.
Ómissandi fjársjóður sígildra ævintýra.




Íslenska landsliðið í knattspyrnu spreytti sig á móti bestu fótboltaliðum heims. Hvað mannst þú frá þessum tímamótaviðburði í íslenskri knattspyrnusögu?
Litmyndir prýða þessa skemmtilegu spurningabók. Tilvalin gjöf fyrir alla þá sem elska fótbolta!




Hahahaha! Híhíhí ...
Stútfull bók af frábærum bröndurum. Þetta er bók fyrir þá sem vilja veltast um af hlátri yfir jólahátíðirnar ... og kannski eitthvað fram á nýtt ár! (vonandi með einhverjum hléum samt). Sumir eru ennþá hlæjandi eftir að þeir eignuðust bækur nr. 1 og 2 í bókaflokknum.




Veröld Leu hrynur þegar foreldrarnir tilkynna henni að fjölskyldan muni flytja úr litla þorpinu þeirra í stórborgina Montréal. Með aðstoð smáskilaboða og tölvupósta deilir Lea með okkur gleði og sorgum við að aðlagast lífinu í borginni er hún skrifast á við Maríu, bestu vinkonu sína, kærastann Tómas og nýju „vini“ sína.




Lögreglufulltrúinn Banks stendur frammi fyrir skelfilegu verkefni. Bein ungrar konu finnast við Hobbs End þegar nærliggjandi á þornar upp. Hún hefur augljóslega verið myrt. Nú þarf Banks að afhjúpa morðingja sem í hálfa öld hafði komist upp með grimmilegt morð.

Óðinsauga



## Hvíld frá steikum

Einföld og holl tómatsúpa er kærkomin hvíld milli þungra jólamáltíða.

Fyrir 6 manns

**1 kg tómatar**
**250 ml. kjúklingasoð**
**3-4 hvítlauksgeirar í hýðinu**
**1 meðalstór laukur, skorinn smátt**
**1 msk. smjör**
**1 msk. tómatkraftur**
**1 lúka fersk basilíka**
**3-4 timjanstilkar**
**Skvetta balsamic edik**
**Salt og svartur pipar**
**Ólífuolía**

Hitið ofninn í 200 gráður. Skerið tómatana í tvennt og raðið í eldfast mót með sárið upp. Saltið og piprið duglega. Snúið tómötum við og bætið út í timjanstilkum, hvítlauksgeirum og vætið í með olíunni. Bakið í 30 mínútur. Á meðan er smjörið brætt í hæfilega stórum potti og lauknum bætt út í. Steikið við vægan hita í 15-20 mín. eða þar til hann er fallega gullinbrúnn. Bætið því næst tómatkrafti út í og steikið í um mínútu til viðbótar. Skvettið þá smá balsamik ediki yfir. Þegar tómatarnir eru tilbúnir skal kreista hvítlaukinn úr hýðinu og fjarlægja timjangreinarnar. Hellið öllu úr eldfasta mótinu í pottinn. Bætið við kjúklingasoðinu og basilíku og látið sjóða í 20-30 mín. Notið töfrasprota til að mauka súpuna og smakkið til með salti og pipar. Ef súpan er of þykk má þynna hana með meira kjúklingasoði. Bragðast vel með góðu brauði, salati eða ein og sér.

JÓLADRYKKUR



Dásamlegur skammdegisdrykkur sem hlýjar inn að beini.

### FUNHEITT OG FRAMANDI Í JÓLABOLLANN

Sætt, heitt, og kryddað chai er dásamlegur aðventudrykkur.

**2 dl vatn**
**1-2 msk. svart te**
**1 stk. ferskur engifer (um 5 cm) skorinn í sneiðar**
**5 stk. fersk kardimomma**
**2 stangir af heilum kanil**
**6 heilir negulnaglar**
**1 stjörnuanis**
**1 vanillustöng**
**Nýmalaður svartur pipar ef vill**
**8 dl léttmjólk eða nýmjólk**
**Kanill til að strá yfir**
**Hunang eftir smekk**

*Látið vatnið sjóða og blandið tei og kryddi út í. Látið sjóða aftur, slökkvið svo undir og látið standa og trekkja í um það bil 45 mínútur. Þessa blöndu er hægt að geyma dögum saman í kæliskáp. Sigtið krydd og telauf frá og hellið vökvanum í fjögur stór glös. Hitið mjólkina næstum að suðu og hellið yfir. Skreytið með kanil og bjóðið hunang með til að sæta ef þörf þykir.*

# Jólasamloka með kalkún

Stundum veit maður ekki hvernig á að nota jólaafganga. Hér er mjög jólaleg og góð samloka með kalkún en það má alveg nota svínahamborgarhrygg eða kalkúnaálegg. Samlokan er grilluð og til að gera hana enn jólalegri eru sett brie, venjulegur ostur og þurrkuð trönuber á milli. Góður millibiti um hátíðir þegar hungrið lætur á sér kræla á milli matartíma. Uppskriftin miðast við eina samloku.

**2 sneiðar rúgbrauð**
**25 g rifinn ostur**
**25 g brie-ostur**
**2 sneiðar kalkúnn, hamborgarhryggur eða kalkúnaálegg**
**2 msk. þurrkuð trönuber**
**2 msk. smjör**

Setjið brie-ost á aðra brauðsneiðina ásamt þurrkuðum trönuberjum. Setjið kalkún þar næst og rifinn ost yfir. Setjið hina sneiðina yfir. Smyrjið brauðið að utanverðu með smjöri. Steikið samlokuna á báðum hliðum á heitri pönnu eða setjið í samlokugrill.



Rúgbrauð er gott í samlokur.




# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

HEIMSBÍLAR



**PLUG-IN HYBRID NÝR BÍLL**
BMW 5 530e iperformance sportline. Árgerð 2018, ekinn 24 KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. 258 hestöfl.Verð 6.490.000. Rnr.326741.



**TILBOÐ 1990Þ, SJÁLFSKIPTUR.**
VW Golf . Árgerð 2016, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 2.350.000. Rnr.332507.



**NÝR BÍLL.**
HYUNDAI Santa fe style. Árgerð 2019, ekinn 50 KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 8.690.000. Rnr.326759.



**38" BREYTTUR**
TOYOTA Land cruiser 150 gx. 38" breyttur Árgerð 2014, ekinn 93 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 9.300.000. MJÖG VEL MEÐ FARINN... uppl. s. 567-4000 Rnr.332247.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

### Varahlutir

VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Tek að mér ýmisskonar húsaviðhald. Uppl. sími 8478704 eða manninn@hotmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heimilið

### Antík



**WWW.UR.IS**
Antikklukkur og viðgerðir Sérhæfð viðgerðarþjónusta á gömlum klukkum og úrum. Guðmundur Hermannsson úrsmíðameistari. S. 554 7770 & 691 8327. www.ur.is ur@ur.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Einstaklingsíbúð á Langholtsvegi til leigu. Laus strax. S. 888-2171

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Bílskúr

**BÍLASTÆÐI TIL LEIGU !**
Til leigu bílastæði í upphituðu bílastæðahúsi á sv. 105 Uppl. í s. 893 3475

## Atvinna

### Atvinna í boði

Bílstjóri óskast á sendibíl, meirapróf ekki nauðsynlegt, íslenskukunnátta, hreint sakavottorð. Uppl. s: 8999288




### Tilboð

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Jólatilboð**
**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***Verð 7.000,-***
**Munið gjafabréfin okkar.**

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

## Fasteignir


LIND FASTEIGNASALA

**510 7900**

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**Gilsbúð 3**
210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 203,1 fm IÐNAÐUR HERB: 5

**Rúmgóður vinnusalur með innkeyrsludyrum á 1.hæð. Millipallur yfir vinnslusal með skrifstofu, snyrting, opnanlegur þakgluggi. Suðaustur hluti húss. Lóðin er 1640fm.**

**59.900.000 kr**



**BÓKIÐ SKOÐUN**






*Heyrumst*
**Bjarni Blöndal**
Löggiltur fasteignasali
› 662 6163
› bjarni@fastlind.is



**Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna**

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is


## Atvinna

### Íslenskukennari

Menntaskólinn við Hamrahlíð óskar að ráða kennara með framhaldsskólakennararéttindi (sbr. lög nr. 87/2008 til þess að kenna íslensku í a.m.k. 75% starfshlutfalli á næstu vorönn (afleysing), þ.e. frá og með 1. jan. 2019. **Umsóknarfrestur er til 20. des. n.k.**

Umsóknir skal senda til Steins Jóhannssonar sem einnig veitir nánari upplýsingar (sími: 595 5200, netfang: rektor@mh.is

Á heimasíðunni http://www.mh.is er að finna ýmsar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

*Rektor*

## Fasteignir





**OPIÐ HÚS**
miðvikudaginn 5.des. kl. 17:00 – 18:00

**Sýningaríbúð er í Álalæk 17, nr. 205**

**13 íbúðir seldar af 23.**
Nýjar íbúðir, 3ja og 4ra herb
Byggingaraðili: ÞG VERK.
Lyftuhús á þremur hæðum, rafmagnsbílahleðslustöðvar
Afhending er í feb/mars 2019



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515

Verð frá:
**35,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**



# BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Reykjavík: Grafarvogur, Grafarholt og miðbær

BÚSETI

**FROSTAFOLD 20 · 112 RVK.**




88,2 ferm. · 4ra herb. · 606 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 4.134.250 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 184.490 kr.
Mögulegt lán: 1.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í febrúar.

**GARÐHÚS 6 · 112 RVK.**




95.5 ferm. · 3ja herb. · 102 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 5.184.080 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 196.309 kr.
Mögulegt lán: 1.300.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Miðjan feb.

**GARÐHÚS 2 · 105 RVK.**




62,8 ferm. · 2ja herb. · 102 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 3.718.000 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 142.337 kr.
Mögulegt lán: 600.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í janúar.

**ÍSLEIFSGATA 10 · 113 RVK.**




145.8 ferm. · 5 herb. · 10 hús nr.

**Búseturéttur:** 12.805.000 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 277.750 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending: Strax.

**ÞVERHOLT 23 · 105 RVK.**




84,5 ferm. · 3ja herb. · 304 íbúð nr.

*Áður auglýst því hægt að úthluta strax*

**Búseturéttur:** 8.864.670 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 214.735 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

**ÞVERHOLT 17 · 105 RVK.**




69 ferm. · 2ja herb. · 203 íbúð nr.

*Áður auglýst því hægt að úthluta strax*

**Búseturéttur:** 7.290.000 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 187.729 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending: Strax.

**ÞVERHOLT 15 · 105 RVK.**




66 ferm. · 2ja herb. · 103 íbúð nr.

*Áður auglýst því hægt að úthluta strax*

**Búseturéttur:** 7.180.000 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 185.570 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending: Strax.

**EINHOLT 6 · 105 RVK.**




73,1 ferm. · 2ja herb. · 102 íbúð nr.

*Áður auglýst því hægt að úthluta strax*

**Búseturéttur:** 7.750.000 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 193.634 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending: Strax.

**ÁVINNINGUR**
- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

**INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI**
Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

**BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU**
**Umsóknarfrestur:** 11. des. til kl. 16:00
**Úthlutun:** 12. des. kl. 12:00

**Áður auglýstar íbúðir:**
Úthlutun er óháð félagsnúmeri.
Hægt er að úthluta strax.

**UPPLÝSINGAR**
**WWW.BUSETI.IS**
**buseti@buseti.Is**
**Sími: 556 1000**





Dagný segir að útivist sé ört stækkandi á Íslandi. „Það virðist vera mun meiri vakning um heilsu og hreyfingu með hverju árinu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

á að klífa Mount Everest,“ segir hún og nefnir að nafnið Cintamani komi úr Himalajafjöllunum og merki óskasteinn.

„Útivist er ört stækkandi á Íslandi, það virðist vera mun meiri vakning um heilsu og hreyfingu með hverju árinu, Cintamani-fatnaðurinn hentar í alla útivist og við fylgjumst vel með þróun og þörfum viðskiptavina okkar. Það er líka mikil meðvitund um gæði og endingu. Vaxtartækifærin liggja ekki síst í að höfða til fólks sem vill kaupa gæðaflíkur sem endast og vinna þannig gegn sóun.“

### 25 prósent tekna frá ferðamönnum

*Hvernig er skipting tekna hjá Cintamani, þ.e. verslun, heildsala og netverslun?*

„Stærstur hluti tekna okkar kemur úr okkar eigin búðum. Sala til fyrirtækja er einnig mikilvæg stoð og einnig heildsalan,“ segir Dagný og nefnir að 25 prósent af tekjum fyrirtækisins megi rekja til ferðamanna.

*Horfið þið til útflutnings í meiri mæli?*

„Nei. Við erum ekki að stefna á erlendan markað á næstu tveimur árum, nema þá bara með netverslun. Á meðan tvær milljónir útlendinga koma til okkar erum við ekki að hugsa okkur til hreyfings,“ segir hún. Félagið er með endursöluaðila í Noregi, Þýskalandi og Austurríki.

*Hafið þið fundið fyrir breyttu neyslumynstri ferðamanna í kjölfar sterkara gengis krónu?*

„Já, við sjáum minnkandi verslun í hlutfalli við sterkari krónu. Er það ekki þannig með okkur þegar við förum til útlanda að við ætlum okkur að eyða ákveðið miklu. Ef við fáum minna fyrir peninginn þá kaupum við bara minna. Ákveðnir ferðamenn leita að ódýrari vöru og outlet-um. Að vísu hefur krónan veikst talsvert undanfarið þannig að við sjáum til hvernig jólin verða.“

*Hverjar eru helstu áskoranirnar núna í rekstrinum annars vegar og hins vegar í framleiðslu?*

„Það er mikil áskorun að vera í eigin framleiðslu, það tekur tíma að hanna, gæðaprófa og setja svo á markað. Svo það er vandasamt að velja vel. Það er líka geysileg fjárbinding í eigin framleiðslu. Það er áskorun að hafa gjaldmiðil sem flöktir mikið og mér finnst umræðan um kjaramálin ekki í góðum farvegi.“

*Þurfið þið að uppfæra vörulínuna oft?*

„Okkar fatnaður lifir sem betur fer mun lengur en hjá tískuverslunum sem eru alltaf að bjóða upp á ný og ný föt. Cintamani hefur til að mynda boðið upp á skel sem er klassísk flík frá árinu 2010. Um leið og jakkinn sem ber nafnið Tinna selst upp í einhverjum lit myndast biðlistar. Flíkin hefur að sjálfsögðu verið uppfærð efnislega og tæknilega á þessum tíma.“

### Kallar á meiri útsjónarsemi í markaðsmálum

*Þú nefndir að þið breyttuð markaðssetningunni. Hvernig breyttuð þið henni?*

„Landslagið í fjölmiðlum og birtingum hefur tekið stakkaskiptum. Af þeim sökum höfum við grafið dýpra til að ná til markhópanna. Árið 2010 hugsuðum við stórt og vildum ná til allra Íslendinga. Á þeim tíma var kannski keypt heilsíðuauglýsing í Fréttablaðinu og þá höfðum við staðið okkar plikt í markaðsmálum þá vikuna. Nú er landslagið gerbreytt og það þarf að sýna meiri útsjónarsemi. Það þarf til dæmis að vera áberandi á samfélagsmiðlum, meðal annars í samstarfi við áhrifavalda. Markaðskostnaðurinn verður ekki meiri fyrir vikið en hann verður með öðrum hætti.“

### Framleiða mest í Litháen

*Hvar eru Cintamani-flíkurnar framleiddar?*

„Við framleiðum mest í Litháen, en einnig í Svíþjóð, Kína og Litháen og á Íslandi. Það er nefnilega misjafnt í hverju verksmiðjurnar eru bestar. Við höfum átt í samstarfi við þrjá stærstu framleiðendurna í meira en 15 ár og hittum þá reglulega. Það er gaman að sjá hvað þessar verksmiðjur eru orðnar tæknilegar og hvað mannshöndin kemur lítið að saumavinnunni sjálfri.“

*Í ljósi þess að þið eruð einungis með tvo fatahönnuði, er það stór ákvörðun að ráða hönnuð? Getur hann haft afdrifarík áhrif á hönnunina?*

„Það er vissulega stór ákvörðun. Fyrirtækið hefur hins vegar markað sér hönnunarstefnu sem hönnuðirnir vinna eftir. Sú stefna er mótuð út frá markhópum okkar, meðal annars með aðstoð frá rýnihópum. En hönnuðir koma með sína þekkingu og reynslu sem er virkilega verðmætt.“

### Netverslun veitir upplýsingar

*Mun vefverslun verða meiri í framtíðinni í útivistarfatnaði?*

„Netverslun fer ört stækkandi alls staðar í heiminum. Á Íslandi hefur hún ekki stækkað jafn ört en það mun gerast. Netverslunin gegnir líka mikilvægu upplýsingahlutverki. Kauphegðun fólks er að breytast og nú skoðar fólk meira og ber saman gæði. Við eigum eftir að njóta góðs af því.“

## Ferðamenn geta leigt Cintamani-úlpur

„Nú geta ferðamenn leigt Cintamani-úlpu af okkur í gegnum Share-A-Cintamani,“ segir Dagný. „Þeir sem búa á heitum stöðum eins og Flórída eiga eðli málsins samkvæmt yfirleitt ekki nægilega hlýjar úlpur til að heimsækja Ísland. Það er eitthvað skrítið við það að búa Flórída, eiga 100 þúsund króna parkaúlpu og nota hans einungis í fimm daga. Úlpan kæmist örugglega ekki fyrir í fataskápnum. Svo eru margir sem koma til landsins til að sækja ráðstefnur. Þeim er oft boðið í jöklaferðir en ráðstefnugestirnir gerðu ekki ráð fyrir því þegar þeir komu og þurfa því útivistarfatnað í einum grænum.

Nú er ný kynslóð komin fram á sjónarsviðið, sem er 25 til 35 ára, með allt annað hugarfar en áður þekktist. Þau vilja nýta deilihagkerfið og þykir skynsamlegt að leigja stórar og miklar parkaúlpur í nokkra daga meðan á dvölinni stendur. Við buðum upp á þetta á Airwaves, þar sem mest hipp liðið er og þeim þótti þetta mjög kúl,“ segir hún. Share-A-Cintamani var hleypt af stokkunum í október.

**Við erum ekki að stefna á erlendan markað á næstu tveimur árum, nema þá bara með netverslun.**



# Spá verðfalli á bresku verslunarhúsnæði

**Greinendur spá því að verslunarhúsnæði í Bretlandi falli um tugi prósenta í verði á næstu misserum. Verðfallið endurspeglar erfitt árferði í breskri smásölu. Virði fasteignasjóða rýrnar verulega.**




Margar breskar verslanakeðjur hafa átt erfitt uppdráttar undanfarna mánuði. Breytt samkeppnisumhverfi, með aukinni netverslun, minna trausti neytenda og breyttri hegðun nýrrar kynslóðar, hefur valdið því að ýmsar rótgrónar verslanir hafa þurft að leita leiða til þess að hagræða í rekstri. NORDICPHOTOS/GETTY

Fimm stærstu fasteignasjóðir Bretlands hafa fjárfest fyrir meira en fjóra milljarða punda, jafnvirði tæplega 630 milljarða króna, í bresku verslunarhúsnæði sem greinendur telja að muni falla um tugi prósenta í verði á næstu misserum.

Verslunarhúsnæði myndar stóran hluta af eignasafni stærstu fjárfestingasjóða Bretlands sem sérhæfa sig í kaupum og rekstri fasteigna. Sjóðstjórar umræddra sjóða segja í samtali við Financial Times að verð á slíku húsnæði fari nú hratt lækkandi vegna versnandi horfa á breskum smásölumarkaði.

Um 40 prósent af eignum M&G Property Portfolio, stærsta fasteignasjóðs Bretlands, er í verslunarhúsnæði og er samsvarandi hlutfall um 20 prósent hjá næststærsta sjóðnum, L&G UK Property, að því er segir í fréttaskýringu Financial Times um málið.

Þrátt fyrir að ýmis merki séu um að breski fasteignamarkaðurinn hafi náð toppi og miklar verðlækkanir séu yfirvofandi – en sumir greinendur tala um viðsnúning í því sambandi – hafa fjárfestar haldið áfram að leggja fé í þarlenda fasteignasjóði. Þannig var innflæði frá breskum einkafjárfestum í slíka sjóði um 402 milljónir punda, sem jafngildir um 63 milljörðum króna, umfram útflæði á fyrstu níu mánuðum þessa árs, samkvæmt upplýsingum frá Investment Association.

Sérfræðingar eignastýringarfyrirtækisins Fidelity International gáfu í síðustu viku út svarta skýrslu um breska verslunarhúsnæðismarkaðinn þar sem því er spáð að verð á markaðinum falli um á bilinu 20 til 70 prósent á næstu misserum. Búast þeir jafnframt við því að leiguverð á verslunarhúsnæði lækki um 10 til 40 prósent. Var tekið fram í skýrslunni að núverandi erfiðleikar í rekstri breskra smásala væru „aðeins upphafið“. Erfiðari tímar væru fram undan.

Spá sérfræðinga Fidelity er umtalsvert svartsýnni en spá annarra greinenda sem gera þó ráð fyrir talsverðum verðlækkunum á næstu mánuðum. Mike Prew, greinandi hjá fjárfestingarbankanum Jefferies, býst til að mynda við því að verð á verslunarhúsnæði lækki um 20,4 prósent á næstu þrettán mánuðum og þá spá sérfræðingar Barclays-bankans 11,4 prósenta verðlækkun á næsta ári og 10,8 prósenta lækkun árið 2020.

„Við erum að horfa upp á mikla og varanlega leiðréttingu á verði í verslunargeiranum,“ segir Prew.

**Einkafjárfestar eiga mikið undir**

Sérfræðingar Fidelity áætla að verslunarhúsnæði myndi að meðaltali um 41 prósent af eignasafni breskra óskráðra fasteignasjóða en sambærilegt hlutfall er að jafnaði á bilinu 20 til 25 prósent á meðal fasteignasjóða í öðrum ríkjum.

Í fréttaskýringu Financial Times er jafnframt bent á að einkafjárfestar eigi mikið undir því að markaðurinn fyrir verslunarhúsnæði haldist stöðugur enda fari þeir með stóran eignarhlut í stærstu fasteignasjóðum Bretlands.

David Wies, sem stýrir fasteignasjóðnum Kames Property Income, segir að það verði að viðurkennast hve „slæmar“ sumar eignir í söfnum fasteignasjóða séu. Fjárfestar verði einfaldlega að horfast í augu við raunveruleikann.

Margir breskir smásalar og verslanakeðjur hafa sem kunnugt er átt erfitt uppdráttar undanfarin misseri. Gjörbreytt samkeppnisumhverfi, með stóraukinni netverslun, minna trausti neytenda og breyttri hegðun nýrrar kynslóðar, hefur valdið því að ýmsar rótgrónar verslanir hafa þurft að leita leiða til þess að hagræða í rekstri og ná kostnaði niður. Til marks um árferðið var yfir 24.200 verslunum lokað í Bretlandi á fyrstu sex mánuðum ársins. Hefur fleiri verslunum ekki verið lokað á jafn stuttu tímabili í að minnsta kosti fimm ár.

Sjóðstjórar sem Financial Times ræddi við segja að lækkanir á leiguverði sem og hrina gjaldþrota í breskri smásölu hafi þegar ýtt undir verðlækkanir á verslunarhúsnæði sem rýri aftur virði fasteignasjóða.

Engu að síður hafa breskir fasteignasjóðir enn sem komið er skilað jákvæðri ávöxtun. Sé litið til síðustu tólf mánaða hefur ávöxtun slíkra sjóða verið jákvæð um tæplega sex prósent að meðaltali. Ávöxtun stærsta sjóðsins, M&G Property Portfolio, sem er 3,6 milljarðar punda að stærð, nemur um sex prósentum undanfarið ár og á sama tíma hefur næststærsti sjóðurinn, L&G UK Property, skilað átta prósenta ávöxtun, samkvæmt gögnum frá Morningstar.

**Blikur á lofti**

Greinendur og sjóðstjórar telja samt sem áður að blikur séu á lofti. „Við erum mjög varfærnir þegar kemur að breskum verslunareignum,“ segir til dæmis Ryan Hughes, framkvæmdastjóri hjá eignastýringarfyrirtækinu AJ Bell.

Virði verslunareigna í eignasafni M&G Property Portfolio rýrnaði um tvö prósent á fyrstu níu mánuðum ársins, að sögn sjóðstjórans Justins Upton, en ástæðurnar eru fyrst og fremst fleiri gjaldþrot á smásölumarkaðinum og minnkandi tekjustreymi eignanna.

Fastlega má gera ráð fyrir að virði eigna sjóðsins minnki enn frekar á næstunni enda er sjóðurinn á meðal stærstu leigusala verslunarkeðjunnar Debenhams sem áformar að loka allt að fimmtíu af 165 verslunum sínum á næstu þremur til fimm árum. **kristinningi@frettabladid.is**

### Eiga erfitt með að losa sig við verslunarhúsnæði

Gengi hlutabréfa í breskum fasteignafélögum sem sérhæfa sig í rekstri verslunarhúsnæðis gefur til kynna að fjárfestar búist við því að eignir félaganna falli um 16 til 19 prósent í verði. Þetta er mat greinenda ráðgjafarfyrirtækisins KPMG.

Í greiningu KPMG er til samanburðar bent á að verð á verslunarhúsnæði í eigu breskra félaga hafi lækkað um 20 prósent í fjármálakreppunni á árunum 2007 til 2009.

Í fréttaskýringu Financial Times kemur enn fremur fram að eigendur bresks verslunarhúsnæðis eigi í erfiðleikum með að selja það á viðunandi verði. Mikill munur sé á verðhugmyndum kaupenda og seljenda. Er í því sambandi bent á að virði verslunarmiðstöðva sem skiptu um eigendur á þriðja fjórðungi ársins hafi ekki verið lægra í að minnsta kosti 23 ár.

**18%**

**er meðaltalslækkun á hlutabréfaverði breskra smásala frá því í byrjun árs 2015.**

**4**

**milljarðar punda er fjárfesting fimm stærstu fasteignasjóða Bretlands í verslunarhúsnæði.**

# UBS fær grænt ljós frá kínverskum yfirvöldum

Svissneski bankinn UBS hefur fengið leyfi frá kínverskum stjórnvöldum til þess að eignast 51 prósents hlut í verðbréfafyrirtækinu UBS Securities í Peking. Bankinn verður þar með fyrsti erlendi bankinn til þess að eignast meira en helmingshlut í kínversku verðbréfafyrirtæki.

Bankinn fer nú með 24,99 prósenta hlut í umræddu fyrirtæki en aðrir hluthafar eru kínverskir. Öðlast þarf samþykki frá kínverska verðbréfaeftirlitinu til þess að eignast meira en helmingshlut í þarlendu fjármálafyrirtæki.

Erlendir bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa um langt skeið leitast við að styrkja stöðu sína á kínverskum fjármálamarkaði en mætt nokkurri mótstöðu af hálfu stjórnvalda í Kína. Breytingar hafa hins vegar orðið á því undanfarna mánuði, eftir því sem fram kemur í frétt Financial Times. Hafa kínversk yfirvöld heitið því að auka aðgang erlendra banka að kínverskum markaði gegn því að kínverskir bankar fái að fjárfesta í auknum mæli á erlendri grundu. **– kij**




**UBS hyggst efla starfsemi sína í Kína.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Sakaður um að falsa fjárhagstölur

Bandaríska dómsmálaráðuneytið hefur ákært Mike Lynch, fyrrverandi forstjóra Autonomy, í tengslum við 11 milljarða dala sölu á hugbúnaðarfyrirtækinu til tölvurisans Hewlett-Packard fyrir sjö árum.

Lynch, sem er ákærður í fjórtán liðum fyrir svik og samsæri, gæti átt yfir höfði sér allt að tuttugu ára fangelsisdóm verði hann fundinn sekur. Bandarísk yfirvöld hafa jafnframt krafist þess að hann greiði um 815 milljónir dala í sekt en sú fjárhæð jafngildir hagnaði hans af sölu Autonomy, félagsins sem Lynch stofnaði og rak.

Stephen Chamberlain, fyrrverandi yfirstjórnandi hjá Autonomy, var jafnframt ákærður í málinu.

Sushovan Hussain, fyrrverandi fjármálastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins, var fyrr á árinu sakfelldur fyrir svipuð brot og Lynch er sakaður um, að því er segir í frétt Financial Times um málið.



**Mike Lynch, fyrrverandi forstjóri Autonomy.** NORDICPHOTOS/GETTY

Bandaríska dómsmálaráðuneytið sakar þá Lynch og Chamberlain um að hafa falsað fjárhagstölur Autonomy frá því í byrjun árs 2009 þar til í október 2011, þegar tilkynnt var um yfirtöku HP á fyrirtækinu. Í ákæru ráðuneytisins eru tiltekin 28 tilvik þar sem stjórnendurnir fyrrverandi eru sagðir hafa gefið út ósannar yfirlýsingar um fjárhagsstöðu Autonomy.

Lynch seldi HP félagið árið 2011 fyrir 11 milljarða dala sem jafngildir um 1.350 milljörðum króna miðað við núverandi gengi. Ári eftir söluna sakaði Meg Whitman, þáverandi forstjóri HP, hann og aðra stjórnendur Autonomy um að hafa fegrað vísvitandi fjárhagstölur fyrirtækisins. Þurfti HP að færa niður eignir í bókum sínum að virði 8,8 milljarða dala.

Lögmenn Lynch kölluðu ákæruna „skrípaleik“ og sögðu að skjólstæðingur sinn hygðist verjast ásökunum af fullum krafti. **– kij**

# Leiðin að grænni raforkuframtíð


**Sveinbjörn Finnsson**


**Dagný Ósk Ragnarsdóttir**

Höfundar eru sérfræðingar á viðskiptagreiningu Landsvirkjunar

Sú staðreynd að raforka í heiminum er aðallega unnin úr kolum og gasi kann að koma okkur Íslendingum eilítið spánskt fyrir sjónir. Okkur hættir til að taka endurnýjanlegu orkulindunum okkar, vatninu, jarðvarmanum og vindinum, sem sjálfsögðum hlut. Samt er það þannig að í heiminum eru aðeins 25% raforku framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, borið saman við tæplega 100% hér á landi.

Þetta er auðvitað einn mesti vandi sem mannkynið stendur frammi fyrir, því ein áhrifaríkasta leiðin til að stemma stigu við loftslagsbreytingum er að minnka notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap heimsins. Til að ná settum loftslagsmarkmiðum þarf að gjörbreyta raforkuvinnslu í heiminum. Samkvæmt Alþjóðaorkumálastofnuninni þarf hlutur endurnýjanlegrar raforku að fara úr 25% í 66% á heimsvísu fyrir árið 2040 og hlutur kola úr 38% í 5%.

### Orkuskipti einkenna markaði

Alþjóðlegir markaðir með raforku einkennast af þessari stöðu mála. Stuðningur við endurnýjanlega orkugjafa í heiminum nam árið 2017 hátt í sexfaldri vergri landsframleiðslu Íslands, en þó er það enn sem komið er þannig að til langs tíma ræðst verðþróun á erlendum raforkumörkuðum einkum af verði á kolum og gasi, þar sem verðið miðast oftast við breytilegan kostnað slíkra orkuvera.

Þessi mikli stuðningur við græna orkuvinnslu, ásamt hröðum tækniframförum, hefur gert að verkum að hún verður sífellt hagkvæmari og kostnaður við vinnslu raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum hefur fallið hratt síðustu ár.

Ákallið um endurnýjanlega orku er einnig í auknum mæli að koma frá neytendum. Með nýjum kynslóðum og nýjum gildum hafa loftslags- og umhverfismál orðið mikilvægari en áður. Það leiðir til þess að neytendur leggja aukna áherslu á sjálfbærni og vilja versla við fyrirtæki sem sýna samfélagslega ábyrgð með umhverfisvænni framleiðslu.

Google og IKEA eru á meðal fjölda fyrirtækja sem hafa sett sér ströng sjálfbærnimarkmið til þess að uppfylla þessar kröfur viðskiptavina sinna, sem meðal annars fela í sér skuldbindingar um að nota endurnýjanlega raforku. Dæmi um fleiri slík fyrirtæki eru þau sem taka þátt í RE100, en um er að ræða sameiginlegt alþjóðlegt framtak áhrifaríkra fyrirtækja sem hafa sett sér markmið um að nota einungis endurnýjanlega raforku. Þannig vilja þessi fyrirtæki auka spurn eftir grænni raforku í heiminum, og þar með vinnslu hennar.

**Samt er það þannig að í heiminum eru aðeins 25% raforku framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, borið saman við tæplega 100% hér á landi.**



### Mismunandi leiðir fyrirtækja

Fyrirtæki fara ýmsar leiðir að því að stuðla að aukinni endurnýjanlegri raforkuvinnslu.

Ein leið er með gerð tvíhliða samninga um endurnýjanlega raforku, eða „corporate green PPAs“, sem hafa notið sívaxandi vinsælda. Þetta eru samningar á milli raforkuvinnsluaðila og fyrirtækja um kaup á endurnýjanlegri raforku frá ákveðnu, og oftast nýju, orkuveri. Samningarnir eru gerðir til langs tíma og í þeim felst ákveðið fjárhagslegt öryggi, bæði fyrir kaupendur og seljendur, þar sem komist er hjá sveiflum í raforkuverði á uppboðsmörkuðum.

Önnur leið sem fyrirtæki hafa farið til þess að auka hlut endurnýjanlegrar raforku er að vinna eigin raforku á lóð sinni, t.d. með því að koma upp sólarsellum á þökum bygginga, eða að fjárfesta í endurnýjanlegri raforkuvinnslu sem afhendir raforku inn á flutningskerfið eða beint til fyrirtækisins.

Græn skírteini eru ein leið til viðbótar, en með kaupum á þeim gefst raforkukaupendum kostur á að styðja við uppbyggingu endurnýjanlegrar raforkuvinnslu þar sem hún er hagkvæm. Skírteinin eru sjálfstæð söluvara og óháð afhendingu raforkunnar. Með þessu fá raforkuvinnsluaðilar endurnýjanlegrar orku þannig sérstaklega greitt fyrir græna hluta vinnslunnar og kaupandinn getur valið að styðja sérstaklega við endurnýjanlega orkuvinnslu.

Eins og rakið hefur verið hér að ofan tekur orkubúskapur heimsins miklum breytingum um þessar mundir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum. Til að hafa betur í þeirri baráttu þarf samtakamátt stjórnvalda, fyrirtækja og neytenda um allan heim.




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Ævintýraheimur Tulipop á tímamótum

## Svipmynd
**Helga Árnadóttir**

Helga Árnadóttir er framkvæmdastjóri og annar stofnenda Tulipop en fyrirtækið framleiðir varning og afþreyingarefni sem byggir á samnefndum ævintýraheimi og þeim persónum sem þar finnast. Tulipop skrifaði í sumar undir 700 milljóna króna samning við alþjóðlegt stórfyrirtæki sem hyggst framleiða og annast dreifingu á 52 sjónvarpsþáttum um ævintýraheiminn. Helga segir samninginn stökkpall til að búa til arðbært alþjóðlegt fyrirtæki.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Mér finnst fátt skemmtilegra en að skipuleggja ferðalög á nýja og spennandi staði og heimsækja með fjölskyldu og vinum. Yfir vetrartímann spila ég tennis vikulega með góðum hópi, fer á skíði með fjölskyldunni og svo reyni ég að komast sem oftast í jóga. Síðan er fátt sem toppar samveru með góðum vinum yfir ljúffengum mat og drykk.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Mér finnst dásamlegt að ná að hreyfa mig í byrjun dags. Ef ég er ekki á flakki vegna vinnu þá vakna ég nokkra morgna í viku fyrst á heimilinu og byrja daginn á jógatíma eða lyftingum. Hina dagana borða ég morgunmat í rólegheitunum heima með fjölskyldunni og fletti blöðunum áður en ég held á skrifstofuna. Síðan er fastur liður í morgunrútínunni að skella í tvöfaldan latte, en fjárfesting í góðri kaffivél var tvímælalaust einn af mikilvægum tímapunktum í rekstrarsögu félagsins.

*Hver er bókin sem ert að lesa eða last síðast?*

Ég er að lesa bókina Sakfelling – forboðnar sögur frá Norður-Kóreu, sem er ein af þeim áhugaverðu bókum sem bókaforlagið Angústúra hefur gefið út í fallegri útgáfu. Alveg mögnuð lesning.

*Hvað er það skemmtilegasta við starfið?*

Það eru allar áskoranirnar, fjölbreytnin og það að hafa tækifæri til að hrinda nýjum og skemmtilegum verkefnum í framkvæmd á hverjum degi í samstarfi við frábært samstarfsfólk. Við höfum átt því láni að fagna að hafa fengið einstaklega gott fólk til liðs við félagið og hjá Tulipop starfar öflugt teymi á skrifstofum okkar í Reykjavík og í NY. Auk þess vinnum við með erlendum aðilum víða um heim að verkefnum á borð við teiknimyndaframleiðslu og gerð nytjaleyfasamninga og það er fátt skemmtilegra en að vinna með kláru fólki sem maður getur lært af.

*Ef þú þyrftir velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Ég þrífst á því að hrinda hlutum í framkvæmd og myndi vafalaust sækjast eftir starfi þar sem ég hefði tækifæri til að leiða spennandi verkefni og þá helst í alþjóðlegu umhverfi. En hver veit, kannski myndi ég ákveða að venda kvæði mínu algjörlega í kross og gerast vínbóndi í Piedmont-héraði á Ítalíu, framleiða ljúffeng lífræn vín og rækta ólífur.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Ein helsta áskorunin er forgangsröðun. Eitt af því sem er svo spennandi við Tulipop er að tækifærin eru svo mörg. Það er hægt að færa Tulipop ævintýraheiminn til lífs í svo mörgum formum, í gegnum varning, teiknimyndir, leiki, bækur, og svo mætti lengi telja. Það er þó ekki hægt að gera allt í einu og höfum við reynt að forgangsraða grimmt og leggja áherslu á vel valin verkefni og markaðssvæði. Síðan er líka stöðug áskorun að púsla saman ferðalögum vegna vinnu, fjölskyldulífi og félagslífi.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?*

Stóra áskorunin er að byggja upp öflugt fyrirtæki sem byggir á íslensku hugverki og hugviti. Við erum í raun á ákveðnum tímamótum núna, þar sem við gerðum fyrr á árinu mikilvægan samning við stórt alþjóðlegt fyrirtæki um meðframleiðslu á 700 m.kr. teiknimyndaseríu sem mun verða seld til sjónvarpsstöðva um allan heim. Stóra áskorunin er að láta þá teiknimyndaseríu líta dagsins ljós sem fyrst, tryggja að hún verði bæði vönduð og skemmtileg, og nýta hana sem stökkpall til að búa til arðbært alþjóðlegt fyrirtæki sem nær til barna og fullorðinna um allan heim.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér í rekstrarumhverfinu á komandi árum?*

Við sjáum fram á spennandi breytingar á ýmsum sviðum sem tengjast rekstri Tulipop. Tvö kjarnasvið starfseminnar eru annars vegar sala á Tulipop-varningi og hins vegar framleiðsla á afþreyingarefni, s.s. teiknimyndum, en ör þróun er að eiga sér stað á báðum sviðum. Línuleg dagskrá er á hröðu undanhaldi og neytendur sækja sér afþreyingarefni á stað og stund sem þeim hentar. Einnig er að breytast hratt hvernig fólk kaupir varning og þjónustu, viðskipti eru að færast yfir á netið í síauknum mæli og á sama tíma er aukin eftirspurn eftir vörumerkjum og verslunum sem bjóða upp á skemmtilega upplifun. Það verður verkefni komandi ára að nýta tækifærin sem felast í þessum breytingum og gera fólki kleift að tengjast Tulipop-heiminum á sem fjölbreyttastan hátt.


Helga segir tækifæri Tulipop mörg og því sé forgangsröðun ein helsta áskorunin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Helstu drættir

**Nám:**
- MBA frá London Business School.
- B.Sc. í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands.

**Störf:**
- Framkvæmdastjóri Tulipop.

**Fjölskylduhagir:**
- Gift Ingva Hrafni Óskarssyni lögfræðingi. Við eigum saman Steinunni, 8 ára, og Guðmund 6 ára, og svo á ég 16 ára stjúpdóttur, Ingibjörgu Þórunni.

# Eftir höfðinu dansa limirnir



**Hulda Ragnheiður Árnadóttir**
framkvæmdastjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands og stjórnarkona í FKA

Í febrúar á þessu ári var ég, sem fulltrúi Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA), skipuð af velferðarráðuneytinu í nefnd til að meta umfang kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis auk eineltis á íslenskum vinnumarkaði sem og aðgerðir vinnuveitenda í tengslum við slík mál á vinnustöðum. Verkefnum nefndarinnar er að mestu lokið, en fram undan er að framkvæma rannsóknir í samræmi við áherslur nefndarinnar. Í ágúst sl. var ég einnig skipuð fulltrúi FKA í aðgerðahóp, sem ætlað er að koma á fót og fylgja eftir aðgerðum á vinnumarkaði sem miða að því að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Í erindisbréfi aðgerðahópsins er sérstaklega gert ráð fyrir að litið verði í því sambandi til aðgerða annarra ríkja hvað þetta varðar.

Í framhaldi af atburðarás síðustu viku, varðandi lítilsvirðandi ummæli þingmanna á hinu háa Alþingi, er ég vægast sagt mjög hugsi yfir verkefnum þessara nefnda og hvort raunhæft sé að leggja þá vinnu og hugsun í verkefnið sem nauðsynlegt er til að ná fram breytingum í samfélaginu. Klaustursmálið hefur sýnt okkur fram á það að við skerum okkur ávallt úr í samanburði við aðrar þjóðir og um okkur Íslendinga gilda einfaldlega önnur lögmál.

Nokkur dæmi um tilefni til afsagnar þingmanna og ráðherra í nágrannaríkjum okkar geta hjálpað okkur að ná samhengi hlutanna. Í sumar sagði bandaríski Repúblikaninn Jason Spencer af sér embætti ríkisþingmanns í Georgíu eftir að breski grínistinn Sacha Baron Cohen manaði Spencer til að gera óviðeigandi hluti í grínþætti sínum. Meðal þess sem hann fékk Spencer til að gera í þættinum var að öskra orðið „nigger“ ítrekað eftir að Cohen sagði honum að „n-orðið“ hefði fælingarmátt gegn hryðjuverkamönnum. Hann tók einnig myndir upp undir búrkur kvenna. Önnur dæmi um tilefni til afsagna tveggja ráðherra í sænsku ríkisstjórninni fyrir allnokkru, voru fréttir þess efnis að þeir hefðu greitt barnfóstrum sínum laun löngu áður en þeir tóku við embættum sínum, án þess að greiddir væru af þeim skattar.

Þrátt fyrir mikla leit á veraldarvefnum hef ég ekki fundið nein merki þess að þessir ráðherrar og þingmenn hafi einir og sjálfir þurft „að gera upp við sig“ hvort þeir vildu sitja sem þingmenn. Þeir eiga einfaldlega ekki annarra kosta völ en að segja af sér þegar þeir hafa verið staðnir að verki við skattsvik, kynþáttafordóma eða aðra hegðun sem telst óviðeigandi fyrir einstaklinga í þeirri stöðu sem þeir gegna.

Það er lítill tilgangur í öllum byltingum og aðgerðum til að breyta menningu og samfélagi ef þær breytingar eiga aðeins að ná til „almúgans“ í landinu en ekki þeirra sem fara með æðsta valdið; löggjafarvaldið á Íslandi. Það er vel þekkt að fyrirmyndir eru mikilvægar við mótun menningar. Ef þingmenn mega sýna fordóma á óyggjandi hátt gagnvart konum, fötluðum, samkynhneigðum og öðrum minnihlutahópum, er þá til einhvers að búa til nefndir og ráð sem ætlað er að gera breytingar á menningu í þessum málaflokki? Ef vilji er til þess að ná fram raunverulegum breytingum til jafnréttis á Íslandi, þar sem einstaklingar af hvaða kyni sem er og hvaða kynhneigð sem er eiga að upplifa sig örugga, skulum við byrja hjá þeim sem fara með völdin. Þeir sem sinna þingstörfum þurfa að lágmarki að bera virðingu fyrir þeim hópum sem þeir þjóna, auk þess sem samstarfsmenn og konur eiga að geta treyst því að þeim sé sýnd tilhlýðileg virðing.

Ef áfengi er notað sem afsökun fyrir óviðeigandi hegðun, er þá ekki grundvallaratriði að þeir sem hlut eiga að máli lýsi því yfir að þeir muni gera það sem í þeirra valdi stendur til að hætta áfengisdrykkju til að eiga ekki á hættu nýtt hneykslismál á næsta bjórkvöldi? Til þess eigum við úrræði, þó fjársvelt sé, sem stendur öllum landsmönnum til boða að nýta sér.

Ef við viljum jafnrétti þurfum við að losa Alþingi við þau viðhorf sem birtust okkur svo glögglega í Klaustursmálinu. Í fyrirtækjamenningu er þekkt aðferð sem kallast „Tone at the top“. Þá ganga stjórn og stjórnendur á undan með góðu fordæmi, sem hvetur hinn almenna starfsmann til þess að gera slíkt hið sama. Meginþorri þeirra sem sitja á Alþingi hafa sýnt okkur að þeir samþykkja ekki þá hegðun sem þessir sex einstaklingar hafa verið fordæmdir fyrir en úrræðin eru takmörkuð til aðgerða. Nú er tækifæri fyrir þá sex einstaklinga sem hlut áttu að máli, að sýna almenningi það fordæmi að þeir sem fara með æðsta vald þjóðarinnar beri virðingu fyrir fólkinu í landinu með því að segja sig frá þingstörfum án skilyrða.

# MARKADURINN.IS

## NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ




- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
- GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIÐLA
- ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
- HVAÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ

## Skotsilfur

### Hreiðar úr stjórn Eyris Invest



**Hreiðar Bjarnason**, framkvæmdastjóri fjármála hjá Landsbankanum, hefur hætt í stjórn Eyris Invest eftir að bankinn seldi rúmlega níu prósenta hlut í fjárfestingafélaginu. Landsbankinn fer með 12,8 prósenta hlut í Eyri Invest eftir söluna. Bankinn hafði verið undir þrýstingi af hálfu Fjármálaeftirlitsins um að minnka hlut sinn í félaginu og í september hóf FME að leggja dagsektir á Landsbankann.

### Minning Pálma heiðruð



**Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson** heldur minningu afa síns Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups, á lofti. Það gerir hann með því að nefna fjárfestingafélag sitt eftir ísgerðinni Ísborg sem afi hans stofnaði áður en hann gerði Hagkaup að stórveldi. Samkeppniseftirlitið blessaði nýverið kaup Ísborgar á þremur verslunum af Högum auk dagvörusölu Olís í Stykkishólmi. Hann heldur sig því á svipuðum slóðum og afi sinn forðum í verslunarrekstri. Sigurður Pálmi er, eins og þekkt er, sonur Ingibjargar Stefaníu Pálmadóttur. Hann stofnaði netmatvöruverslunina Boxið árið 2016 og opnaði Sports Direct-verslun hérlendis árið 2012. Hlutur fjölskyldu Sigurðar Pálma í íþróttavöruversluninni var seldur til alþjóðlegu keðjunnar í ár.

### Jónas til liðs við Íslenska fjárfesta

ÍSLENSKIR FJÁRFESTAR HF.

Jónas Guðmundsson, sem hefur að undanförnu starfað hjá Íslenskum verðbréfum (ÍV), hætti störfum hjá verðbréfafyrirtækinu í síðustu viku og hefur gengið til liðs við **Íslenska fjárfesta**. Jónas hafði verið sérfræðingur í eignastýringu Íslenskra verðbréfa en þar áður starfaði hann sem viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

## Vilja skerpa leikreglurnar í alþjóðaviðskiptum



Leiðtogar tuttugu helstu iðnríkja heims voru á G20-ráðstefnunni sem fram fór í Buenos Aires í Argentínu um síðustu helgi. Eftir langar og strangar viðræður náðu þeir samkomulagi um sameiginlega yfirlýsingu um að endurskipuleggja starfsemi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og skerpa á leikreglunum í alþjóðaviðskiptum. Donald Trump Bandaríkjaforseti fagnaði yfirlýsingunni en hann hefur gagnrýnt stofnunina harðlega. NORDICPHOTOS/GETTY

# Alþjóðageirinn til bjargar



**Konráð Guðjónsson**
hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Hagfræðingar eru snillingar þegar kemur að því að spá fyrir um framtíðina. Snillingar að því leyti að sumir þeirra hafa atvinnu af spám þó að stundum sé eins og öllum mögulegum útkomum sé spáð. Einnig eru sumir hagfræðingar snillingar í að stökkva fram og segja: „Sko, ég sagði það!“ Og í raun fleiri en bara hagfræðingar ef út í það er farið. Hagfræðingar eru þó við nánari skoðun ekki alltaf snillingar þegar kemur að spádómum um framtíðina, ekki fremur en annað fólk. Það er mjög auðvelt að spá kreppu áratugum saman og segja: „Sko, ég sagði það!“ þegar höggið kemur. Klukka sem er stopp er rétt tvisvar á sólarhring.

**Lendingu frestað?**
Í meira en ár hafa margir, þar með talið undirritaður, viðrað áhyggjur af kólnun í hagkerfinu og því hefur verið spáð að verri tíð sé fram undan í efnahagsmálum. Líklega er það enn rétt – öll teikn eru á lofti um um að fádæma góðæri sé að ljúka, í bili að minnsta kosti. Sumar hagtölur sem birst hafa síðustu mánuði benda þó til að endalokum uppsveiflunnar hafi verið frestað um nokkra mánuði, sem er enn eitt dæmið um takmarkaða spádómsgáfu hagfræðinga – og mannfólks ef út í það er farið.

Nýjar tölur um utanríkisviðskipti bera þetta með sér. Á fyrstu níu mánuðum ársins jókst útflutningur á föstu gengi um 9% og þar af um heil 11% á þriðja ársfjórðungi. Á hverjum degi frá byrjun janúar til loka september bættu Íslendingar við 307 milljónum króna í útflutningsverðmæti frá síðasta ári, samtals um 84 milljarðar króna á árinu. Sama hvernig á það er litið er þetta mikill vöxtur og gleðileg tíðindi þar sem öflugur útflutningur er grundvallarforsenda þess að við getum búið við öryggi og þau lífsgæði sem þykja sjálfsögð á 21. öldinni.

**227 milljarða útflutningurinn sem enginn vissi af**
Mikill útflutningsvöxtur er engin nýmæli eftir uppgang ferðaþjónustunnar síðustu ár, en það sem er nýmæli er að ferðaþjónustan sjálf á ekki nema um fjóra milljarða af þeim 81 milljarði króna sem bæst hafa við útflutning landsmanna, að teknu tillit til gengisbreytinga. Sjávarútvegur og álframleiðsla eiga stóran þátt í þessum vexti, en þó að tekið sé einnig tillit til þeirra er um 34 milljarða aukning útflutnings frá greinum sem sjaldnar er fjallað um og mynda samanlagt um 277 milljarða króna af útflutningi Íslands fyrstu níu mánuði ársins. Stærstur hluti þeirra greina fellur undir alþjóðageirann. Þar ber hæst 12 milljarða innspýtingu vegna hugverka íslenskra aðila, ríflega fjögurra milljarða aukningu útflutningstekna af fjarskiptum, upplýsingatækni og annarri viðskiptaþjónustu, fimm milljarða frá öðrum iðnaði og þrjá milljarða frá öðrum vöruútflutningi.

Þessi talnasúpa endurspeglar miklu stærri veruleika en einhverjar tölur á blaði. Hún endurspeglar nýtingu íslensks hugvits sem skapar tækifæri, störf og verðmæti. Hún endurspeglar aukinn kaupmátt landsmanna og þannig launahækkanir sem raunverulega skila ávinningi. Hún endurspeglar þó fyrst og fremst að íslensku hagkerfi er fært, ef rétt er haldið á spöðunum, að auka útflutning á breiðum grunni og þannig bæta lífskjör allra landsmanna. Með öflugri og breiðari útflutningi minnka líka sveiflur efnahagslífsins, sem auðveldar okkur hagfræðingum og öllum öðrum að spá fyrir um framtíðina.

**Augun á boltanum**
Til að halda áfram á þessari braut þurfa stjórnvöld að setja enn meiri kraft í að skapa atvinnulífinu stöðugt, hagfellt og samkeppnishæft rekstrarumhverfi. Ekki þarf hvað síst að hlúa að nýsköpun sem á í harðri alþjóðlegri samkeppni og er lífsnauðsynleg til að tryggja góð lífskjör til framtíðar.

Nýsköpun er líka nauðsynleg til að takast á við áskoranir framtíðarinnar við hlýnun jarðar og öldrun þjóðarinnar. Höfum augun á boltanum og látum ekki stríðsyfirlýsingar og hótanir telja okkur trú um annað.

# Hlutabréfamarkaður sem drifkraftur atvinnulífs



**Páll Harðarson**
forstjóri Kauphallarinnar

Þar sem best hefur tekist til erlendis hefur hlutabréfamarkaður stutt myndarlega við vöxt efnahagslífsins. Lítil fyrirtæki hafa stækkað og áhugaverð og vel launuð störf orðið til fyrir tilstuðlan fjármögnunar á markaði. Eftir því sem hlutabréfamarkaðurinn braggast eygjum við að hann geti orðið jafn mikilvægur drifkraftur í atvinnulífinu hér eins og í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Þróunin undanfarið lofar góðu en fyrirtæki hafa aflað meira en 30 milljarða króna til vaxtar á hlutabréfamarkaði síðastliðið ár.

Nýleg úttekt hins virta vísitölufyrirtækis FTSE Russell á íslenska markaðnum sýnir að við erum í seilingarfjarlægð frá þessu markmiði og gætum, ef markaðsaðilar og stjórnvöld taka höndum saman, náð í flokk þeirra landa sem uppfylla ströngustu gæðakröfur FTSE Russell og annarra svipaðra fyrirtækja. Íslenskur hlutabréfamarkaður stenst 15 af 21 skilyrði FTSE Russell að fullu, fimm að hluta, en einungis eitt ekki (skilyrði um skipulegan afleiðumarkað).

> **Til að komast í efstu flokkun hjá alþjóðlegum fyrirtækjum á borð við FTSE Russell þyrftum við líkast til að tvöfalda til þrefalda stærð markaðarins.**

Að komast í flokk fremstu hlutabréfamarkaða heims væri ómetanlegt fyrir íslenskt atvinnulíf, einkum vegna greiðari aðgangs fyrirtækja, lítilla og stórra, að fjármagni til vaxtar. Til þess að þetta takist þarf fyrst og fremst að fjölga skráðum fyrirtækjum og stækka markaðinn. Til að komast í efstu flokkun hjá alþjóðlegum fyrirtækjum á borð við FTSE Russell þyrftum við líkast til að tvöfalda til þrefalda stærð markaðarins á mælikvarða markaðsvirðis.

Skráning Landsbankans og Íslandsbanka hefði mikið að segja í þessu tilliti. Miðað við hóflegar forsendur um vöxt markaðarins að öðru leyti á komandi árum gæti skráning bankanna þýtt að settu marki yrði náð innan 5-10 ára. Hún er því ekki aðeins mikilvæg fyrir bankana og ríkissjóð heldur alla umgjörð fjármögnunar íslenskra fyrirtækja.


KAUPTU NÝJAN OPEL
OG FÁÐU RISAJÓLAGLAÐNING Í KAUPAUKA
Risakaupauki fylgir öllum nýjum Opel-bílum út desember
520.000 kr.
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 200.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 120.000 kr.
Kynntu þér Opel Crossland X
betur á crossland.opel.is
CROSSLAND X
FOR SAFER CARS
EURO NCAP
Opel Crossland X
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt
EURO NCAP.
Opel Crossland X
Verð frá 3.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá 2.990.000 kr.
650.000 kr.
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 300.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 150.000 kr.
Kynntu þér Opel Grandland X
betur á grandland.opel.is
GRANDLAND X
Opel Grandland X
Verð frá 4.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá 3.990.000 kr.
5
ára
ábyrgð
Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni
THE FUTURE IS EVERYONE'S
Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.
Pipar\TBWA \ SÍA
Komdu við hjá okkur í nýjum
sýningarsal Opel að Krókhálsi 9.
Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330
Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16
Bílabúð Benna

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 5. desember 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins
@frettabladid

## Stjórnarmaðurinn

## Niðurgreiddur Alibaba

Alþingi afgreiddi í vikunni neyðarlán til Íslandspósts upp á 1,5 milljarða króna. Ástæða fyrir rekstrarvandræðum póstsins er einföld, en samkvæmt alþjóðasamningi ber félaginu að niðurgreiða póstsendingar frá þróunarlöndum um 70 til 80 prósent. Því miður fyrir forsvarsmenn póstsins, þá telst Kína meðal þróunarlanda samkvæmt samningnum og uppgangur þarlendra netverslana hefur því leitt til stórkostlegrar útgjaldaaukningar. Alibaba er með öðrum orðum að sliga Íslandspóst.

Þetta er þó ekki eina ástæða rekstrarvanda Íslandspósts. Fjárfestingar félagsins hafa einnig vakið athygli en meðalfjárfesting á ári undanfarin tíu ár nemur um 700 milljónum. Frá 2006 hefur Íslandspóstur varið um 5,8 milljörðum í fjárfestingar í fasteignum, lóðum, áhöldum, tækjum og bifreiðum. Á móti hafa eignir fyrir rúmar 600 milljónir verið seldar. Nettófjárfesting á tímabilinu er því rúmir fimm milljarðar á verðlagi hvers árs fyrir sig.

Nú er það ekkert nýtt að rekstur póstþjónustu sé óarðbær á tímum verslunar á netinu. Þannig hefur Trump gagnrýnt Amazon harðlega fyrir að láta þarlenda póstþjónustu niðurgreiða pakkasendingar sínar. Á Íslandi, örríki þar sem verslun og þjónusta á undir högg að sækja, magnast þessi vandi upp enn frekar. Þetta fyrirkomulag veldur því að innlend verslun þarf að keppa við niðurgreidda þjónustu erlendra keppinauta. Sama gildir um einkaaðila sem kynnu að vilja veita Íslandspósti samkeppni um bögglasendingar. Auðvitað keppa þeir ekki við niðurgreiddar sendingar hjá Íslandspósti.

Þetta er ekki eina dæmið um að ríkið sé í óþarfa samkeppnisrekstri. Fjölmiðlar þurfa að búa við óbærilega samkeppni frá RÚV, og fjarskiptafyrirtæki við að Gagnaveitan leggi línur og kapla við hlið innviða einkafyrirtækjanna. Hvað póstþjónustu varðar er gengið skrefinu lengra, og ríkisaðstoðin nær út fyrir landsteinana. Nógu erfið er samkeppnisstaða Íslands þó svo ekki bætist við niðurgreiðsla ríkisins í þágu erlendra keppinauta. Vonandi er þetta eina lánið sem þarf að veita Íslandspósti, og í millitíðinni beiti ríkið sér fyrir því að uppræta þetta fáránlega ástand á póstþjónustumarkaði.




## Húrra Reykjavík hagnast um 20 milljónir

Rekstrarfélag fataverslana Húrra Reykjavík hagnaðist um liðlega 20 milljónir króna í fyrra borið saman við 37 milljóna króna hagnað árið áður. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins, JS Reykjavík, fyrir síðasta ár.

Verslanirnar seldu vörur fyrir samanlagt tæpar 375 milljónir króna á síðasta ári og jókst salan um 58 prósent frá fyrra ári þegar hún nam um 238 milljónum króna.


Sindri Snær Jensson.

Rekstrarfélagið átti eignir upp á 135 milljónir króna í lok síðasta árs en á sama tíma var eigið fé þess 26 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið því um 19 prósent.

Sindri Snær Jensson og Jón Davíð Davíðsson opnuðu fyrstu verslun Húrra Reykjavík, herrafataverslun, á Hverfisgötu haustið 2014 en verslun með kvenfatnað var opnuð í sömu götu tveimur árum síðar. – kij

03.12.2018

**Þjóðin á ekki fiskinn í sjónum, það er mikill misskilningur. Fiskurinn á sig sjálfur í sjónum. Af því þegar hann syndir yfir aðrar lögsögur þá á hann sig sjálfur.**


Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda



YUASA

# Rafgeymar

Meðal viðskiptavina Yuasa eru:

mazda
BMW
TATA
SUBARU
TOYOTA
MITSUBISHI MOTORS
KIA
SUZUKI
ISUZU
HONDA
GM
NISSAN
SANGYONG
DAIHATSU
HYUNDAI
Hino
PSA PEUGEOT CITROËN

## YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur




YUASA
stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Heldur vaxandi austanátt, 5-13 síðdegis og 13-18 syðst. Él á SA-landi og snjókoma á Austfjörðum síðdegis, annars þurrt að kalla. Talsvert frost norðan heiða, en dregur úr frosti S-lands.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 3° | -0° |
| ← 9 | ← 8 | ← 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 3° | -1° |
| ← 13 | ← 14 | → 2 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | 2° | 1° |
| ↓ 4 | ↙ 8 | ↙ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 3° | -3° |
| ↓ 11 | ↓ 2 | ↓ 11 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | | | 1 | | 9 | 5 |
| | 5 | | | 3 | | | 1 | |
| 6 | | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 3 | 4 | | 2 | | | | 6 | |
| | | 2 | 4 | 6 | | | | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | | | | | |
| | | | | | | | 4 | 3 |
| 1 | 2 | | | | | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 9 | | 5 | | | 7 |
| | | 4 | | 6 | | | 5 | 9 |
| | 3 | | | | | | | |
| | 8 | | 3 | | | | 6 | 1 |
| | 6 | | 5 | | | | 3 | |
| | | 7 | | 1 | 6 | | | |
| | | 8 | | 3 | | 9 | | |
| 1 | | | | | 2 | 6 | | |
| 5 | | | | 9 | 7 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | | 1 |
| 3 | 9 | | | 4 | 7 | | | 6 |
| 7 | | 1 | | 8 | 6 | 3 | | |
| | 3 | | | | | 8 | | |
| | 6 | 7 | | | | | 3 | 4 |
| | | | | | | | | 2 |
| | 8 | 3 | | 1 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 5 | 6 | |
| | 7 | | 9 | 3 | | | 4 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 |
| 8 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 1 | 4 | 7 | 5 | 6 | 8 | 3 | 2 | 9 |
| 9 | 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 2 | 7 | 3 | 6 |
| 7 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 |
| 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 2 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 7 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 |
| 6 | 1 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 4 | 7 | 2 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. fita
5. fóstra
6. í röð
8. lyf
10. hvort
11. samtök
12. útungun
13. jurt
15. málmur
17. gististaður

**LÓÐRÉTT**
1. helmingafélag
2. skref
3. skjól
4. lofa
7. afæta
9. svikult
12. drykkur
14. pili
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** skvap, **5.** ala, **6.** rs, **8.** morfín, **10.** ef, **11.** asi, **12.** klak, **13.** gras, **15.** nikkel, **17.** mótel.
**LÓÐRÉTT:** **1.** sameign, **2.** klof, **3.** var, **4.** prísa, **7.** snikill, **9.** falskt, **12.** kakó, **14.** rim, **16.** ee.

## Skák Gunnar Björnsson

Helgi Áss Grétarsson (2.436) átti leik gegn Jaime Penas Fuster (1.920) á alþjóðlegu móti í Mæjorka fyrir skemmstu.

**32. Hxg7! c3?** (32. ... Kxg7 veitir meiri vörn). **33. Bxh6 Ke7 34. Bg5+ Kd7 35. Rxf7** og Helgi Áss vann skömmu síðar og reyndar mótið líka! Ingvar Þór Jóhannsson sigraði á Jólamóti Stofunnar sem fram fór í fyrrakvöld.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

**Svartur á leik**



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. DESEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Jólatónleikar Kammerkórs Seltjarnarneskirkju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Seltjarnarneskirkja
Kammerkór Seltjarnarneskirkju heldur sína árlegu jólatónleika í kvöld, miðvikudaginn 5. des., kl. 20.00 í Seltjarnarneskirkju. Á efnisskránni er bæði kórsöngur og ýmsir kórfélagar munu einnig syngja einsöng. Flutt verða jólalög og önnur tónlist frá ýmsum tímum. Að venju er frítt inn á tónleikana og allir eru innilega velkomnir.

**Hvað?** Rósa & Nonni the 80s version vol. 2
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Miami, Hverfisgötu
Rósa og Nonni vefja saman djassi og 80s lögum af sinni einstöku snilld. Lagavalið er sérstaklega hressandi og undirleikur Nonna við seiðandi djassrödd Rósu er heillandi.

**Hvað?** Come Closer – Borgar Magnason
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Í apríl 2019 kemur út fyrsta breiðskífa af þremur með tónlist Borgars á vegum plötufyrirtækisins Pussyfoot Records. Hann leggur þessa dagana lokahönd á plötuna í samvinnu við tónlistarmennina Albert Finnbogason og Howie B og er efni kvöldsins tekið af henni.

**Hvað?** Dúkkulísur – Enn og aftur jól
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Hinar einu sönnu Dúkkulísur ætla að endurtaka leikinn og halda jólatónleika í ár! Dúkkulísurnar láta sér það ekki nægja heldur kynna þær einnig glænýja jólaplötu – Jól sko! – til sögunnar. Og eins og allir vita er ekki hægt að halda jól án Pálma Gunnarssonar sem verður heiðursgestur tónleikanna. Gömlu góðu jólalögin verða líka rifjuð upp og að sjálfsögðu nóg af rokki – Pamela í Dallas rokk og ról!

**Hvað?** Jólin okkar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla bíó, Ingólfsstræti
Jólatónleikar Hinsegin kórsins verða í Gamla bíói þetta árið. Við ætlum að fara aðeins aðrar leiðir en við erum vön og verðum ófamögnuð í þetta skiptið. Efnisskráin er að venju fjölbreytt og skemmtileg. Við munum meðal annars frumflytja lag eftir kórstjórann okkar, syngja lag sem var sungið í konunglegu brúðkaupi, rifja upp lög sem við höfum flutt áður, syngja lög sem við höfum ekki flutt áður og krydda þetta allt með dassi af jólalögum. Kórstjóri er Helga Margrét Marzellíusardóttir og píanóleikari er Vignir Þór Stefánsson.


Gerður Kristný les fyrir börnin í Bókasafni Seltjarnarness. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


Amabadama tekur nokkur lög á Lofti hosteli í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Viðburðir

**Hvað?** Menning á miðvikudögum með Terry Gunnell
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Uppruni og þróun íslenskra jóla allt frá heiðni til Coca Cola er umfjöllunarefni Terry Gunnell, prófessors í þjóðfræði við Háskóla Íslands, í Menningu á miðvikudögum sem verður á aðalsafni Bókasafns Kópavogs í dag, 5. desember, kl. 12.15. Hann fjallar um bakgrunn og þróun jólasiða á Íslandi frá upphafi og segir frá Grýlu, jólasveinunum, jólakettinum og jólamat í alþjóðlegu samhengi.

**Hvað?** Jólaföndur og Jólasögustund fyrir yngstu börnin
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Ásdís Kalman stýrir jólaföndri og Gerður Kristný kemur og les upp úr bók sinni Jóladýrin.

**Hvað?** Óhóf 2018
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Hugvekjandi upp-spretta í nafni matarsóunar. Drykkir og veitingar unnin úr lítið nýttum matvælum. Forljótir drykkir, vodka úr gömlum ávöxtum, bjór úr gömlu brauði og fleira spennandi. Amabadama tekur lagið og Sigga Dögg kynfræðingur verður með matarsóunarhugvekju.

**Hvað?** Borðtennismót Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Húrra blæs til borðtennismóts! Keppt verður í einliðaleikjum, með útsláttarkeppni. Skráning þátttakenda á staðnum kl. 20.00. Dómari og hýsill verður Beglí, eða Begga Teds eins og hún hefur verið kölluð í borðtennisbransanum.

**Hvað?** Fjármál við starfslok – Jólakaffi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Íslandsbanki, Hagasmára
Íslandsbanki býður á sérstakan jólafund um fjármál við starfslok. Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka, ræðir málin við gesti og fer yfir það helsta sem hafa ber í huga við undirbúning starfsloka.

**Hvað?** Uppistand og spádómskvöld með Siggu Kling
**Hvenær?** 20.45
**Hvar?** Krydd veitingahús, Hafnarfirði
Súperstjarnan og sjarmatröllið Sigga Kling verður aftur með uppistand og spádómskvöld hjá okkur á Kryddi veitingahúsi í kvöld, 05.12.

**Hvað?** Þrísætur upplestur; Bergrún, Lilja & Sigga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarshús, Dyngjuvegi
Þrír höfundar leiða saman bækur sínar. Bergrún Íris Sævarsdóttir mun kynna Langelstur í bekknum, Leynifélagið og Næturdýrin. Lilja Katrín Gunnarsdóttir mun kynna Minn sykursæti lífsstíll. Sigga Dögg kynfræðingur kynnir sína fyrstu skáldsögu, kynVeru.

**Hvað?** Innsetningarathöfn – Egill Skúlason
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Askja, Háskóla Íslands
Egill Skúlason hefur hlotið framgang í stöðu prófessors í efnaverkfræði við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands. Í tilefni þess verður haldin hátíðleg athöfn þar sem hann heldur tölu og fer yfir farinn veg.















# ÚRVAL MYNDA Á RITMÁLI!




Hyldýpið
**TILBOÐSVERÐ: 2.899.-**
Verð áður: 3.999.-




Rotturnar
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 4.999.-




Sálumessa
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 4.999.-




Horfið ekki í ljósið
**TILBOÐSVERÐ: 4.699.-**
Verð áður: 6.499.-




Silfurlykillinn
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 4.999.-




Sölvasaga Daníelssonar
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-




Hefnd
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-




Ljónið
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 4.999.-




Skúli fógeti
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-




Hið heilaga orð
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-




Ritgerð mín
um sársaukann
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-




Grillmarkaðurinn
**TILBOÐSVERÐ: 5.699.-**
Verð áður: 7.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON!

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG
OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!



Framúrskarandi fyrirtæki 2016




**Vættir**
**TILBOÐSVERÐ: 4.699.-**
Verð áður: 6.499.-




**Jólasveinarannsóknin**
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 4.299.-




**Fíasól gefst aldrei upp**
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 4.999.-




**Bold fjölskyldan**
**TILBOÐSVERÐ: 2.899.-**
Verð áður: 3.999.-




**Jólalögin okkar**
**TILBOÐSVERÐ: 4.399.-**
Verð áður: 5.999.-




**Handbók fyrir ofurhetjur - Þriðji hluti: Alein**
**TILBOÐSVERÐ: 2.499.-**
Verð áður: 3.399.-




**Ævintýri í Austurvegi**
**TILBOÐSVERÐ: 4.299.-**
Verð áður: 5.999.-




**Stóra spurningabókin**
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-




**Seiðmenn hins forna**
**TILBOÐSVERÐ: 3.399.-**
Verð áður: 4.699.-




**Snati litli í ræningjahöndum**
**TILBOÐSVERÐ: 1.799.-**
Verð áður: 2.399.-




**Fallegu lögin okkar**
**TILBOÐSVERÐ: 4.399.-**
Verð áður: 5.999.-




**Sjúklega súr saga**
**TILBOÐSVERÐ: 3.399.-**
Verð áður: 4.699.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 9. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2010-2011** Spurningakeppni sveitarfélaganna frá 2010-2011.
**13.55 Úr Gullkistu RÚV. Gott kvöld**
**15.00 Úr Gullkistu RÚV.**
**15.45 Úr Gullkistu RÚV. Sjónleikur í átta þáttum** .
**16.30 Úr Gullkistu RÚV. Fjórar konur**
**17.00 Jólin hjá Claus Dalby** Claus Dalby er handlaginn og hugmyndaríkur þúsundþjalasmiður. Um jólahátíðina finnur hann sér ýmislegt til dundurs og kennir áhorfendum að föndra skreytingar sem hæfa hátíðum.
**17.10 Annar heimur** Danskt jóladagatal fyrir alla fjölskylduna.
**17.40 Táknmálsfréttir**
**17.50 KrakkaRÚV**
**17.51 Jóladagatalið. Hvar er Völundur?** Þeir Felix og Gunni þurfa að leita að smiðnum Völundi en hann er sá sem smíðar jólagjafirnar. Leitin er ævintýri líkust.
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Gló magnaða** Þáttaröðin Gló magnaða heitir eftir aðalsöguhetjunni sem er ósköp venjuleg skólastelpa á daginn en á kvöldin breytist hún í magnaða ofurhetju og berst við ill öfl.
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Gullbrá og Björn**
**18.50 Krakkafréttir** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára.
**18.54 Víkinglotto**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Frétta- og mannlífsþáttur.
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu
**20.05 Annar heimur** Danskt jóladagatal fyrir alla fjölskylduna.
**20.30 Kiljan** Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum. Umsjón. Egill Helgason. Dagskrárgerð. Sigurður Jakobsson.



**21.10 Rivíeran** Spennumyndaflokkur í tíu þáttum um safnvörðinn Georginu sem missir eiginmann sinn, milljarðamæringinn Constantine Clios, þegar snekkjan hans springur í loft upp.
**22.00 Tíufréttir** Nýjustu fréttir og íþróttir kvöldsins.
**22.15 Veður**
**22.20 Ég heiti Kuba** Heimildarmynd sem segir þroskasögu pólska drengsins Kuba.
**23.15 Kveikur**
**23.50 Kastljós**
**00.05 Menningin**
**00.15 Dagskrárlok**

### HRINGBRAUT

**20.00 Eldhugar: Sería 2**
**20.30 Lífið er lag**
**21.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi**
**22.00 Eldhugar: Sería 2**
**22.30 Lífið er lag**
**23.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi**

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**09.30 The Late Late Show with James Corden**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Ally McBeal**
**14.35 LA to Vegas**
**15.00 A Million Little Things**
**15.50 Jólastjarnan** Leitin að Jólastjörnunni 2018 er hafin. Ungir og efnilegir söngvarar fá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Dómnefnd velur 12 þá söngvara sem skara fram úr og að lokum stendur einn söngvari eftir sem Jólastjarnan 2018. Sigurvegarinn kemur fram á stórtónleikum í Eldborgarsal Hörpu með Jólagestum Björgvins Halldórssonar.
**16.25 Everybody Loves Raymond**
**16.45 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.00 The Late Late Show with James Corden**
**19.45 Life in Pieces**
**20.10 Survivor**
**21.00 Survivor**
**21.50 Bull**
**22.35 Elementary**
**23.20 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**00.50 NCIS**
**01.35 9-1-1**
**02.25 Law & Order: Special Victims Unit**
**03.15 Trust**
**04.10 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins 06.50 Morgunvaktin 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Segðu mér 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Á reki með KK 11.00 Fréttir 11.03 Mannlegi þátturinn 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.40 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 12.55 Samfélagið 14.00 Fréttir 14.03 Huldufólk fullveldisins (7 af 10) Halldór Vilhjálmsson skólastjóri 15.00 Fréttir 15.03 Samtal Frásagnir hinna framandi og jaðarsettu. Gísli Pálsson mannfræðingur. 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Víðsjá 17.00 Fréttir 17.03 Lestin 18.00 Spegillinn 18.30 Útvarp Krakka RÚV (205 af 400) Alheimurinn – Plánetan Venus 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.35 Mannlegi þátturinn 21.35 Góði dátinn Svejk (10 af 39) 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Samfélagið 23.05 Lestin 00.00 Fréttir 00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**09.50 Where to Invade Next**
**11.50 Phil Spector**
**13.25 Mr. Turner**
**15.55 Where to Invade Next**
**17.55 Phil Spector**
**19.30 Mr. Turner**
**22.00 Sleepless**
**23.35 Hancock**
**01.10 The Girl with All the Gifts**
**03.00 Sleepless**

### STÖÐ 2

**Stöð 2**
**07.00 The Simpsons**
**07.20 Ævintýri Tinna**
**07.45 Friends**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Spurningabomban**
**11.05 Jamie's 15 Minute Meals**
**11.30 The Big Bang Theory**
**11.50 Deception**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Masterchef The Professionals Australia**
**13.45 Hugh's War on Waste**
**14.50 The Night Shift**
**15.35 PJ Karsjó**
**16.10 Léttir sprettir**
**16.35 Friends**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.25 Fréttayfirlit og veður**
**19.30 Víkingalottó**
**19.35 I Feel Bad**
**20.00 Jamie Cooks Italy**
**20.50 Ísskápastríð**
**21.30 The Good Doctor**
**22.15 Camping**
**22.45 Wentworth**
**23.35 Lethal Weapon**
**01.15 Alex**
**02.00 Humans**
**02.50 Trauma**
**03.35 Trauma**
**04.25 Trauma**
**05.15 Hugh's War on Waste**

### STÖÐ 3

**19.10 Schitt's Creek**
**19.35 Baby Daddy**
**20.00 Seinfeld**
**20.45 Friends**
**21.10 It's Always Sunny in Philadelphia**
**21.35 All American**
**22.20 American Horror Story 8: Apocalypse**
**23.05 Supergirl**
**23.50 Arrow**
**01.05 Schitt's Creek**
**01.30 Seinfeld**
**02.15 Friends**
**02.40 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**09.45 Valur - Haukar**
**11.15 Seinni bylgjan**
**12.45 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**13.10 Bournemouth - Huddersfield**
**14.50 Brighton - Crystal Palace**
**16.30 West Ham - Cardiff**
**18.10 Watford - Manchester City**
**19.50 Manchester United - Arsenal**
**22.00 Everton - Newcastle**
**23.40 Tottenham - Southampton**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**09.05 Atalanta - Napoli**
**10.45 Watford - Manchester City**
**12.25 Girona - Atletico Madrid**
**14.05 Barcelona - Villarreal**
**15.45 Spænsku mörkin**
**16.15 Chievo - Lazio**
**17.55 Roma - Inter Milan**
**19.35 Burnley - Liverpool**
**21.45 Ítölsku mörkin**
**22.15 WBA - Brentford**
**23.55 Wolves - Chelsea**

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |








**KANARÍ**
Splúnkunýjir sketsaþættir með þeim Guðmundi Einari, Guðmundi Felixsyni, Mána Arnarsyni, Pálma Frey Haukssyni, Steiney Skúladóttur og Eygló Hilmarsdóttur á RÚVnúll.is



**Sælla að gefa**
Jóladagatal RÚVnúll 2018. Karen Björg Þorsteinsdóttir græjar 24 jólagjafir fyrir vini og fjölskyldu fyrir AFAR lítinn pening og leyfir okkur að fylgjast með. Alla daga til jóla á RÚVnúll.is

Þú finnur þína uppáhalds þætti á RÚVnúll.is











**Mitt fyrsta Alias**
Borðspil fyrir alla fjölskylduna

Býður yngstu spilurunum upp á tækifæri til að tala og skemmta sér konunglega á meðan!

**Viltu veðja 2**
Borðspil fyrir alla fjölskylduna

Frábært fjölskylduspil með nýjum þrautum og spurningum.
Ef þú vilt bera sigur úr býtum þarftu að standast ýmsar skemmtilegar áskoranir og veðja á hvernig aðrir spilarar standi sig. Nú er komið að því að sýna öðrum spilurum hvað í þér býr með því að leysa krefjandi þrautir!




*Þú færð skemmtilegu jólagjafirnar hjá okkur!*

**Mamma Mia!**
**Here we go again**
DVD og Blu-Ray

Sérstök SING-ALONG útgáfa fylgir með!

HAGKAUP Meira svona alla daga

# Allt er hægt að afsaka



Sigmundur Davíð hefur verið duglegur að útskýra mistök sín til að halda andliti. Það virkar þó ekki alltaf.

Stundum næst fólk við að gera skammarlega hluti og þá stendur það á krossgötum – vill það játa og biðjast afsökunar eða koma með skýringu á atferli sínu? Er það fyrirgefðu ég gerði mistök eða það ískraði í stól og hjól snarbremsaði fyrir utan?



## Miðnæturrúntur

Eddie Murphy var einu sinni tekinn klukkan 5 að nóttu til á rúntinum í Hollywood með þekkta vændiskonu í bílnum. Á þeim tíma var grínistinn giftur og allt dæmið leit frekar illa út.

**Afsökunin:** Eddie Murphy sagðist hafa átt í vandræðum með svefn og þess vegna ákveðið að keyra út í sjoppu og sækja sér blaðið. Á leiðinni hafi hann séð vændiskonuna og fundist hún líta út fyrir að þurfa far.



## Burðardrengurinn

George Rekers var andlit samtaka sem börðust gegn samkynhneigð og sat í einhvers konar nefnd sem vildi „breyta“ samkynhneigðum körlum í gagnkynhneigða. Hann sást koma úr ferðalagi með vændismann sér við hlið.

**Afsökunin:** Hann hafði leigt sér ungan mann til að bera farangurinn sinn og fyrir tilviljun var sá í vændi.



## Aðferðaleikhús

Winona Ryder var tekin við að stela úr búð árið 2001 eins og margir muna kannski eftir. Leikkonan varð síðan skotspónn gríns frá þáttastjórnendum eins og Jay Leno og fleirum í áraraðir.

**Afsökunin:** Auðvitað sagðist hún hafa verið að koma sér í karakter fyrir hlutverk þar sem hún átti að leika þjóf. Sannleikurinn var vitaskuld sá að á þessum tíma var hún ekki með neitt hlutverk.



## Blómavasar falla

Amanda Bynes var handtekin af lögreglunni fyrir að reykja gras í lobbíinu á blokkinni sinni. Þegar löggan mætti á svæðið fleygði Bynes hasspípu út um gluggann og var umsvifalaust kærð fyrir að eyða sönnunargögnum.

**Afsökunin:** Bynes sagðist alls ekki hafa hent hasspípu út um gluggann heldur hafi þetta verið blómavasi.

VERNDARVÆNGUR
EDDU HEIÐRÚNAR BACKMAN




Edda Heiðrún Backman, leikari, leikstjóri og myndlistamaður lést árið 2016 eftir hetjulega baráttu við MND-sjúkdóminn. Í veikindum sínum náði Edda stórfenglegum árangri í að mála með munninum. Hún gerði helst myndir af fuglum og fólkinu sem henni var kært.

Í samráði við fjölskyldu Eddu Heiðrúnar höfum við prentað eitt hennar allra þekktasta verk, VERNDARVÆNG, á sængurfatnað.

Sængurfötin eru úr sérlega mjúku bómullarsatíni. Framleidd af þýska fyrirtækinu Elegante. Falleg og hlýleg jólagjöf.



„Það fer sama orkan í að elska og skapa“
*Edda Heiðrún Backman*

26.900 kr.
Sængurver og koddaver

elegante bed-linen fashion

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIDI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

Þú finnur draumastarfið á job.is


★★★★★
ÓKÞ/Fréttablaðið
★★★★½
HÞ/Morgunblaðið
SEXTÍU KÍLÓ af SÓLSKINI.
HALLGRÍMUR HELGASON.
ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning
Bráðskemmtileg og snilldarlega skrifuð saga um skin og skúrir í lífi þjóðar
„Bókin er dramatísk, spennandi og fyndin ...“
Sigríður Hagalín
„Mergjað skáldverk“
Óðinn Jónsson / Rás 1
„Mér finnst þetta vera besta bók Hallgríms til þessa.“
Egill Helgason
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–17 | www.forlagid.is













**„Ég er alltaf að læra meira og meira og er öruggari á sviðinu," segir Guðný María sem er með miðstig í píanóleik frá Tónskóla Hörpunnar en segist annars vera alin upp í stöðugu tónlistarnámi í Þingeyjarsveit.** MYND/AÐSEND

# Heimildarmynd og nýtt lag

Unnið er að heimildarmynd um nýjustu söngstjörnu Þingeyinga, **Guðnýju Maríu Arnþórsdóttur** sem ber vinnuheitið Guðný hún María. Guðný skaust upp á stjörnuhimininn með páskalagi og því kemur lítið á óvart að hún sé með tvö jólalög í pokahorninu. Nýjasta lagið heitir Fýlupúkinn.



**Guðný er gríðarlega eftirsóttur skemmtikraftur.**

Textarnir voru erfiðir í byrjun en lögin hafa alltaf verið ágæt. Textarnir eru að koma líka," segir Guðný María Arnþórsdóttir söngkona en nýjasta lag hennar, Fýlupúkinn, kom út fyrir nokkrum dögum og er þegar komið yfir þúsund spilanir á YouTube. Vinsælasta lagið hennar, Okkar okkar páska, hefur verið spilað 80 þúsund sinnum. Guðný, sem er 63 ára, segir að lagið Fýlupúkinn sé ekki samið um þá Klausturspingmenn sem sátu að sumbli. „Þó maður gæti haldið það eftir fréttum að dæma," segir hún og hlær.

Guðný sló fyrst í gegn með Páskalaginu sínu og er einnig nýbúin að gefa út sitt annað jólalag, Það eru jól, sem rúmlega þrjú þúsund manns hafa horft á og notið. Hún á annað jólalag á lager. „Þetta byrjaði allt með jólalagakeppni Rásar 2. Þannig byrjaði ævintýrið og ég vona að ég sé að verða betri og betri."

Síðan hefur mikill fjöldi laga flætt frá henni og óhætt að segja að hún sé einn afkastamesti listamaður YouTube. Fyrir utan að semja lögin og textana spilar hún á píanó og trommur og jafnvel raddar ef þarf. „Ofan á þetta er ég að troða upp um allt land – sem er trúlega einsdæmi af ömmu."

Velgengnin hefur ekki farið fram hjá neinum og er verið að vinna að heimildarmyndinni Guðný hún María, sem Frosti Jón „Gringó" Runólfsson er að taka. „Hann er byrjaður að skjóta myndina. Mér hefur gengið mjög vel á mjög skömmum tíma og við förum um víðan völl. Trúlega förum við norður líka, heim í Þingeyjarsveit. Þetta er allt saman mjög skemmtilegt eins og lagið – þó það heiti fýlupúkinn."

**benediktboas@frettabladid.is**

**ÞETTA BYRJAÐI ALLT MEÐ JÓLALAGAKEPPNI RÁSAR 2. ÞANNIG BYRJAÐI ÆVINTÝRIÐ OG ÉG VONA AÐ ÉG SÉ AÐ VERÐA BETRI OG BETRI.**

## FÝLUPÚKINN

*Ég ætla að hlæja bara, í dag og skemmta mér,
ekki brosið spara, því er fýla í þér?
Ég ætla að hlæja meira, og leika þessa stund,
bara fallegt heyra, hvað þyngir þína lund?*

*Taktu þína fýlu og frekjuköstin með,
sendu henni grýlu, ofaní tösku treð,
reiðiköstum pakka, ég sakna ekki neitt,
né skammir þínar þakka, og vonsku yfirleitt.*

*Dragðu upp elsku þína, dugnaðinn og þor,
sjáðu kosti þína, sérhvert gæfuspor,
svo fegurð þína sjái, sem ég elska mest,
endalaust og dái, þetta fer þér best.
Ég ætla að hlæja bara, í dag og skemmta mér,
ekki brosið spara, því er fýla í þér?*

*Ég ætla að hlæja meira og leika þessa stund,
bara fallegt heyra, hvað þyngir þína lund?
Fullur eða edrú, í öllu ástandi,
brjálæði þitt er jú, voða þreytandi,
stjórnsemi og gremju, sendu bara burt,
dómhörkunni hentu, það er svo ófagurt.*

*Þú lúkkar mikið betur, svona brosandi,
verður annar maður, líka hlæjandi,
það er ekkert að missa , elsku vinur minn,
ég mun þig síðan kyssa, beint á munninn þinn.*

*Ég ætla að hlæja bara, í dag og skemmta mér,
ekki brosið spara, engin fýla hér,
ég ætla að hlæja meira, og leika þessa stund,
bara fallegt heyra, sem léttir okkar lund.*

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*




KONUR: Skólavörðustígur 7 og Kringlan, Reykjavík; Hafnarstræti, Akureyri. KARLMENN: Skólavörðustígur 16. HEIMA: Skólavörðustígur 12. Haukadalur. Geysir.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR
Davíðs Þorlákssonar



## Heiður himinn fram undan

Þau eru ekki mörg lengur sem neita að loftslag sé að hlýna af mannavöldum og að öll ríki heims verði að taka höndum saman til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Á sama tíma og við öll þurfum að gera okkur grein fyrir alvarleika stöðunnar er margt jákvætt að gerast sem vert er að vekja athygli á. Auk þess sem ríkisstjórnin hefur samþykkt aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030, og sett fjármagn í hana, hefur atvinnulífið ekki látið sitt eftir liggja.

Lítum til þriggja stærstu atvinnugreinanna. Sjávarútvegurinn hefur dregið úr útblæstri fiskiskipa á gróðurhúsalofttegundum um 30% frá 1990. Stóriðjan er sífellt að þróa nýja tækni til að draga úr losun. Þannig hefur losun á hvert framleitt tonn hjá álverinu í Straumsvík t.d. minnkað um 76% frá 1990. Í ferðaþjónustu hefur Icelandair hafið innleiðingu á Boeing 737 vélum sem brenna 37% minna eldsneyti en Boeing 757 vélarnar sem Icelandair hefur að meginstefnu notað hingað til. WOW air notast eingöngu við nýlegar og sparneytnar vélar. En mikilvægasta framlag íslensks atvinnulífs til loftslagsmála er líklega vinna Arctic Green Energy við innleiðingu á hitaveitu til húshitunar í Kína. Allt að 50% loftmengunar í heiminum má rekja til brennslu kola og olíu til hitunar eða kælingar á húsum.

Fleira má nefna. Bílaframleiðendur eru að þróa bíla sem eru sparneytnari og nota nýja orkugjafa. Í samstarfi við bændur og aðra landeigendur mætti endurheimta votlendi og fjórfalda skógrækt. Hnattrænar áskoranir eins og þessar verða bara leystar með áframhaldandi góðu samstarfi atvinnulífs og hins opinbera.











*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.
WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS